

Sofnuðum á  
verðinum

Daníel og Þorbjörg hjá Sam-  
tökunum '78 óttast þróun í  
málum hinsegin fólks. > 28



Saman í gegnum  
súrt og sætt

Unnur Ösp og Vigdís Hrefna  
eru framúrskarandi vinkonur á  
sviði sem í raunheimum. > 32



EMIL  
í Kattholti  
Astrid Lindgren



# FRÉTTABLAÐIÐ

45. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 5. MARS 2022

## Ákvað að elska hann fyrir það sem hann var

Sandra Hlíf Ocares á sér  
litríkan bakgrunn. Allt frá  
föðurnum sem flúði frá  
Chile að hústökuhúsinu  
sem hún gerði upp fyrir  
sig og dæturnar eftir  
skilnað. > 24



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 24 ÁRA AFMÆLI

Lokadagar afmælishátíðar um helgina

ELKO

## Samstaða meðal NATO-ríkjanna er alveg eindregin

ser@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Viðbrögð Atlantshafsbandalagsins vegna innrásar Rússlands í Úkraínu voru í brennidepli á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Brussel í gær. Þórdís Kolbrún Reykjavíkur Gylfadóttir utanríkisráðherra, sem sat fundinn, segir samstöðu bandalagsþjóðanna eindregna.

„Atlantshafsbandalagið sem varnarbandalag er ekki aðili að atökunum,“ sagði Þórdís Kolbrún á fundinum, „en það hefur í ljósi innrásar Rússlands styrkt varnir sínar í þeim bandalagsríkjum sem liggja hvað næst Rússlandi og Úkraínu.“



Þórdís Kolbrún Reykjavíkur Gylfadóttir, utanríkisráðherra

Ráðherra sagði samstöðu ríkjanna um viðbrögðin vera mjög eindregna og það segi sína sögu að tvær nálægar vinnuþjóðir, Finnland og Svíþjóð, starfi nú nánar með bandalaginu en nokkru sinni fyrr.

Utanríkisráðherrar Finnlands og Svíþjóðar tóku einmitt þátt í fundinum í gær, auk utanríkisráðgjafra Evrópusambandsins. ■

## Óskastund við regnboga



Þetta lukkulega par dæmist að glæsilegum regnboga milli skins og skúra í gær þar sem það stóð við tónlistarhúsið Hörpu. Veður hefur ekki verið með besta móti undanfarna daga en í febrúarmánuði var metfjöldi veðurviðvarana miðað við síðustu fjögur ár. Heppnin lék þó við þetta par sem hafði vit á því að staðnæmast um stund og njóta friðsæls augnabliks á mótum rigningar og sólar og jafnvel henda í eina ósk.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Veðurklúbburinn vorkennir öðrum landsmönnum vegna komandi veðurs

benediktboas@frettabladid.is

**VEÐUR** Í fundargerð Veðurklúbbs Dalbæjar frá því í gær kemur fram að veðurspá marsmánaðar hljómi mjög svipað og sú fyrir febrúar. Áfram verður mildasta veðrið á Dalvík. „Á meðan við erum farin að vorkenna suður-, austur- og vesturlutum landsins fyrir þá veðratu sem yfir þá gengur,“ segir í fundargerðinni.

Þar segir enn fremur að Veðurklúbburinn frétti af kindum sem höfðu náð að fela sig í Eldborgarhrauni í Kolbeinsstaðahreppi í mestallan vetur og voru búnar að fá nóg af veðráttunni á þeim slóðum og drifu sig bara heim til að komast í almennilegt skjól. „Enda skall á



Veðurklúbburinn spáir umhleypingum áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

eitthvað leiðinlegasta veður á þeim slóðum í vetur þá um nóttina. Þarna minntu þessar snjóllu skepnur okkur á að þær vita á sig veðrið oft mun betur en við mannfólkið og ættum við því að vera duglegri að læra af þeim,“ segir veðurklúbburinn eftir fundinn. ■

## Uppgangur kallar á miklu fleiri starfsmenn á Vestfirðum

Í dag auglýsir fiskeldisfyrirtækið Arnarlax, sem er með höfuðstöðvar sínar á Bildudal, í atvinnublaði Fréttablaðsins eftir fólki í 37 laus störf. Langflest störfin eru á Vestfjörðum og er því líklega um að ræða mestu fjölgun atvinnutækifæra á Vestfjörðum í áratugi.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Vandinn sem við stöndum helst frammi fyrir og er í raun lúxusvandi, snýr að því skapa nýju starfsfólki og fjölskyldum þess sem bestar aðstæður hvað varðar húsnæði og þjónustu,“ segir Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax, en fyrirtækið auglýsir í atvinnublaðinu eftir fólki í 37 laus störf.

Þar af eru langflest störfin á Vestfjörðum og segir Kjartan að væntanlega sé þetta ein mesta fjölgun atvinnutækifæra á Vestfjörðum í áratugi. „Ég er mjög stoltur af þessum mikla fjölda verðmætra starfa sem fiskeldið er að skapa á Íslandi. Þetta er ung atvinnugrein sem mikilvægt er að skapa góð skilyrði fyrir og við þurfum að horfa til þess hvað við getum gert til að styrkja hana,“ segir hann.

Störfin eru ekki aðeins á Vestfjörðum heldur einnig í Grímsnesi, Ólfusi og Reykjavík, svo að með þessari hópráðningu hyggst fyrirtækið bæta við starfsfólki í fimm aðskildum sveitarfélögum.

„Það er ekki ýkja langt síðan hér voru brothættar byggðir um allt land sem nú standa í blóma,“ segir Kjartan, en eins og kom fram í síðasta ársfjórðungsuppgjöri, námu tekjur fyrirtækisins um fimm milljörðum íslenskra króna á tímabilinu október til desember 2021. Þessi mikli vöxtur kallar á ráðningu fleira



Eftirsótt er að komast í sjódeild Arnarlax.

MYND/ARNARLAX



Það er ekki ýkja langt síðan hér voru brothættar byggðir um allt land sem nú standa í blóma.



Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax

fólks á öllum sviðum fyrirtækisins, en flest störfin sem Arnarlax auglýsir um helgina eru sérfræðistörf.

Jón Garðar Jörundsson, framkvæmdarstjóri viðskiptaþróunar hjá Arnarlaxi, flutti vestur fyrir áratug en hann á ættir að rekja til Bildudals. „Við erum vongóð um

að Íslendingar sæki um og vonum að sem flestir sjái sér fært að vera með okkur í uppbyggingunni,“ segir Garðar.

Hann segir að verkefnið á svæðinu séu mörg og teygji anga sína víða um samfélagið. „Það eru margir brottfluttir og kannski vilja þeir koma heim aftur. Fá starf við hæfi í heimabyggð. Þetta eru fjölbreytt störf. Allt frá sjódeildinni þar sem farið er út að morgni og komið heim að kvöldi, sem hefur verið eftirsótt, upp í mannauðsstjóra og nánast allt þar á milli.“

Hann segir að vöxtur Arnarlax hafi verið mikill og þetta sé ekki í fyrsta sinn sem auglýst sé eftir hópráðningu, þó að þetta sé sú stærsta. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við auglýsum eftir mörgu fólki en þetta er trúlega metið. En þetta er spennandi og margir hjá okkur í dag sem hafa komið vestur í vestfirsku kyrrðina enda er frábært að ala hér upp börn og frábært svæði. Ég þekki það af eigin raun,“ segir Jón Garðar. ■

## Kæru Hafnfirðingar

Drífið ykkur út í lægðina og kjósið mig í 3. sæti. Ég mun endurgjalda ykkur traustið.

3. sæti  
GUÐBJÖRG  
ODDNY

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.  
Kosið í dag á Norðurbakka kl. 10–18



TOYOTA HILUX

# ÞJARKUR BÚINN ÞÆGINDUM

MEÐ AFKASTAMEIRI VÉL  
OG MEIRI DRÁTTARGETU



Verð frá: 7.470.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA  
BIFREIÐATEGUNDIN  
Á ÍSLANDI  
**32**  
ÁR Í RÖÐ

Kaupuki við aukahlutina þína að verðmæti

# 618.000 kr.

Þú kaupir aukahluti\* að eigin vali  
fyrir að lágmarki 300.000 kr. og  
færð aukalega 33" breytingu,  
heilsársdekk og felgur.

TOYOTA TRYGGINGAR  
váttryggt af TM



Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. \*Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

# Ekki sést annar eins húsnæðisskortur í mjög langan tíma

ser@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Útlit er fyrir að atvinnu- markaðurinn á Íslandi verði í spennitreyju á næstu árum, en þar fer saman gríðarlegur skortur á vinnuafli og meiri hörgull á húsnæði en þekkt hefur um áratuga- skeið.

„Það þarf heldur betur að spýta í lófana,“ segir Ari Klængur Jónsson, doktor í mannfræðisfræðum við Háskóla Íslands. „Innviðirnir eru ekki eins sterkir og þeir þyrftu að vera,“ segir hann og bendir á

að eklan á húsnæðismarkaði rími engan veginn við þær þúsundir sem vanti af erlendu vinnuafli, en það fólk eigi í engin hús að venda. „Okkur vantar tólf þúsund manns til vinnu sem er eins og tveir og hálfur fæðingarárgangur af börnum.“

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, sagði í blaði gærdagsins að atvinnugreinin þyrfti nú á meira erlendu vinnuafli að halda en fyrir faraldurinn, en ekkert húsnæði væri að finna fyrir það fólk.



Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur SI


„Það hefur ekki sést annar eins húsnæðisskortur í langan tíma,“ segir Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur Samtaka iðnaðarins. „Það eru ekki nema riflega 440 íbúðir til

sölu núna á höfuðborgarsvæðinu og dugir til að mæta eftirspurn í 20 daga. Það er allt framboðið. Sérstaklega hefur dregið úr framboði nýrra íbúða en þær eru nú rétt um 70,“ bendir hann á og segir opinbera aðila hafa vanmetið íbúafjölgun í landinu á síðustu árum.

„Þörf er fyrir 4.000 nýjar íbúðir á ári, en framboðið er langt undir því. Það vantar nýtt land undir byggingar. Það er flöskuhalsinn og ábyrgðin í þeim efnunum er hjá sveitarfélögum. Of mikil áhersla hefur verið á að þetta byggð og og

of lítil á að brjóta nýtt land undir byggð. Það þarf líka að einfalda regluverk og stytta þannig byggingartíma,“ segir Ingólfur.

Hann segir yfirsýn vanta í húsnæðisuppbýggingu á landinu, forkólfar borgar jafnt sem bæja hugsi málin hver í sínum ranni, en binda megi vonir við nýtt innviðaráðuneyti í þeim efnunum. Einnig segir hann að Mannvirkjaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar muni gefa talsvert betri tölulega yfirsýn en áður hefur sést á þessum markaði. ■



Embættið var stofnað til að taka á óeðlilegum samskiptum í íþróttum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hundruð mála komin inn á borð samskiptaráðgjafa

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsmála hafa borist 103 tilkynningar á þeim tveimur árum sem hann hefur starfað, þar af 38 vegna kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis. Þetta kemur fram í greinargerð mennta- og barnamálaráðuneytisins með frumvarpsdrögum að breyttum lögum um Samskiptaráðgjafa.

Embættið var stofnað til þess að einstaklingar og félög gætu fengið ráðgjöf vegna allra óeðlilegra samskipta í íþróttum eða æskulýðsstarfi. Í dag gegnir því Sigurbjörg Sigurpáldóttir sálfræðingur. Aðstoðin er að kostnaðarlausu og ríkir þagnarskylda á ráðgjafa um samskiptin.

Tilkynningum fjölgaði mikið milli ára, árið 2020 voru þær 24 en 79 árið 2021. Tilkynningum um kynferðislega áreitni eða ofbeldi fjölgaði úr 8 í 30 og eru rúmlega þriðjungur.

Árið 2021 voru þrettán tilkynningar vegna eineltis, ellefu vegna samskiptavanda, tíu vegna óæskilegrar hegðunar og fjórar vegna líkamlegs ofbeldis. ■

# Vonbrigði hversu illa hefur gengið að hreinsa göturnar í höfuðborginni

Aukning er í tjónatilkynningum bifreiðaeigenda vegna ástandsins á vegum landsins, en holur í malbiki eru að leika öikumenn grátt.

benediktarnar@frettabladid.is

**VEGAMÁL** Það má segja að snjó- koman undanfarnar vikur hafi komið Íslendingum í opna skjöldu og hafa bæði bifreiðaeigendur og gangandi vegfarendur komið illa undan snjónum.

„Veðurminni Íslendinga er reyndar skammt,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, í samtali við Fréttablaðið. „Það er ekki eins og það sé að koma okkur í opna skjöldu að það geti komið svona tíð eins og er nú.“

Hann segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með hversu illa hefur gengið að hreinsa göturnar. „Við höfum síðan ár þar sem við komum mjög vel undan vetri og það ætti þá að skapa borð fyrir báru til að auka þjónustuna þegar aukinnar þjónustu er þörf. Ég verð að viðurkenna að það hefur valdið vonbrigðum hversu illa hefur gengið að hluta að hreinsa borgina til dæmis og höfuðborgarsvæðið. Við höfum heyrt þetta sama um kaflana í nágrenni höfuðborgarinnar eins og Hellisheiði til dæmis.“

Þá bendir hann á að þetta hafi víðtæk áhrif á samfélagið. „Það sem við erum að upplifa núna er að fólk er að verða fyrir miklum persónulegum skaða út af ástandinu. Borgin verður líka fyrir skaða, þetta dregur úr vinnuframlagi og eykur kröfu á veghaldarann, sem er borgin að ein-



Malbik hefur farið illa undan vetri og holur gera öikumönnu- um víða grikk. FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI



Það er spurning hvort menn hafi einhvers staðar á leiðinni ekki alveg hugsað hlutina í botn.



Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda



Eva Laufey Kjaram, sjónvarpskokkur

búnað og mannskap til að sinna þessu.“

### Fjölgun tjónatilkynninga

Sjónvarpskokkurinn Eva Laufey Kjaram Hermannsdóttir er ein af mörgum landsmönnum sem hafa lent í tjóni vegna ástandsins.

„Ég bara lenti í svona holu, einni af mörgum á veginum á leiðinni upp á Akranes þar sem ég bý,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. „Það fóru tvö dekk og það er núna verið að skoða bilinn, sem fór í viðgerð.“

Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri hjá Vátryggingafélagi Íslands, segir að það sé aukning í tjónatilkynningum.

„Já, það hefur verið aukning. En í sjálfu sér ekki veruleg aukningu miðað við tíðarfarið undanfarnar vikur,“ segir hún. ■



## 100% RAFMÖGNUM ÍTÖLSK HÖNNUN

FIAT 500e ER FYRSTI FALLEGI RAFMAGNSSMÁBÍLLINN.

SJÓN ER SÖGU RÍKARI

TÍMALAUS ÍTÖLSK HÖNNUN MEÐ ALLT AÐ 433 KM DRÆGNI.

# Þetta er of gott til að fara í vaskinn!



Sjálfvirk háuljós

ABS hemlar

Bakkmyndavél

Leðurklætt aðgerðastýri

Ljós- og regnskynjari

Hiti í framsætum

Tvískipt miðstöð

Gaumljós við nauðhemlun (ESS)

Hraðastillir og hraðatakmarkari

Loftþrýstingsskynjarar (TPMS)

Hleðslutengi fyrir heima- og hraðhleðslu

Akreinavari (LDW)

Tveir USB tenglar

Lyklalaust aðgengi og ræsing

Neyðarhemlun með árekstrarvörn (FCM)

Skriðvörn

Ofi. ofi.

## Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!\*

Með nýjum samningum við Mitsubishi Motors er okkur nú kleift að fella niður andvirði virðisauka-skattsins sem settur var um áramótin á tengiltvinnbíl. Því býður Hekla ákveðinn fjölda bíla á 2021 verðinu frá **5.490.000 kr.** Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn fjórhjóladrifinn **Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl** með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.



**Eclipse Cross PHEV 4x4  
Invite**  
~~5.970.000 kr.~~  
**5.490.000 kr.**

**Eclipse Cross PHEV 4x4  
Intense**  
~~6.370.000 kr.~~  
**5.890.000 kr.**

**Eclipse Cross PHEV 4x4  
Instyle**  
~~6.770.000 kr.~~  
**6.290.000 kr.**

Veldu uppáhaldsbilinn og taktu hann frá á [www.mitsubishi.is/eclipse](http://www.mitsubishi.is/eclipse)

**Eclipse Cross PHEV 4x4** 

# Margir Íslendingar í vandræðum með að kaupa hús á Spáni

arib@frettabladid.is

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Ásókn Íslendinga í hús á Spáni er aftur komin á svipað ról og fyrir Covid-19 faraldurinn. Hefur nú borið á því að fólk lendi í vandræðum í tengslum við húsa kaup þar syðra. „Það eru alltaf nokkrir í hverjum mánuði sem hafa samband við mig vegna vandræða, það er núna komið á sama stað og fyrir faraldurinn,“ segir Sigurður Oddur Sigurðsson, fasteigna-

sali hjá Sumareignum. Ástæðurnar eru margvíslegar. „Það geta verið lánamálín, bankar á Spáni eru ekki alltaf hrifnir af því að lána fólk sem er með tekjur í íslenskum krónum, það er líka eitthvað sem fasteignasalar á Spáni þekkja ekki til.“

Vandamálín tengjast líka fasteignumhverfinu þar sem sé töluvert öðruvísi en hér á landi. „Það þarf ekki að vera löggildur fasteignasali til að selja eignir á Spáni, það eru mörg dæmi um að fólk hafi



Sigurður Oddur Sigurðsson, fasteignasali hjá Sumareignum

lent á einhverjum sem veit ekkert um sölu fasteigna til Íslendinga og vita ekki hvaða gögn þurfa að liggja fyrir til að selja fasteign.“

Sigurður veit um mörg fleiri dæmi þar sem gögn hafa ekki verið klár til að hægt væri að þinglýsa kaupsamningi. „Þá er fólk kannski komið út, búið að taka fri til að vera í húsinu en ekkert er klárt til að ganga frá. Þetta er auðvitað mjög leiðinlegt og kostnaðarsamt að þurfa síðan að redda sér öðru húsnæði á meðan beðið er eftir að leyst sé úr málum, en það getur tekið mjög langan tíma að leysa pappírsmál og öll mál hér á Spáni.“

Róttin að þessum vanda sé mikið til sú myta að ódýrara sé að kaupa af erlendum fasteignasölum. „Það eru allir að selja á sama verði, ég veit ekki hvaðan það kemur.“

Sigurður telur að hátt í tvö þúsund Íslendingar eigi hús á Spáni, flestir séu lífeyrisþegar en nú sé mikið af yngra fólki byrjað að kaupa fasteignir ytra.

„Það getur þá unnið heima í gegnum netið, þá er alveg hægt að búa á Spáni.“ ■



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bjarni hafnar hugmynd um sölu í Landsvirkjun

bth@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** „Sala Landsvirkjunar er ekki á dagskrá og verður ekki meðan ég er í fjármálaráðuneytinu,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra.

Á sömu línu eru aðrir í þingflokki Sjálfstæðisflokksins sem Fréttablaðið hefur rætt við. Haraldur Benediktsson segir að sala Landsvirkjunar sé ekki á dagskrá hjá Sjálfstæðisflokki og Diljá Mist Einarsdóttir segist ekki styðja hugmyndir um sölu hlutar í fyrirtækinu.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, lýsti í Fréttablaðinu þeirri skoðun að vel kæmi til greina að selja 30-40 prósent í Landsvirkjun til lífeyrissjóða. Hún hefur síðan birt grein í Morgunblaðinu þar sem hún svarar gagnrýni á samfélagsmiðlum vegna orða sinna. Þar hafnar Guðrún því með öllu að hún vilji einkavæða fyrirtækið.

Bæði Katrín Jakobsdóttir, formaður VG og forsætisráðherra, og Sigurður Ingi Jóhannesson, innviðaráðherra og formaður Framsóknarflokksins, hafa sagt að sala á hlut ríkisins í Landsvirkjun komi ekki til greina. ■

# Börnum á flóttu hefur fjölgað mikið en fjármagnið hefur ekki fylgt með

Fimm sveitarfélög sem taka við flóttafólki vilja semja tafarlaust við ríkið vegna kostnaðar við menntun og frístundir flóttabarna. Fjöldi þeirra hefur hækkað úr 149 í 380 frá árinu 2019.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Fjöldi barna á flóttu hefur stóruka á undanförunum tveimur árum. Fimm sveitarfélög með samning við ríkið um móttöku, aðstoð og þjónustu við flóttafólk krefjast þess að samið verði upp á nýtt og kostnaður við menntun og frístundastarf barna tekið inn í reikninginn, sem er ekki í dag.

Umrædd sveitarfélög eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Árborg og Akureyri. Árið 2019 voru 149 börn með stöðu flóttafólks í þessum sveitarfélögum, en árið 2021 voru þau orðin 380. Það er vel rúmlega tvöföldun á tveimur árum.

Bróðurparturinn, 276 börn, er í Reykjavík. Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, segir ástæðu þessarar miklu fjölgunar meðal annars vegna fjölskyldusameiningar. Búast megi við að talan hækki, til að mynda vegna komu Úkraínanna.

„Við erum þjód sem viljum og eigum að taka við þeim sem standa höllum fæti,“ segir Helgi. „Við stöndum líka frammi fyrir þeirri áskorun að tryggja að við getum veitt börnunum þann aðbúnað að fyrstu skrefin í okkar samfélagi verði traust og farsæl.“

Í samningum ríkisins við sveitarfélög vegna kvótaflóttafólks, árin 2013 til 2017, var greitt fyrir ýmislegt tengt menntun, svo sem tülkaþjón-



Sum flóttabörn eru ólæs og hafa aldrei stigið inn í skólabyggingu áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þetta snýst ekki um að kenna þeim um Gilitrutt og beygingu núþálegra sagna.



Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

ustu, sálfræðiþjónustu, grunngjald í leikskóla og fleira. Þetta var ekki í þjónustusamningum sem seinna voru undirritaðir vegna flóttafólks.

Helgi segir málið ekki aðeins snúast um skóla og frístundir, heldur að öllu því samfélagi sem við bjóðum

börnum upp á, svo sem þátttöku í íþróttum og tómstundum.

Hann segir að það verði verðugt verkefni að taka á móti úkraínskum börnum, sem séu líklega mörg hver í áfalli eftir atburði liðinna daga og vikna. Aðlögun ætti hins vegar ekki að reynast þeim jafnerfið og mörgum öðrum.

„Við höfum mestar áhyggjur af börnum sem þekkja ekki skóla. eru jafnvel orðin 15 ára gömul en hafa aldrei stigið fæti inn í skólabyggingu,“ segir Helgi. Þetta eru til dæmis flóttabörn sem hafa komið frá Afganistan. Í mörgum tilvikum ólæs og óskrifandi og jafnvel for- eldrar þeirra líka.

„Þetta snýst ekki um að kenna þeim um Gilitrutt og beygingu núþálegra sagna. Heldur um tilfinningalega og félagslega móttöku sem krefst mun meira en þess sem gert er í hefðbundnu skólasterfi,“ segir hann.

Það eru mikil viðbrigði að koma til Vesturlanda þar sem er ofur- áhersla á menntun og hér á Íslandi

hefur verið lögð sérstaklega mikil áhersla á þátttöku barna í íþrótt- eða tómstundastarfi. Ekki sé hægt að setja þessi börn beint inn í bekk heldur þurfi mikla og kostnaðarsama aðlögun. Hún geti varað allt frá vikum og upp í nokkur ár. Mest krefjandi verkefnið fyrir skólana er að fá 15 ára ólæs og ómenntað barn í hendurnar og gera það að ábyrgum og virkum samfélagsþegni.

Aðspurður um kostnaðinn sem upp á vantar, segir Helgi að hann hafi ekki verið reiknaður út, og sé sjálf sagt breytilegur eftir tímanum og hvaðan flóttamannastraumurinn komi. Þó væri æskilegt að styð- ast við útreikninga úr kvótaflóttamannasamningnum.

Á miðvikudag funduðu fulltrúar með Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra, og kom fram ríkur vilji til að leysa vandann. Fleiri ráðuneyti þurfi hins vegar að koma að. Helgi segir brýnt að leysa úr þessu í vor svo að hægt sé að standa við skuldbindingar fyrir upphaf næsta skólaárs. ■

## Söngskemmtun


### Söngvar hjartans

Karin Torbjörnsdóttir 25. mars kl 20.00  
Elena Postumi í Norðurljósum



ÍSLENSKA ÓPERAN





20%  
af inniplöntum  
og pottum

# Blómamarkaður

4. - 6. mars

Full búð af fallegum blómabúntum á frábæru verði.

Úrval af blómstandi plöntum, vorlaukum og  
fræjum sem styttu biðina eftir vorinu

— ★ ★ ★ —



Ferskar hugmyndir  
fyrir feringuna

20% afsláttur af öllum  
feringarvörum  
gegn framvisun  
feringarbréfsins.



Vorlaukarnir  
komnir



GARÐHEIMAR

opið alla daga 10 - 21 & allan sólarhringinn á [gardheimar.is](http://gardheimar.is)



## Áslaug Hulda 1. sæti

Ég óska eftir því að skipa áfram 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins. Í rúman áratug hef ég verið bæjarfulltrúi, fyrst sem forseti bæjarstjórnar og síðustu átta ár sem formaður bæjarráðs Garðabæjar.

Okkur hefur gengið vel í Garðabæ. Við stefnumótun og ákvarðanatöku hafa grunngildi sjálfstæðisstefnunnar um valfrælsi bæjarbúa og lágur álögur verið í forgrunni og við förum vel með fjármuni. Sterk fjárhagsstaða er grunnurinn að góðri þjónustu.

**Við byggjum á góðum grunni en við getum gert betur!**

Ég hef þekkinguna, reynsluna og kraftinn til að leiða öflugan framboðslista Sjálfstæðisflokksins til sigurs í vor. Ég vil halda áfram að vinna að því að Garðabær verði framúrskarandi og eftirsóknarverður staður til að búa á.

Ég óska eftir þínum stuðningi í 1. sæti í prófkjörinu í dag.

*Áslaug Hulda Pálsson*

aslaughulda.is



Á Grundarheimilunum búa að jafnaði tæplega 400 manns. Ætla mætti að 40 til 80 heimilismenn hefðu látist þar úr Covid á fyrstu þremur mánuðum faraldursins ef ekki hefði komið til heimsóknabanns.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

## Heimsóknabannið bjargaði fjölda mannlífa hér á landi

Ný rannsókn sýnir að ef ekki hefði komið til heimsóknabanns á dvalar- og hjúkrunarheimilum hér á landi í upphafi farsóttarinnar, hefðu 10 til 20 prósent heimilismanna látist úr Covid-19

ser@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Ef heimsóknabann á dvalar- og hjúkrunarheimilum hér á landi hefði ekki tekið gildi í upphafi kórónaveirufaraldursins á útmánuðum 2020 hefði dánartíðni fólks orðið margfalt meiri en hún varð í raun.

Þetta er meginniðurstaða rannsóknar á hagkvæmni heimsóknabanns á dvalar- og hjúkrunarheimilunum Grund og Mörk í Reykjavík og Ásí í Hveragerði, á tímabilinu frá mars 2020 til maí sama ár, en þar dvelja að jafnaði tæplega 400 manns.

„Niðurstöðurnar tala sínu máli – og það mjög skýrt,“ segir Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna og einn skýrsluhöfundar. „Við misstum engan úr Covid-19 á þessu tímasteiði – og ég þakka það heimsóknabanninu, en ef við hefðum ekki gripið til þessa ráðs má ætla að minnst 40 og allt að 80 manns á heimilunum hefðu látist af völdum farsóttarinnar á þessu þriggja mánaða tímabili þegar hún lagðist af fullum þunga á samfélagið,“ segir Gísli Páll.

„Þetta er í samræmi við dánartíðni fólks á erlendum hjúkrunarheimilum,“ bendir hann enn fremur á „en þar létust á milli 10 og 20 pró-



Við þurftum að setja ákveðna virðistölu á gæði sem eiga sér ekki markaðsverð, það er að segja mannlíf og heilsu.



Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor í hagfræði

sent heimilismanna úr Covid-19 á þessum tíma þar sem óheftar heimsóknir aðstandenda og annarra voru áfram leyfðar.“

Hann segir niðurstöðu rannsóknarinnar ekki hafa komið sér á óvart. „Ég hafði allan tímann frá upphafi faraldursins tilfinningu fyrir því að algert heimsóknabann væri bæði skynsamlegt og hagkvæmt, en ég gat ekki sannað það,“ segir Gísli Páll. „Þess vegna afréðum við að hefja rannsókn á áhrifum heimsóknabannsins og byggja hana á gefnum forsendum og staðreyndum.“

Auk Gísla Páls unnu hagfræðingarnar Bergþóra Þorvaldsdóttir, Guðný Halldórsdóttir og Þórolfur Matthíasson að rannsókninni, svo og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, pró-

fessor við hagfræðideild Háskóla Íslands.

„Það sem er hvað áhugaverðast við þessa rannsókn,“ segir Tinna Laufey „er að við þurftum að setja ákveðna virðistölu á gæði sem eiga sér ekki markaðsverð, það er að segja mannlíf og heilsu, en jafnframt að skoða vægi félagslegra samskipta,“ bætir hún við. „Í þessu tilviki erum við í raun og sann að kaupa líf og heilsu og borga fyrir með félagslegum samskiptum,“ útskýrir hún betur.

„Hagfræðilega niðurstaðan er sú að þessar róttæku aðgerðir á dvalar- og hjúkrunarheimilunum margborguðu sig í fyrstu bylgju faraldursins með þjóðina óbólu-setta, í kringumstæðum þar sem engar áhrifaríkar leiðir þekktust til að takast á við sjúkdóminn,“ segir Tinna Laufey.

„Í reynd var spurningin þessi á vormánuðum 2020,“ segir Gísli Páll, „hvað hefði fólk vilja borga það dýru verði að fá að heimsækja ástvini sína áfram?“

Hann bendir að lokum á að menn megi ekki gleyma aðstæðum hér á landi við upphaf faraldursins, en þá hafi fátta annað verið ljóst en að veiran legðist hvað verst á aldrada. Á þeim tímamarki hafi fá lyf, önnur en verkjalyf og súrefnisgjöf verið tiltæk. Það hafi verið á grundvelli þessara takmörkuðu upplýsinga sem ákveðið var að grípa til heimsóknabanns á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

„Og það var eins gott að við gerðum það. Rannsóknin sýnir það glögg,“ segir Gísli Páll Pálsson. ■

## Margir óánægðir vegna Tónatraðar þótt fækkað hafi um fjölbýlishús

bth@frettabladid.is

**SKIPULAGSMÁL** Meirihluti skipulagsráðs Akureyrarbæjar hefur samþykkt að heimila verktakafyrirtækinu SS Byggi að vinna tillögu að deiliskipulagsbreytingu vegna fjölbýlishúsa við Tónatröð. Fjögur hús verði reist í stað fimm.

Mjög hefur verið tekist á um hina fyrirhuguðu framkvæmd, á brekkubrúnni skammt frá Sjúkrahúsinu. Stærð, lögur og útlit húsanna er að sögn óánægðra íbúa í hverfinu ekki í samræmi við hverfismynd auk þess sem ferlið í heild hefur legið undir ámæli.

Jákvæð umsögn hefur borist um jarðvegshluta framkvæmdanna. Í minnisblaði Geotek vegna málsins segir að hætta á skriðuföllum sé



Hinar umdeildu fyrirhuguðu framkvæmdir.

MYND/YRKI ARKITEKTAR

engin. Með tilkomu fyrirhugaðra mannvirkja verði vatnssöfnun neðan við svæðið enn minni en fyrir vegna tilkomu fráveitukerfa fyrirhugaðra bygginga. Hildur Friðriksdóttir er í hópi íbúa sem hafa barist gegn húsunum. „Það er í sjálfu sér

enginn varnarsigur fölginn í því að húsunum sé fækkað um eitt,“ segir Hildur og bætir við;

„Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að þetta skipulagsslys verði að veruleika.“ ■



# Kjóstu bestu útkomuna

Náðu jafnvægi í rekstri  
með bókhaldi í áskrift



Business Central er bókhaldskerfi sem heldur utan um starfsfólkið, viðskiptavinina, fjárhaginn, birgðirnar, innkaupin, söluna – og hreinlega allt það sem fyrirtækið þarf á að halda!  
Með fjölmörgum viðbótarlausnum útbúum við sérsníðið kerfi sem uppfyllir allar þínar kröfur.

Kynntu þér bókhaldslausnir Wise á [wise.is](https://wise.is) og reiknaðu dæmið.



# Popúlistar í vandræðum eftir innrás Rússa

Klúðurslegar fordæmingar þjóðernispopúlísta á Vesturlöndum bera vott um þau vandræði sem flokkarnir eru í. Próffessor segir innrás Rússa hafa grebreytt landslaginu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Þjóðernispopúlístar í Vestur-Evrópu, Austur-Evrópu og Ameríku eru í meiri háttar vandræðum eftir innrás Rússa í Úkraínu, samkvæmt Eiríki Bergmann, próffessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst. Þjóðernispopúlísmi nútímans hafi gengið einna lengst í Rússlandi. Pútín hefur hingað til verið eins konar leiðtogi margra slíkra afla úti um heim og fyrirmynd, en nú standa þeir frammi fyrir því að þurfa að fordæma hann, sumir af veikum mætti þó.

„Að minnsta kosti til skamms tíma munu þessir flokkar eiga mjög erfitt með að fóta sig. Það eru þættir í þeirra pólitík sem að hluta til valda þessum hörmungum,“ segir Eiríkur. „Innrásin þjappar saman meginstraumsöflum á Vesturlöndum. Þá verður þetta barátta milli þjóðernissinnaðrar valdbodshyggju, sem Pútín fer fyrir, og vestræns, frjálslynds lýðræðis.“

Í einna mestum vandræðum er Marine Le Pen, formaður Þjóðfylkingarinnar í Frakklandi. Forsetakosningar fara fram í júní og miðað við skoðanakannanir ætti hún að komast í aðra umferð. Le Pen hefur hins vegar sterk tengsl við Vladímír Pútín Rússlandsforseta.



Eiríkur Bergmann, próffessor við Háskólann á Bifröst

„Ég tel að allir dáist að herra Pútín á vissan hátt, en satt best að segja finnst mér það sem hann hefur gert vítavert,“ sagði Le Pen eftir innrásina.

Matteo Salvini, leiðtogi Norðurbandalagsins á Ítalíu, fordæmdi árástina einnig, en með jafnvel veik-

ari hætti en Le Pen. „Ég segi ávallt nei við stríði og ávallt já við lífi,“ sagði Salvini, en nefndi Pútín ekki á nafn.

Tino Chruphalla, leiðtogi AfD í Þýskalandi, fordæmdi árástina á sunnudag en sagði að ekki mætti kenna Rússum alfarið um stríðið. „Við megum ekki gleyma framlagi Rússlands til Evrópu og Þýskalands,“ sagði hann.

Eiríkur segir þjóðernispopúlísta standa á einskismannslandi og hafi glatað rými sínu. Með því að fordæma Pútín séu þeir um leið á ákveðinn hátt að fordæma þá pólitík sem þeir hafi sjálfir stundað í

Tengsl Marine Le Pen og Vladímír Pútín eru óþægileg fyrir hana í aðdraganda frönsku forsetakosninganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

til dæmis í Póllandi og Ungverjalandi, en átökin ógna þeim meira. Eiríkur segir að umræða hafi verið í gegnum tíðina um hvort þessi lönd slíti tengslum við vestríð og stilli sér upp með Rússum, en árástin breytti öllu.

„Þeim er stillt upp við vegg og verða að velja,“ segir Eiríkur og þeir geti ekki annað en staðið með Atlantshafsbandalaginu og Evrópusambandinu gegn Rússum.

Aðspurður um afstöðu þjóðernispopúlískra afla til Atlantshafsbandalagsins, segir Eiríkur það ekki hafa verið jafn neikvætt og til Evrópusambandsins. Þó að þessi öfl séu heilt yfir á móti alþjóðavæðingu séu þau þó nokkuð höll undir mikinn hernaðarviðbúnað.

Popúlísku flokkarnir gangi hvað harðast fram í sinni pólitík á friðsamlegum tímum en þegar raunveruleikinn banki upp á hrökklist þeir til baka. Þetta hafi til dæmis gerst eftir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Útgönguhreyfingar í Danmörku, Frakklandi, Ítalíu og víðar bökkðu að miklu leyti eftir hana.

Fyrstur á sviðið til að lýsa aðdáun sinni á Pútín eftir árástina var Donald Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseti. Eiríkur segir að innrásin gæti reynst honum erfið í tilraunum sínum til að ná aftur völdum. Repúblikanaforystan hafi þegar fordæmt innrásina og þingkosningar eru í haust. „Eflaust verða ummæli Trumps ekki til vinsælda fallin þegar eftirleikur stríðsins kemur í ljós,“ segir Eiríkur. ■

## Aðalfundur Sýnar hf.

Aðalfundur Sýnar hf. verður haldinn föstudaginn 18. mars 2022 kl. 15:00. Fundurinn verður rafrænn og honum streymt frá Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, en hluthafar sem það kjósa eru jafnframt velkomnir á fundarstað.

### Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2021
4. Tillaga um lækun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
5. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins, sem felur í sér:
  - a) Að lækka hlutafé félagsins vegna kaupa á eigin hlutum.
  - b) Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.
6. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár.
9. Kosning stjórnar félagsins.
10. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
11. Kosning endurskoðenda félagsins.
12. Önnur mál löglega upp borin.

### Aðrar upplýsingar:

Stjórn Sýnar hf. hefur ákveðið að aðalfundurinn verði rafrænn, þ.e. hluthafar munu taka þátt í fundinum með rafrænum hætti gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM. Rafræn þátttaka mun því jafngilda mætingu á fundinn og veita þátttöku í honum að öðru leyti.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja fundinn, hvort sem þeir ætla að mæta á fundarstað eða fylgjast með fundinum í vefstreymi, þurfa að skrá sig til að nálgast aðgangsupplýsingar á vefsvæðinu: [lumiconnect.com/meeting/syn](https://lumiconnect.com/meeting/syn) Skráning fer eingöngu fram með þessum rafræna hætti. Hluthafar eru beðnir um að skrá sig tímanlega á fundinn og eigi síðar en kl. 18:00 þann 17. mars 2022, daginn fyrir fundardag, þar sem ekki er hægt að tryggja aðgang að fundinum berist skráning eftir þann tíma.

Þeir sem skrá sig til fundar með rafrænum hætti fá aðgang að streymi af fundinum, geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar. Aðkvæðagreiðsla á fundinum mun eingöngu fara fram í gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á fundarstað eða taka þátt með rafrænum hætti, geta greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM á tölvu eða spjaldtölvu. Nánari upplýsingar um skráningu á fundinn og rafræna þátttöku verður að finna á heimasíðu félagsins: [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur)

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn á slóðinni: [lumiconnect.com/meeting/syn](https://lumiconnect.com/meeting/syn)

Endanleg dagskrá og tillögur stjórnar eru birtar í kauphöll samhlíða fundarboði þessu.

Skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur). Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt að mestu leyti á íslensku.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Sérstök tilnefningarnefnd hefur verið að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmæti hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að eftirfarandi framboðendur, í stafrófsróð, verði kosnir í aðalstjórn félagsins á aðalfundi: Hjörleifur Pálsson, Magnús Geir Þórðarson, Páll Gíslason, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir og Sesselía Birgisdóttir. Jafnframt leggur nefndin til að þau Óli Rúnar Jónsson og Salóme Guðmundsdóttir verði kjörin til setu í varastjórn.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 15 sunnudaginn 13. mars 2022. Framboð skulu berast á netfangið: [tilnefningarnefnd@syn.is](mailto:tilnefningarnefnd@syn.is)

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri til að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 15 sunnudaginn 13. mars 2021 og ber að skila framboðum á netfangið: [tilnefningarnefnd@syn.is](mailto:tilnefningarnefnd@syn.is). Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Allar nánari upplýsingar verður að finna á heimasíðu félagsins [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur). Aðalfundur og helstu fundargögn verða á íslensku.

Stjórn Sýnar hf.

# Framtalið þitt er opið til staðfestingar

**Viðskiptavinir eru eindregið hvattir til að afgreiða sig sjálfir með rafrænum hætti. Einnig er unnt að hringja og fá aðstoð eða senda tölvupóst.**



## Upplýsingar á framtali

Framtalið er með árituðum upplýsingum og því er skilað í gegnum þjónustuvef Skattsins **skattur.is**. Áriðandi er að fara vel yfir upplýsingarnar og athuga hvort eitthvað vanti. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.



## Innskráning á skattur.is

Unnt er að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum eða veflykli Skattsins. Rafræn skilríki getur þú nálgast í þínum banka eða hjá Auðkenni. Ef þú átt ekki veflykil getur þú sótt um hann á þjónustuvefnum **skattur.is** og fengið hann sendan í heimabanka eða á lögheimili.

**Skilafrestur er til 14. mars**

## Við veitum aðstoð

### Símabjónusta í 442-1414

Starfsfólk Skattsins veitir þjónustu virka daga frá kl. 09:00 til 15:30 í síma 442-1414 meðan á framtalsfresti stendur.

### Pantaðu símtal - við hringjum í þig

Hægt er að panta símtal á vefsíðu okkar **skatturinn.is** og við hringjum í þig!

### Sendu okkur tölvupóst

Þú getur líka sent okkur tölvupóst á pósthfangið **framtal@skatturinn.is**.



**Ekki er veitt framtalsaðstoð á starfsstöðvum Skattsins.**

# Erlendu fólki á Íslandi fjölgað tífalt á tveimur áratugum



Björn  
Þorláksson  
bth  
@frettabladid.is

Ekki er sjálfgefið að Ísland geti án fyrirhafnar falast eftir vinnuafli að utan í framtíðinni, að sögn fræðimanns. Hrun í fæðingartíðni rakið til breytinga á foreldrahlutverkinu. Erlent vinnuafli ómetanlegur virðisauki seinni ár, að sögn fyrrverandi ráðherra.

**SAMFÉLAG** Sú breyting hefur orðið á fæðingartíðni landsmanna að Íslendingar eignast ekki aðeins færri börn en áður, íslenskar konur eignast líka börnin síðar á æviskeiðinu. Áður var fæðingartíðni hæst í aldurshópnum 20-24 ára og 25-29 ára. Nú verða flestar fæðingar í aldurshópnum 30-34 ára. 18 sinnum færri börn mæðra undir tvítugu fæðast nú en á sjöunda áratugi síðustu aldar, samkvæmt gögnum frá Hagstofnunni. Hrun í fæðingartíðni er ein meginskýring þess að Ísland hefur þurft að reida sig á vaxandi umfang erlends vinnuafli.

## Áhrifin ekki enn komin fram

Samkvæmt skýrslu frá Samtökum atvinnulífsins stefnir í að fjórði hver starfsmaður á íslenskum vinnu-markaði verði af erlendu bergi brotinn. Ari Klængur Jónsson, doktor í lýðfjöldafræðum við Háskóla Íslands, segir að fæðingartíðnin innanlands, 1,7 seinni ár, þýði að landið viðhaldi ekki mannfjölda. Þess vegna þurfi innflytjendur að fylla upp í tómið á atvinnu-markaði.

„Við erum enn ekki af fullum þunga farin að finna fyrir áhrifum þessara breytinga á samfélagið,“ segir Ari.

Hann segir að mjög stórir fæðingarárgangar hafi orðið hér á landi um miðja síðustu öld. Þessi hópur sé nú kominn á eftirlaun. Mannfjöldapíramídi Íslendinga þyngist á toppnum en visni að neðan.


Sem dæmi um umskiptin megi nefna að skömmu fyrir aldamótin 2000 voru aðeins um tvö prósent landsmanna erlendir ríkisborgarar. Nú séu þeir nálægt 20 prósentum, tífalt fleiri.

Ari segir að þörf vinnu-markaðarins hafi að mestu stjórnað straumi innflytjenda hingað til lands, ráðið því hverjir og hve margir koma hingað. Fyrst komi karlmenn, svo konur í auknum mæli. Með þeirri breytingu að Pólland gekk í ESB hafi orðið auðveldara fyrir Pólverja að koma hingað.

En þótt Ísland hafi nánast getað



## Frjósemi 1950-2020



Hrun hefur orðið í fæðingartíðni hér á landi. Hún er nú um 1,7 en fór vel yfir fjóra upp úr miðri síðustu öld.

MYND/HAGSTOFAN

ýtt á takka til að pantu vinnuafli að utan er ekki víst að það verði alltaf þannig.

„Flestar evrópskar þjóðir ná ekki frekar en við að viðhalda fæðingartíðni og þá verður til aukin samkeppni um vinnuafli. Árgangarnir í Póllandi sem eru að koma á vinnu-markað núna eru að verða minni og minni, þá kannski fækkar Pólverjum sem þurfa að flytja burt.“

## Ómetanlegur virðisauki

Gylfi Magnússon, hagfræðingur og fyrrum ráðherra, segir að án erlendu innflytjendanna sem hafi átt drjúgan þátt í að skapa velferð Íslands, væri aldurssamsetning hér á landi mun þyngri en raun ber vitni. Inn-

flytjendur séu að langstærstu leyti ungt fólk, jafnvel barnafólk sem sest hafi að til langs eða skamms tíma.

„Það hefur tvímælalaust skapast verulegur virðisauki af því að fá þennan hóp hingað og alveg klárt að vinnu-markaðurinn hefur sérstaklega notið góðs af,“ segir Gylfi.

„Ferðapjónustan hefði sem dæmi aldrei getað vaxið eins hratt og raun bar vitni ef þessi hópur hefði ekki verið tiltækur,“ bætir Gylfi við.

## Breyttar hugmyndir um skyldur

Sunna Símonardóttir, nýdoktor og aðjunkt í félagsfræði við HÍ, vinnur að rannsóknnum á fæðingartíðni og foreldramenningu.

Meðal niðurstaðna er að ein

Síðustu áratugi hefur mikill fjöldi Pólverja og annarra innflytjenda skipt sköpum í að knýja áfram hjól atvinnulífsins hér á landi.



Gylfi  
Magnússon



Sunna  
Símonardóttir

ástæða lækkandi fæðingartíðni hér á landi sé að konum standi ótal fleira til bóða en að eignast börn, ólíkt því sem var. Útvíkkun hafi orðið á hugmyndum um hvað fólk vilji fá út úr lífinu. Aukið rými hafi skapast til að velja barnleysi. Þetta sé ein af skýringum þess að Ísland sker sig ekki lengur frá nágrannalöndunum hvað varðar fæðingartíðni.

„Við erum hluti af alþjóðlegri þróun, þar sem sumar konur velja að eignast ekki börn. Þær sem eignast börn eignast þau seinna á æviskeiðinu en áður og þær eignast færri börn en var,“ segir Sunna.

Hún segir einn þátt í lækkandi fæðingartíðni vera hvernig við hugsum tilgang og raunveruleika foreldrahlutverksins.

„Foreldramenningin í dag segir að foreldrar eigi að setja allt í foreldrahlutverkið: mikla orku, mikinn tíma, mikla vörslu fjár, mikið álag. Þegar samfélagið gerir slíka kröfu minnkar svigrúmið fyrir hvert og eitt barn.“

Rannsóknir sýni líka að konur upplifi að langt sé í land hvað varði jafnrétti kynjanna. Þær séu stöðugt í verkstjórhlutverkinu sem foreldrar. Mun meiri kröfur séu gerðar til kvenna en karla.

„Það sem við getum gert sem samfélag ef við viljum auka fæðingartíðni á ný, er að koma á raunverulegu jafnrétti á heimilum og enn virkari fjölskyldupólitik og fjölskyldustefnu. Við getum styrkt ýmsar stofnanir eins og skólana til að þeir geti létt betur undir með foreldrum. Það er sú leið sem stjórnmöld hafa á færi sínu að sinna,“ segir Sunna. ■



Foreldramenningin í dag segir að foreldrar eigi að setja allt í foreldrahlutverkið: mikla orku, mikinn tíma, mikla vörslu fjár, mikið álag.

Sunna  
Símonardóttir



Erum ekki farin að finna fyrir áhrifunum af fullum þunga.

Ari Klængur  
Jónsson

EKKI MISSA AF  
ÞESSUM EINSTAKA  
VIÐBURÐI!

# Sunnarvindur

8. APRÍL 2022 Í SALNUM

SÖNGUR GRÉTAR ÖRVARSSONAR · SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR · KARL ÖRVARSSON

HARMONIKA JÓN ÞORSTEINN REYNISSON · MARGRÉT ARNARDÓTTIR

HLJÓMSVEIT UNDIR STJÓRN GRÉTARS ÖRVARSSONAR

MÍÐASALA Á TIX.IS OG SALURINN.IS



**ORKAN**

**10KR.**


**AESLATTUR**

**MED ORKULYKLI**

SÆKTU UM ORKULYKIL Á **ORKAN.IS**

2. - 7. MARS

TAXFREE



### SCOTT

Hornsófi úr sterku koníaksbrúnu bonded leðri (leðurblöndu). Sterkir fætur úr svörtu jární. Hægra eða vinstra horn (ekki færánlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

**225.812 kr.** ~~279.990 kr.~~



### KARE TUDOR

Hægindastóll, flauel.

**96.772 kr.** ~~119.990 kr.~~



### KARE BRISTOL

Hægindastóll. Amber, rústrauður eða grænn.

**80.642 kr.** ~~99.990 kr.~~



### WATER LILY

Hægindastóll, flauel.

**75.577 kr.** ~~89.990 kr.~~

Reykjavík 11 - 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 - 17 laugardaga  
13 - 17 sunnudaga

Akureyri 11 - 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 - 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í  
auglýsingunni eru birtar með  
fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikad  
verð sýnir fullt verð vöru.

Þú finnur bæklinginn  
husgagnahollin.is



# AF ÖLLUM SÓFUM OG STÓLUM\*



## GAIN

Borðstofustóll í sléttflauei.

**23.380 kr.** ~~28.990 kr.~~



## YORK

Borðstofustóll. Dökkgrátt áklæði, svart eða brúnt  
Pu gervileður.

**21.767 kr.** ~~26.990 kr.~~



## HYPE

Borðstofustóll. Vintage svart  
áklæði.

**29.832 kr.** ~~36.990 kr.~~

\* Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og stólum, nema sérpöntunum og Skovby.  
Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.  
Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**



Gengið er út frá því þó ekki sé vitað með vissu að einhvers konar kjarnavopnatöskur séu einnig í höndum varnarmálaráðherra og yfirmanns herráðs Rússa.



Pútín er æðsti yfirmaður rússneska hersins og tekur ákvörðun um það hvort beita eigi kjarnavopnum eins og sjá má á skýringarmyndinni um stjórnskipulag við beitingu kjarnavopna.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY



Elin Hirst  
elinhirst  
@frettabladid.is

## Kjarnavopnataskan Tsjeget er alltaf nálæg

Í þeirri umræðu sem hafist hefur um hugsanleg átök með kjarnavopnum vegna Úkraínamálsins er áhugavert að skoða stjórnskipulag Rússa í kringum beitingu slíkra vopna.

Tsjeget (e. Cheget) kjarnavopnasjkalataskan og fjarskiptakerfið í tengslum við hana var þróað í stjórnartíð Júrijs Andropovs fyrrverandi Sovétleiðtoga snemma á niunda áratugnum, en kjarnavopnataskan var tekin í notkun þegar Mikhaíl Gorbatsjov tók við embætti aðalritara miðstjórnar kommúnistaflokks Sovétríkjanna 1985. Kjarnavopnataskan alræmda ber nafnið Tsjeget eftir fjalli í Rússlandi. Hún er afhent með viðhöfn við valdaskipti í Rússlandi, eins og til dæmis þegar Pútín tók aftur við forsetaembættinu af Dmitrij Medvedev.

Háþróað fjarskiptakerfi sem kallad er Kazbek styður samskipti milli háttsettra embættismanna ef þeir þurfa að taka ákvörðun um að nota kjarnorkuvopn. Kazbek-fjarskiptakerfið nær til allra æðstu stjórna ríkisins og stofnana þess sem eiga þátt í stjórn og eftirliti kjarnorku-hers Rússa.

Forseti Rússlands er æðsti yfir-




maður rússneska hersins og hann er alltaf með töskuna innan seilingar. Oft hafa birst myndir af því þegar aðstoðarmenn Pútíns halda á Tsjeget á fundaðerðum og við opinberar athafnir. Gengið er út frá því þó ekki sé vitað með vissu að einhvers konar kjarnavopnatöskur séu einnig í höndum varnarmálaráðherra og yfirmanns herráðs Rússa. Hershöfðingi tekur á móti merkinu og kemur kjarnorkuárásinni af stað með því að senda út sérstakan lykilkóða. ■

Forseti Rússlands er æðsti yfirmaður rússneska hersins og hann er alltaf með Tsjeget kjarnavopnatöskuna innan seilingar.

### Stjórnkeðjan hjá Rússum ef þeir beita kjarnavopnum

Kjarnavopnastefna Rússa felur í sér fjórar sviðsmyndir sem gætu réttlætt beitingu kjarnavopna, þar á meðal ef við ofurefli er að etja með hefðbundnum vopnum.



Vladímír Pútín  
Rússlandsforseti



#### Hvernig Rússar gætu réttlætt beitingu kjarnavopna

- Ef kjarnavopnum eða öðrum geryðingarpopnum yrði beitt gegn Rússum eða bandamönnum þeirra.
- Ef merki sæjst um að langdrægum eldflaugum hefði verið skotið á loft gegn Rússum eða bandamönnum þeirra.
- Ef árás á lykilkæstöð ógnaði getu kjarnavopnahefðar til gagnarársar.
- Ef árás með hefðbundnum vopnum ógnaði tilveru ríkisins.

- 1 Heimild forseta Rússlandsforseti** ákvarðar beitingu kjarnavopna.
- 2 Samskipti** Skjalataskan **Tsjeget**, er ávallt í seilingarfjarlægð frá forsetanum svo hann geti tengt sig við yfirstjórn hersins.
- 3 Beiting Yfirstjórn hersins** ræður yfir lykilorðum og getur skotið kjarnaoddum á tvo vegu.

■ **Lykilorð** eru send forráðamönnum einstakra vopna sem beita þeim.

■ **Varaleið:** Svonefnt „Perimeter“-kerfi gerir yfirstjórn hersins kleift að skjóta langdrægum eldflaugum.



Tsjeget skjalataskan geymir ekki hnappinn til að skjóta kjarnavopnum en er notuð til að senda yfirstjórn hersins fyrirmæli um það.



RS-24 Yars eldflaugasprengja

Heimildir: Reuters

Myndir: Getty, Facebook

© GRAPHIC NEWS

## Árás á kjarnorkuver er stríðsglæpur segja Bandaríkjamenn

elinhirst@frettabladid.is

„Það er stríðsglæpur að ráðast á kjarnorkuver,“ að sögn talsmanns sendiráðs Bandaríkjanna í Úkraínu í gær, nokkrum klukkustundum eftir að rússneskar hersveitir náðu yfirráðum yfir Zaporizhzhia, stærsta kjarnorkuveri Evrópu í suðurhluta Úkraínu.

Eldur braust út í æfingahúsnæði við hliðina á kjarnorkuverinu eftir árásir rússneskra hermanna, samkvæmt úkraínskum yfirvöldum.

Hægt gekk að slökkva eldinn

og einhverjar tilkynningar hafa borist um að rússneskir hermenn hafi komið í veg fyrir að slökkvilið gæti komist að eldinum. Eftir fjóra tíma tókst að slökkva eldinn, eða um klukkan sex í gærmorgun að stadartíma.

Selenskij, forseti Úkraínu, kallaði atvikið kjarnorkuhryðjuverk af hálfu Rússa. Ekkert annað land hafi nokkurn tímann kastað sprengjum við kjarnorkuver. Hann segir Rússa vilja endurtaka það sem gerðist í Tsjernobíjl nema að þetta yrði margfalt stærra.



Zaporizhzhia er stærsta kjarnorkuver Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Alþjóðakjarnorkuráðið fylgisti náið með stöðunni við Zaporizhzhia-kjarnorkuverinu en ekki hefur mælst hækkun geislavirkni á svæðinu. Slökkt hefur verið á kjarnaofnum með öruggum hætti. Bandaríkin gáfu frá sér yfirlýsingu í dag um að „árás Pútíns á stærstu kjarnorkuver Evrópu“ væri stríðsglæpur.

Rússar halda því fram að úkraínskir „skemmdarverkamenn“ hafi kveikt eld í kjarnorkuverinu, en Úkraína og Bandaríkin segja að það hafi orðið fyrir skotárás hersveita Pútíns. ■





# Það veltur margt á íslenskum sjávarútvegi

## Opnir fundir víða um land

Íslenskur sjávarútvegur snýst um svo miklu meira en veiðar, vinnslu og sölu á afurðum. Á undanförunum árum hefur fjölbreytt starfsemi í tengdum og ótengdum greinum vaxið mikið. Við viljum heyra í sem flestum og ræða málefnið á breiðum grunni. Við byrjum á Suðurlandi á mánudaginn og færum okkur svo austur á land. Allir velkomnir.

### Grindavík, 7. mars

kl. 8:30–9:30

Salthúsið, léttur morgunverður

#### Fyrirlesarar



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
*framkvæmdastjóri SFS*



**Hildur Hauksdóttir**  
*sérfræðingur í umhverfismálum*



**Erla Ósk Pétursdóttir**  
*framkvæmdastjóri hjá Marine Collagen*

### Vestmannaeyjar, 7. mars

kl. 16:00–17:00

Bekkingarsetur Vestmannaeyja, kaffiveitingar

#### Fyrirlesarar



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
*framkvæmdastjóri SFS*



**Hildur Hauksdóttir**  
*sérfræðingur í umhverfismálum*



**Friðrik Björgvinsson**  
*framkvæmdastjóri Eyjablikks*

### Höfn í Hornafirði, 8. mars

kl. 8:30–9:30

Nýheimar, léttur morgunverður

#### Fyrirlesarar



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
*framkvæmdastjóri SFS*



**Hildur Hauksdóttir**  
*sérfræðingur í umhverfismálum*



**Matthildur Ásmundardóttir**  
*bæjarstjóri*

### Eskifjörður, 8. mars

kl. 16:00–17:00

Randulffssjöhús, kaffiveitingar

#### Fyrirlesarar



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
*framkvæmdastjóri SFS*



**Hildur Hauksdóttir**  
*sérfræðingur í umhverfismálum*



**Benedikt Ernir Stefánsson**  
*sölu- og innkaupastjóri Egersunds á Íslandi*



Samtök fyrirtækja  
í sjávarútvegi

# Bandalagsþjóð



Sigmundur Ernir  
Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

Það er nokkurn veginn í samræmi við agaleysi íslenskrar þjóðmálaumræðu að meirihluti þjóðarinnar strýkur feldi Atlantshafsbandalagsins réttisælis en skinni Evrópusambandsins rangsælis. Landsmenn kunna að meta kosti NATO, einkum og sér í lagi nú um stundir, en fjölmörgum þeirra stendur aftur á móti stuggur af ESB af fremur óljósum ástæðum.

Í raun og sann er hér um tvíbura að ræða, en engin bandalög í heimi hér eru tengdari hvort öðru og teljast vera samtvinnuðri í stefnu og gildum en þessi bandalög Evrópu, sem teygja sig í öðru tilvikinu yfir til norðanverðrar Evrópu þar sem frjálsræði á líka heimilisfesti.

Bæði bandalögin eru stofnuð í anda friðar og framfara, á forsendum lýðræðis, frelsis og mannréttinda. Og höfuðstöðvar þeirra heyra ekki aðeins til sömu borgarinnar í Evrópu heldur eru þau meira og minna skipuð sömu þjóðum.

Og þátttakan í báðum bandalögum snýst öðru fremur um samstarf þjóða sem telja sig hafa ótvíræðan hag af því að semja sín á milli fremur en að standa einangruð á alþjóðlegu sviði, berskjölduð frammi fyrir ógnunum af allra handa tagi, en ekki síst fyrir sakir mannsins sjálfs.

Og líklega skipta þessir þættir mestu máli fyrir fámennari þjóðir eins og Ísland. Þær græða öðrum þjóðum meira og betur á samvinnu af þessu tagi, enda eru alþjóðlegir samningar þeim miklum mun hagfelldari en tvíhliða samningar á milli stöku þjóða. Það er skjól af fjöldanum – og liðsinnið skapar ekki einvörðungu öryggi heldur merkir það líka samheldni og menningarlega vitund.

Kannski þarf Evrópustríð til að minna alþýðu manna á þessi sannindi. Kannski þarf einræðislega óbilgirni til að sýna fólki hvað bandalagsþátttakan er mikilvæg. Og kannski þarf karl-lægasta yfirgang til að sanna fyrir fólki í hvers konar samfélagi það vill virkilega búa.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, hefur ekki verið óumdeild – og hún á ekki að vera óumdeild, frekar en möguleg aðild Íslands að Evrópusambandinu, enda er fátt mikilvægara nokkru þjóðriki en að leyfa og ýta undir frjáls skoðanaskipti.

En það er umhugsunarvert að stór hluti þjóðarinnar þrái vestræna samvinnu í einu bandalagi en vilji ekki kannast við hana í öðru bandalagi, þegar fyrir liggur að þau vinna í anda sömu gildanna.

Ríkisstjórn Íslands er í anda þessa. Hún er með og á móti. Eins og þjóðin. ■

## ■ Gunnar



## ■ Mín skoðun

### Kæruhernaður



Sif  
Sigmarsdóttir

Síðastliðinn miðvikudag stóð breski blaðamaðurinn Tom Burgis fyrir utan hestarétt í Lundúnum. Hárið var úfið, skyrta krumpuð en brosið var bjart. Burgis starfar við dagblaðið The Financial Times og er vanur að vera sá sem skrifar fréttirnar. Að þessu sinni var hann hins vegar viðfangsefni þeirra.

Dómari við réttinn hafði vísað frá meidryðamáli gegn honum og útgefanda hans vegna nýjustu bókar Burgis, sem fjallar um óligarka og hvernig illa fengið fé þeirra er notað til að grafa undan lýðræðinu víða um heim. Útgefandi Burgis sagði málareksturinn „smánarlegt dæmi um kæruhernað“ sem fjársterkir hagsmunaaðilar stunda til að þagga niður í blaðamönnum. Hann sagði það óréttlátt að ítrekað væri útgáfan og höfundar hennar látin óstudd bera hitann og þungann af því að „verja blaðamennsku í almannabágu“.

Á sama tíma, annars staðar í Evrópu, var háð enn stærri baráttu til varnar almennum borgararéttindum. Íbúar Úkraínu hafa sýnt harðari mótspyrnu gegn innrás Rússa en nokkur átti von á, þar með talinn Vladímír Pútín sem hélt að „tekið yrði á móti sér með blómum“, samkvæmt Míkhaíl Khodorovskí, fyrrverandi ríkasta manni Rússlands.

Pútín var ekki eini valdhafinn sem bjóst við blómum í vikunni frá þeim sem hann reyndi að beisla. Nýverið boðaði lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra, Páley Borgþórsdóttir, blaðamenn til yfirheyrslu vegna umfjöllunar þeirra um „skæruhlíðadeild“ Samherja. Héraðsdómur Norðurlands eystra úrskurðaði hins vegar á mánudag að lögreglunni hefði verið óheimilt að veita blaðamanni Stundarinnar, Aðalsteini Kjartanssýni, réttarstöðu sakbornings.

Eyþór Þorbergsson, varasaksóknari hjá Lögregluembættinu á Norðurlandi eystra, gaf lítið fyrir þá réttarvernd sem blaðamenn eiga að njóta samkvæmt lögum. Hann sagði að úrskurðurinn yrði kærður til Landsréttar

og ef blaðamenn væru svona viðkvæmir ættu þeir að „vera í blómaskreytingum“.

#### Meira en slagorð

„Við berjumst fyrir lífsgildum okkar, fyrir lýðræði og frelsi,“ sagði Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, í viðtali við sjónvarpsstöðina CNN. Úkraínskur almenningur leggur nú líf sitt undir til að forðast að færast undir rússneskan veruleika þar sem lýðræði ríkir aðeins í orði, stjórnarandstæðingar eru handteknir, mótmæli barin niður og frjáls fjölmiðlun er ekki liðin.

Stríðið í Úkraínu er áminning um að framfarir eru ekki óhjákvæmilegar. Við rúllum ekki niður hæð í átt að stöðugt auknu frelsi, mannréttindum og bræðralagi. Frjálslynt samfélag er ekki áfangastaður heldur vegferð þar sem eilíflega þarf að gæta þess að gengin sé rétt braut. Það á við í Úkraínu. Það á líka við á Íslandi.

Nokkrir íslenskir blaðamenn bera nú hitann og þungann af því að verja blaðamennsku í almannabágu, rétt eins og breski kollegi þeirra Tom Burgis. Blaðamennirnir eiga ekki á hættu að missa heimili sitt í sprengjuárás líkt og almenningur í Úkraínu sem berst fyrir lýðræði og frelsi. En þau gætu vel misst það í „kæruhernaði“.

Varasaksóknarinn á Norðurlandi eystra er ekki einn um að finnast fátt um fjölmiðlafrelsi. Eyþór bergmálar viðhorf Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra sem talaði háðslega til blaðamanna eftir að þeir fengu stöðu sakbornings og spurði hvort „fjölmiðlamenn séu of góðir til að mæta og svara spurningum lögreglu“.

Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu hafa Vesturlönd tvíeflst í einurð sinni að standa vörð um frjálslynd gildi. Á tíunda degi átakanna væri fjármálaráðherra Íslands, flokki hans og þeim embættismönnum sem ráðherrar Sjálfstæðisflokksins skipuðu hollt að rifja upp að frelsi er meira en slagorð. ■



Og líklega skipta þessir þættir mestu máli fyrir fámennari þjóðir eins og Ísland.

Snertilausir rofar

**Sjálfvirkur  
opnunarbúnaður og  
snertilausir rofar frá**

**GEZE**

**Þýsk gæðavara.**

**JARN&GLER**

Skútuvoði 1h - Sími 585 8900  
www.jarngler.is



Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu hafa Vesturlönd tvíeflst í einurð sinni að standa vörð um frjálslynd gildi.

AÐEINS ÞESSA HELGI

# SÍÐUSTU TEPPIN

ALLT AÐ 78% AFSLÁTTUR

SÍÐUSTU TEPPIN SELJAST Á GJAFEVERÐI  
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

NÁÐU ÞÉR Í DRAUMATEPPIÐ Á DRAUMAVEVERÐI!

Verðið segir  
allt sem  
segja þarf



Vöruhúsið  
er opið fyrir  
almenning  
í tvo daga  
til viðbótar

Laugardag .....5/3  
Sunnudag .....6/3

Víkurbvarf 2  
Sími 835 70 70

LAUGARDAG  
10-22  
SUNNUDAG  
12-22

Cromwell Rugs® ehf.

Víkurbvarf 2 • Sími 835 70 70

Meðan birgðir endast

## Baráttan um borgina

Manchester-slagurinn er um helgina þegar meistararnir í Manchester City fá granna sína í Manchester United í heimsókn. Síðustu þrjár viðureignir hafa endað 2-0 fyrir bláklædda City-liða en United verður þó alltaf stóri bróðir enda ekki hægt að kaupa sér sögu.

benediktboas@frettabladid.is

Trúlega finnst stuðningsmönnum Manchester United ekkert sérstakt að spila við litla bróður í City. Þeir líta frekar á leikina við Liverpool þegar dagatalið er gefið út. Stuðningsmenn City horfa þó á þessa leiki löngunaraugum þegar keppnistímabilið er ákveðið enda ekkert betra en að klekkja á stóra bróður.

Eftir að Manchester City varð að stóru liði árið 2008 hefur Manchester notið góðs af því. Borgin lítur á sig eins og Madrid og Milánó, jafnvel þó saga Manchester City hafi verið frekar skrautleg fram að yfirtökunni.

Það er ekki mikil vinátta milli stuðningsmanna City og United, ólíkt Liverpool og Everton þar sem

fjölskyldumeðlimir geta jafnvel stutt ólík lið. Stuðningsmenn Manchester United hafa jú vaðið yfir flesta á skitugum skónum og sýnt af sér meiri hroka en flestum er hollt.

Þá er yfirleitt gert grín að því að stuðningsmenn Manchester United séu ekkert nema túristar sem borði rækjusamlokur á leikdag en að sama skapi er gert grín að stuðningsmönnum City fyrir að nenna ekki á völlinn, jafnvel þó að þeir eigi eitt besta lið Evrópu. Svona mætti áfram telja.

Liðin hafa mæst 186 sinnum þar sem rauðir Manchester-liðar hafa unnið 77 sinnum en City 56. Svo virðist sem félögin kunni betur við sig á útivöllum síðustu ár því rauðir Manchester-menn hafa aðeins unnið þrisvar á Old Trafford síðan 2011 en bláir hafa aðeins unnið einu sinni á Etthiad síðan 2015. Kosturinn er að jafntefli eru afar sjaldgæf úrslit, þó að það hafi tvisvar gerst á síðan 2017.

Michael Oliver mun halda um flautuna í leiknum en hann dæmdi einnig síðasta borgarslag. Simon Bennett og Scott Ledger verða á línunni og Stuart Atwell verður í VAR-herberginu. ■

### Síðustu fimm hjá Man. City

0-2 sigur gegn Peterborough  
0-1 sigur gegn Everton  
2-3 tap gegn Tottenham  
0-5 sigur gegn Sporting  
0-4 sigur gegn Norwich City

### Síðustu fimm hjá Man. Utd

0-0 gegn Watford  
1-1 gegn Atletico Madrid  
2-4 sigur gegn Leeds  
2-0 sigur gegn Brighton  
1-1 gegn Southampton

### Síðustu fimm borgarslagir

Man. Utd 0-2 Man. City  
Man. City 0-2 Man. Utd  
Man. Utd 0-2 Man. City  
Man. Utd 0-0 Man. City  
Man. Utd 2-0 Man. City

### Síðustu fimm markaskorarar

Bernardo Silva (Man. City)  
Eric Bailly (Man. Utd) (Sjálfsmark)  
Luke Shaw (Man. Utd)  
Bruno Fernandes (Man. Utd)  
Fernandinho (Man. City)

9

mörk hafa landarnir Bruno Fernandes og Ronaldo skorað.

4,5%

marka Manchester United koma á fyrsta korterinu.

50%

fleiri mörkum leka rauðir Manchester-liðar. Liðið hefur fengið á sig 34 en City aðeins 17.

27,3%

marka Manchester City, eða 15 talsins, koma frá 60. til 75. mínútu.

10

mörk hefur Raheem Sterling skorað í deildinni.

20


deildartitla hafa rauðir á sínum bæ gegn 7 hjá bláum.

5

mörk hefur Ronaldo skorað sem fyrsta mark síns liðs.

105


leiki spilaði Carlos Tevez fyrir Man. City en 63 fyrir Man. Utd.



# FRAMTÍÐIN Í ORKU. DRYKKJUM

SYKURLAUS  
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN  
100% VEGAN  
114 MG KOFFÍN



 **CELSIUS**  
ENERGY





BJORK@FRETTLADID.IS

## Ömurleg afturför

Þær eru sláandi sögurnar sem þau Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78, og Þorbjörg Þorvaldsdóttir formaður segja í viðtali í þessu tölublaði. Sögur af áreitni og hótunum sem hinsegin grunnskólabörn verða fyrir. Jafnvel morðhótunum.

Hvernig getur slíkt grasserað árið 2022 í hinsegin paradísinni Íslandi? Svarið virðist liggja í því að við höfum sofnað á verðinum. Tilfinning þeirra beggja, sem starfa náið með ráðgjöfum Samtakanna, er að undanfarinn áratug höfum við verið of værukær. Okkur fannst unga kynslóðin vera með þetta á hreinu, sem hún vonandi að stærstum hluta er, en augljóslega þarf meiri og markvissari fræðslu til að koma í veg fyrir slíka afturför.

Baráttan hættir aldrei og við verðum alltaf að vera á vaktinni gagnvart því að mannréttindi séu virt. Ömurleg afturför í Evrópuríkjunum Póllandi og Ungverjalandi er óþægileg sönnun um að allt getur breyst. Paradísin sem við höldum að við byðum upp á hérlandis er ekki eins falleg og við höldum. Því þarf að breyta og það er á ábyrgð okkar allra. ■



Hvernig getur slíkt grasserað árið 2022 í hinsegin paradísinni Íslandi?



Hópurinn heimsótti RVK Studios á dögnum og fór Baltasar Kormákur með þau í vettvangsferð.

MYND/ADSEND

## Ef þau fengju að ráða í einn dag

Í dag, laugardag, taka ungir sýningarstjórar á móti sérfræðingum í Salnum í Kópavogi og ræða við þá um menningu, listir og umhverfismál í tengslum við verkefnið Líf á landi.

bjork@frettladid.is

Í Salnum í Kópavogi munu í dag, klukkan 14, ungir sýningarstjórar úr Vatnsdropanum, alþjóðlegu menningarverkefni Kópavogsbæjar, taka á móti sérfræðingum og ræða við þá um menningu, listir og umhverfismál í tengslum við verkefnið Líf á landi sem þeir eru að vinna að um þessar mundir.

Hinir ungu sýningarstjórar eru á aldrinum átta til fjórtán ára og munu ræða við sérfræðingana sem

eru allt frá rithöfundum að bónda og kvikmyndaleikstjóra um það hvernig þau miðla sinni sérfræðipækkingu en einnig hverju þau myndu breyta í heiminum ef þau fengju að ráða í einn dag.

Hafa börnin kynnt sér sérfræðingana og undirbúið spurningar fyrir málþingið sem er öllum opið á meðan húsrúm leyfir. Forvitin börn á öllum aldri eru hvött til að mæta og taka þátt í umræðunum en eins og fyrr segir er viðburðurinn hluti af Vatnsdropanum, alþjóðlegu samstarfsverkefni Kópavogsbæjar við H.C. Andersen-safnið í Danmörku, Múmínsafnið í Finnlandi og Ilon's Wonderland-safnið í Eistlandi. Markmið verkefnisins er að tengja saman sigildar norrænar barnabókmenntir og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valdefla börn og hvetja þau til að

### Þessi sitja fyrir svörum

- Berglind Ósk Hlynsdóttir** *fatahönnuður, Flokk til you drop*
- Sævar Helgi Bragason** *visindamaður*
- Jóhanna B. Magnúsdóttir** *bóndi*
- Unnur Björnsdóttir** *Ungir umhverfissinnar*
- Sverrir Norland** *rithöfundur*
- Gerður Kristný** *rithöfundur*
- Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir** *Landvernd*
- Baltasar Kormákur** *kvikmyndaleikstjóri*

hafa frumkvæði að eigin menningarupplifun.

„Auglýst var eftir þátttakendum í haust og úr varð þessi frábæri skapandi hópur sem stendur að Vatnsdropanum þetta árið.“ segir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, verkefnastjóri Vatnsdropans. „Það hefur verið sérlega áhugavert að vinna með börnunum að þessu verkefni og heildur að vera þeim til aðstoðar í sinni sköpun.“ ■

## Við mælum með

### Hveragerði

Tilkoma Gróðurhússins hefur stimplað Hveragerði inn sem fullkominn áfangastað fyrir sunnudagsrúntinn. Flottir veitingastaðir í mathöllinni, gott úrval af pottaplöntum í gróðurhúsunum og góðir stígar fyrir göngutúra eru allt hluti af góðum eftirmiðdegi. Ef það væri nú aðeins hægt að finna staðgengil fyrir apann Bóbó...



### Veitingastaðnum ROK

Ofarlega á Frakkastíg í fallegu timburhúsi má gæða sér á einhverjum besta mat bæjarins. Matseðillinn samanstendur af úrvali smárétta og er úrval kjöts, fisks og grænmetis fjölbreytt. Maður þarf ekki að fá valkviða enda hægt að panta fleiri en einn rétt og prófa sig áfram. Svo er kampavíns happy-hour alla daga og með guðaveigunum fylgir melóna og lakkrís – klikkað kombó! ■



## Hvað myndir þú gera ef þú fengir að ráða í einn dag?

Ágústa Lillý Valdimarsd. 10 ára

Ef ég mundi ráða í einn dag mundi ég sjá til þess að það væri jafnrétti í öllum heiminum. Að öll börn fengju að fara í skóla og læra alls konar gott. Þrátt fyrir að við séum öðruvísi og höfum mismunandi trú eiga allir sama rétt.

Inga Briet Valberg 8 ára

Ef ég mætti ráða í einn dag þá myndi ég hringja í Marteini Skógarmús og Línu Langsokk til að hjálpa mér að bjarga heiminum. Með hjálp hugrökkustu og sterkustu stelpu í heiminum og vitrustu músarinnar ætti okkur að takast að ná öllum þessum markmiðum: Að stoppa öll stríð

á stundinni. Láta alla hafa sömu réttindi og tækifæri. Taka allt rusl og mengun úr heiminum.

Héðinn Halldórsson 10 ára

Ef ég mætti ráða í einn dag myndi ég vilja binda enda á fátækt, stoppa allan ófrið, stoppa loftslagsbreytingar og bjarga dýrum og jurtum í útrymningarhættu.

## Í vikulokin

# Vinstri græn sverja ekki Sovétíð svo létt af sér



Ólafur Arnarson

Brynjar Níelsson, hinn orðhvati fyrrverandi þingmaður og núverandi aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, dró dár að vinstri mönnum í færslu á Facebook í vikunni.

Skrifaði hann að erfitt væri að vera vinstri maður þegar veruleikinn bankaði upp á. Íslenskir vinstri menn hefðu allt frá því hann myndi eftir sér kennt Bandaríkjamönnum, NATO og Ísrael um allt sem aflaga hefði farið í heiminum, hvort sem um ræddi innrásir Sovétríkjana í nágrennalönd sín,

hryðjuverkaárásir íslamista eða borgarastyrjaldir í Mið-Austurlöndum.

Allt væri þetta, og hryðjuverk Rauðu herdeildanna og Baader-Meinhof samtakanna að auki, auðvaldsskipulaginu að kenna en ekki gerendum.

Að sögn Brynjars engjast íslenskir vinstri menn nú þegar veruleikinn blasir við þeim með innrás Rússa í Úkraínu og segir hann þá fordæma hana en setja ábyrgðina meira og minna á herðar NATO,

auk þess að mála Pútín sem hægri mann.

Brynjar skrifar að skilji vinstri menn núna ekki mikilvægi þess að lýðræðisþjóðir myndi með sér varnarbandalag muni þeir aldrei gera það. Hann klykkir út með því að fullyrða að sósíalistar hafi alla tíð hatað vestrænt lýðræði og muni því ávallt vera andvígir varnarbandalagi lýðræðisþjóða.

Samt eru þetta nú einmitt sömu sósíalistar og Sjálfstæðisflokkurinn velur að vinna með og hefja




**Samt velja Sjálfstæðismenn samstarf við þessa sömu sósíalista.**

til öndvegis í ríkisstjórn, þegar engin þörf var á að leiða sósíalista til ríkisstjórnarforystu.

Svo halda Sjálfstæðismenn að þeir kaupir sér syndaflausn með því að úthúða samstarfsfólki sínu í ríkisstjórn á samfélagsmiðlum!

Rétt er það, að Vinstri græn og forverar þess flokks sverja ekki Sovétíð af sér svo létt. En Sjálfstæðismenn geta heldur ekki firrt sig ábyrgð á því að leiða foringja íslenskra sósíalista til ríkisstjórnarforystu, ekki einu sinni heldur tvisvar. ■

# Græn iðnbylting á Íslandi



## Iðnþing 2022

Silfurberg í Hörpu fimmtudaginn 10. mars kl. 14–16

Græn iðnbylting stendur nú yfir, þar sem ríki heims hafa sammælt um að draga úr losun kolefnis. Iðnþingið verður að þessu sinni helgað þessu mikilvæga viðfangsefni. Íslensk stjórnvöld hafa sett metnaðarfull markmið um kolefnishlutleysi og notkun jarðefnaeldsneytis. Á þinginu verður rætt um græna nýsköpun og fjárfestingu, græna framleiðslu, græna mannvirkjagerð, græna orku og græna framtíð. Íslenskur iðnaður ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í loftslagsmálum enda til mikils að vinna fyrir umhverfið og samfélagið allt.



• **Árni Sigurjónsson**  
formaður SI



• **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**  
háskóla-, iðnaðar- og  
nýsköpunarráðherra



• **Sigríður Mogensen**  
sviðsstjóri iðnaðar-  
og hugverkasviðs SI



• **Edda Sif Pind Aradóttir**  
framkvæmdastýra Carbfix



• **Karl Andreassen**  
framkvæmdastjóri Ístaks



• **Álfheiður Ágústsdóttir**  
forstjóri Elkem



• **Sigurður Hannesson**  
framkvæmdastjóri SI



• **Guðlaugur Þór Þórðarson**  
umhverfis-, orku-  
og loftslagsráðherra



• **Ingólfur Bender**  
aðalhogfræðingur SI



• **Sæmundur Sæmundsson**  
framkvæmdastjóri Eflu



• **María Stefánsdóttir**  
umhverfissérfræðingur  
hjá Mannviti



• **Hulda Hallgrímsdóttir**  
gæðastjóri Össurar



• **Katrín Jakobsdóttir**  
forsætisráðherra



• **Jóhanna Klara Stefánsdóttir**  
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI



• **Lárus M.K. Ólafsson**  
viðskiptastjóri á iðnaðar-  
og hugverkasviði SI



• **Auður Nanna Baldvinsdóttir**  
framkvæmdastjóri Iðunn H2



• **Þorsteinn Víglundsson**  
forstjóri Hornsteins



• **Margrét Gísladóttir**  
sérfræðingur hagsýslu-  
og samskiptasviðs MS

**Skráning á [si.is](https://si.is).** Tekið verður mið af þáverandi sóttvarnareglum hvað fjölda gesta í sal varðar.



Ár grænnar iðnbyltingar 2022



Sandra ólst upp á Akureyri hjá móður sinni og ömmu og afa. Faðir hennar sem flúið hafði pyntingarbúðir í Chile var ekki langt undan en hafði þó ekki mikil afskipti af uppeldi hennar. Það stöðvaði hana þó ekki í að fljúga til Suður-Ameríku og annast hann á dánarbeiðinum ásamt systur sinni enda segir hún markmiðið að einhverju leyti vera að verða betri en foreldrar okkar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sandra Hlíf Ocares segir marga undrast að hún hafi valið Sjálfstæðisflokkinn út frá velferðarmálum. Sandra er einstæð móðir alin upp af einstæðri móður og upplifði mikla vanlíðan á unglingsárum. Sandra þekkir málefni barna vel vegna áralangs starfs fyrir Barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar en þar tók hún við sem formaður aðeins 29 ára gömul.

Sandra er einkabarn foreldra sinna en föður sínum kynntist hún minna, enda skildu leiðir þeirra áður en dóttirin kom í heiminn.

„Ef við horfum út frá okkar gildum og samfélagslegum reglum var pabbi ekki að öllu leyti góður maður,“ segir Sandra einlæg í upphafi samtals okkar. Hún vill þó ekki fara mikið nánar út í það. Sagan sé ekki bara hennar, heldur fjölskyldu hennar og hans, Julio Cesar Ocares Romo, sem féll frá árið 2015.

„Hann var í háskólanámi í Chile og að vinna fyrir ríkið þegar Pinochet náði völdum. Þar af leiðandi var hann sendur í pyntingarbúðir sem hann náði að flýja,“ en Julio flúði ásamt fleirum yfir Andesfjöllin, fyrst til Argentínu og svo til Perú.

„Þaðan fara þeir til Kanada, Danmerkur og svo hingað til lands,“ en hann var einn úr hópi flóttamanna sem komu til Akureyrar árið 1979 og fékk hann starf í Slippnum, þá 27 ára gamall.

„Hann hefði verið drepinn hefði hann ekki flúið. Þetta voru bara aftökur,“ segir Sandra. „Pabbi var glæsilegur maður, dökkur yfirlitum með svart háir,“ lýsir Sandra og bætir við að eins hafi herramennskan vakið eftirtekt þar sem hann opnadi hurðir og dró fram stóla fyrir dómurnar. „Ég og mamma höfum hlegið að því að þær voru allar sjúk- ar í hann, skvisurnar,“ segir Sandra í léttum tón en foreldrar hennar hittust fyrst í Sjallanum, móðir hennar 18 ára og faðir hennar áratug eldri.



Björk Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

## Ég hef alveg þurft að hafa fyrir lífinu

„Þau voru bara saman í nokkra mánuði og hættu saman á meðan hún var ólétt að mér.“

Faðir hennar bjó þó áfram fyrir norðan næstu tvo áratugi, gifti sig og á Sandra systur sem er aðeins ári yngri en hún og bróður sem er sex árum yngri.

„Pabbi var ekki mikið til staðar þó að hann væri á sama svæði. Ég fór þó alveg í heimsóknir og tengdafjölskylda hans reyndist mér rosalega góð og tók mér sem einni af fjölskyldunni.“

Árið 1989 flutti föðurfjölskyldan til Chile, faðirinn, eiginkona hans og tvö yngri systkini Söndru. Þar bjuggu þau í nokkur ár og var lítið um samband á meðan.

Sandra á enn texta sem faðir hennar skrifaði til hennar þegar hún var nýfædd. Textinn er á spænsku og hún lét þýða hann þegar hún var komin til vits og ára.

### Með annað yfirbragð en mitt fólk

„Textinn var að ákveðnu leyti fallegur og hann sagðist elska mig en gerði sér strax grein fyrir því að hann myndi ekki sinna mér mikið. Hann var líklega raunsær en ég man að það var erfitt að lesa þetta,“ segir Sandra sem viðurkennir að hafa upplifað svolitla reiði. „Ég varð reið yfir því að hann skildi ekki sinna mér betur. En svo man ég líka eftir að hafa ekki sóst neitt rosalega í að vera í kringum hann þegar ég var yngri. Ég var með annað yfirbragð en mitt fólk, enda mamma ljóshærð með blá augu, og yngri systkini mín mömmu megin líka. Ég var á einhvern hátt alltaf leitandi. Það var eins og það vantaði einhvern smá hluta af mér.“

Sandra ólst upp hjá móður sinni og voru þær mikið hjá foreldrum

hennar. „Amma og afi komu mikið að mínu uppeldi og líka eldri systir mömmu. Ég var því mjög rík og fékk þarna tvær aukamömmur. Ég var mjög dekrud og fékk mikla ást og hvatningu. Amma var alltaf að setja mig í hvít fót svo það sæist hvað ég væri dökk, henni fannst ég svo guðdómleg.“

### Mikil vanlíðan á unglingsárum

Móðir Söndru kynnist svo manni, Kristjáni Má, og hófu þau sambúð þegar Sandra var níu ára. „Hann gekk mér í föðurstað, samt í raun ekki fyrir en ég var orðin unglingur af því ég var svo leiðinleg við hann. Ég hafði fengið að stýra mér svo mikið sjálf og þarna voru mér í raun í fyrsta sinn sett einhver mörk. En hann er algjörlega magnaður og þegar ég horfi til baka sé ég að hann var alltaf til staðar fyrir mig og haggast ekki. Sem gerði það svo að verkum að þegar ég varð unglingur og upplifði mikla vanlíðan var hann mín stöð og stytta en hann er sálfræðingur,“ segir Sandra sem fór að kalla Kristján pabba þegar hún var um 16-17 ára. „Hann er náttúrulega pabbi minn, enda hver er skilgreiningin á því að vera foreldri? Ég lít bara svo á að ég sé heppin, ég á tvo pabba.“

Sandra segist hafa verið erfiður og týndur unglingur. „Mér leið illa og varð þunglynd og ég sé það seinna að það tengist því að ég er með mikið ADHD sem greindist ekki fyrir en ég var 18 ára. Ég vildi ekki lyf enda fordómafull gagnvart þeim en umræðan var allt önnur og neikvæðari á þessum árum,“ segir Sandra sem ákvað svo að prófa lyfin á fullorðinsárum og segir þau hafa breytt lífi sínu.



**Þau skutla mér upp á sjúkrahús og þar sem hann liggur þarna og á erfitt með mál lítur hann á mig og segir: „Ég myndi aldrei gera þetta fyrir þig.“**

„Þegar ég hugsa til baka þá var fjölskyldan mín algjörlega mögnuð í þessum aðstæðum. Stóð þétt saman og tók á þessu í sameiningu.“

Stjúpfadurinn var meðvitaður um að Sandra þyrfti samtalsmeðferð sálfræðings og í framhaldi flutti hún til Reykjavíkur til að sækja hana. „Ég var hjá sálfræðingi vikulega í þó nokkurn tíma og leigði mér herbergi ein. Ég kjaftaði mig svo inn í Kvinnaskólann enda alltaf ákveðin í að mennta mig. Ég fékk frjálsa mætingu vegna þessarar vanlíðanar en sinni náminu illa.“

### Fékk ekki að útskrifast

Sandra keppti í Morfís fyrir hönd Kvinnaskólans en fann sig greinilega aldrei alveg og segir menntaskólavinnuna vera frá Menntaskól- anum á Akureyri þar sem hún var fyrstu tvö árin.

„Viku fyrir útskrift er ég svo kölluð upp til Ingibjargar skólastjóra sem segir að mig vanti tvær einingar upp á að útskrifast. Þegar ég hugsa til baka þá finnst mér þetta bara illa gert, vitandi þann vanda sem ég var í, að finna ekki út úr þessu,“ segir Sandra en mynd af henni prýðir útskriftarbók árgangans í Kvinnó, svo langt var undirbúningur kominn. En hún kláraði stúdentinn engu að síður, en í fjarnámi frá VMA.

Sandra segist oft hugsa um tíma sinn í Kvinnó og minnst sérstaklega sögukennarans Ragnars Sigurðssonar. „Saga var það leiðinlegasta sem ég vissi um og ég svaf í nánast öllum tímum hjá honum. En hann var sá eini sem pikkaði það upp að mér liði illa. Það skiptir svo miklu máli að kennarar sjái krakkana,“ segir Sandra og það er augljóst að upprifjunin tekur enn á.

### Ég ætlaði inn í þetta nám

Söndru langaði að læra spænsku vegna uppruna síns og fór utan í spænskunám sumarið 2002. „Ég var þá búin að sækja um í lögfræðinám sem var að hefjast við Háskólann í Reykjavík og hafði farið á fund með deildarforseta til að tryggja inn- ➤“



Framsýning í kvöld!

# FRAMÚRSKARANDI VINKONA

Elena Ferrante

Þjóð  
leik  
húsið

## Bættu við ítalskri leikhúsveislu!

### Átt þú miða á Framúrskarandi vinkonu?

Bættu við ítalskri leikhúsveislu til að njóta fyrir sýningu og í tveimur hléum.

#### Fyrir sýningu

Tómatsúpa með basil – nýbakað brauð og pestó og freyðandi drykkur

#### Fyrra hlé

Ítalskur veisluplatti – íslenskir ostar, skinkur og pylsur, ólífur, möndlur og fleira góðgæti. (einnig hægt að fá veganplatta).

#### Seinna hlé

Tiramísú, hinn klassíski ítalski eftirréttur í íslenskri útgáfu.

ATH panta þarf með 48 tíma fyrirvara.



[leikhusid.is](http://leikhusid.is)

» göngu mína. Mamma hringir svo í mig til Spánar og segir að ég hafi ekki fengið inngöngu. Ég sagði henni strax að þetta væri misskilningur og hringdi í deildarforsetann. Ég ætlaði inn í þetta nám í þessum skóla og á endanum komst ég inn," segir Sandra sem hóf nám í laga-deildinni um haustið. „Mér var farið að líða betur og sat betur í sjálfri mér. Ég hitti líka í fyrsta sinn fólk sem hugsaði eins og ég. Þar kynntist ég svo barnsföður mínum og ég held að við eigum fyrsta hreinræktaða lagadeildarbarnið úr Háskólanum í Reykjavík.“

Sandra og barnsfadir hennar byrjuðu saman á vorönn 2003 og hún varð barnshafandi nokkrum mánuðum seinna.

„Þetta var ekki planað en auðvitað algjör gjöf. Við höldum áfram í náminu þótt ég hafi eitthvað aðeins dregist aftur úr. Maður var að borða núðlusúpur í flest mál og átti engan pening," segir Sandra um tímabilið í lögfræðinni með nýfædda dóttur.

#### Ákvað að elska hann

Í ársbyrjun 2008 fór Sandra til Kanada að heimsækja vinkonu sína en tveimur dögum eftir að hún lenti fékk hún símtal frá systur sinni um að faðir þeirra væri kominn á gjörgæslu í Chile.

„Hann var þá skilinn og fluttur aftur út og kom annað hvert ár að heimsækja okkur til Íslands.“

Sandra flaug frá Kanada til Chile, úr 40 stiga frosti í 40 stiga hita. „Þarna héldum við að hann væri að deyja en hann hafði greinst með heilaæxli rétt rúmlega fimmtugur. Þrátt fyrir að pabbi hafi ekki alltaf komið vel fram við mig þá er foreldri alltaf foreldri og römm er sú taug. Þarna var ég líka búin að gera þetta svolítið upp og ákvað að elska hann fyrir það sem hann var og bera virðingu fyrir því. Gera þetta bara á mínum forsendum. Ég mæti því til Suður-Ameríku, á móti mér tekur fjölskyldan mín sem ég hafði aldrei hitt og talaði varla ensku. Þau skutla mér upp á sjúkrahús og þar sem hann liggur þarna og á erfitt með mál lítur hann á mig og segir: „Ég myndi aldrei gera þetta fyrir þig.“

Sandra segir sárindi ekki sitja í sér eftir þessi orð. „Því ég veit að hann myndi aldrei gera þetta fyrir mig. Ég myndi samt alltaf gera þetta fyrir hann, aftur og aftur og aftur. Því þannig eru mín gildi og þau sem ég reyni að kenna dætrum mínum. Ég sagði bara: „Ég veit það. En gott að sjá þig, pabbi minn.“ Er ekki markmiðið líka að við verðum betri en foreldrar okkar að einhverju leyti?“ segir Sandra og segist taka tillit til þess að faðir hennar hafi átt erfða æsku og upplifað hluti sem við getum ekki gert okkur í hugarlund.

#### Sinntu deyjandi föður sínum

Föður hennar voru gefin mest þrjú ár en lifði í sjö. „Við systurnar fengum þá símtal þar sem hann sagði að við yrðum að koma út strax því honum væri að hraka. Hann vildi ganga frá alls kyns pappírur en hann arfleiddi okkur að jörð sem hafði verið í fjölskyldunni í meira en öld.“

Systurnar héldu út og dvöldu hjá deyjandi föður sínum í þrjár vikur.

„Það er engin líknardeild eða heimahjúkrun og við eiginlega úti í sveit.“

Systurnar voru því skyndilega komnar í umönnunarhlutverk og faðir þeirra veikari en þær höfðu gert sér grein fyrir.

„Við þurftum að gefa honum lyf, skipta um á rúminu og skipta á honum. Það þurfti að skipta á öllu daglega og enginn þurrkari til staðar og léleg þvottavél," segir hún og bendir á að þetta hafi reynt á stolt föður síns. „Hver vill hafa börnin sín í þessu hlutverki?“

Heimilisadstæður voru aðrar en við eigum að venjast hér. „Við myndum ekki kalla þetta hús, göt í veggjum og köngulær um allt. Við notuðum flugvélakoddana undir



Sandra segir barnaverndarmál eiga sérstakan stað í hjarta sínu enda hefur hún starfað um árabíl að þeim málefnum.



**Pabbi var búinn að fela peninga um allt hús og við systurnar sváfum með tösku með peningum á milli okkar og hafnaboltakylfu og sveðu undir rúmi.**

höfuðið og kyntum með einum gasofni sem við þorðum ekki að sofa með í gangi.“

Sandra segir tímunn þó hafa verið dýrmæt. „Þó að þetta hafi verið erfitt þá hugsaði ég bara um þennan tíma með hlýju," segir Sandra en auk þess að eiga tímann með deyjandi föður sínum, náðu þær systur, sem ólust upp sitt í hvoru lagi, að tengjast enn betur.

#### Sváfu með sveðu undir rúmi

„Pabbi var búinn að fela peninga um allt hús og við systurnar sváfum með tösku með peningum á milli okkar og hafnaboltakylfu og sveðu undir rúmi. Við gættum þess alltaf að fara í banka í þarnæsta bæ svo enginn í þorpinu vissi að við værum að taka

út peninga. Pabbi var líka orðinn svolítið ruglaður svo stundum vorum við líka hræddar við hann. Þetta var eins og þegar maður var með ungbarn, maður svaf en samt ekki.“ Eftir þrjár vikur kom Viktor, bróðir þeirra, og tók við. „Hann fann konu sem leigði út rúm hjá sér sem voru í raun fyrir fólk til að deyja í. Hann kom þarna fyrir þar og græjaði húsið hans. Best hefði verið ef hægt hefði verið að enda þetta þarna og við hefðum getað verið hjá honum í stað þess að hann endaði einn í rúmi hjá einhverri ókunnugri konu sem hélt honum á lífi lengur en hann vildi því hún fékk auðvitað greitt fyrir dvöl hans.“

Systkinin náðu ekki að vera viðstödd jarðarför föður síns enda venjan í Chile að þær séu fljótlega eftir andlát. „Ef ég sé eftir einhverju þá er það að hafa ekki getað fylgt honum síðasta spölinn," segir Sandra en þau horfðu saman á hana á Skype. „Við héldum svo minningarathöfn í Fríkirkjunni, það skipti máli fyrir okkur að hafa þessa lokun og samveru okkar fjölskyldunnar.“

#### Gerði upp hústökuhús

Sandra og barnsfadir hennar eignuðust aðra dóttur árið 2009 en skildu svo 2011. „Maður hafði kannski ekki þroskann til að rækta samband í öllum asanum, barn-eignum og námi," segir Sandra en þau eru góðir vinir í dag. „Ég er mjög þakklát fyrir okkar samband enda mikilvægt fyrir börnin sem eiga ekki að líða fyrir það að við höfum ekki náð að ganga ævina saman.“

Eftir skilnaðinn festi Sandra kaup á húsi í verulegri niðurníðslu í gamla Vesturbænum. Húsið hafði verið yfirtekið af hústökufólki og var vægast sagt í bágu ástandi og fengu kaupin töluverða umfjöllun á sínum tíma.

„Þetta var rétt eftir hrun og slitastjórn hafði tekið þetta hús yfir eins og fleiri. Þegar húsið var auglýst til sölu fóru myndirnar að ganga manna á milli á netinu þar sem fólk var að hneykslast á ástandi þess.“ Sandra gerði strax tilboð sem var tekið ásamt loforði hennar um að eiga við hústökufólkið.

„Það var í raun og veru gott að þau voru þarna, því þau héldu hita á húsinu sem kom í veg fyrir að það skemmdist enn meira," segir Sandra en um átta manns höfðu hafst við í yfirgefnum húsinu í um eitt og hláft ár. Sandra segist hafa gefið þeim góðan tíma til að yfirgefa húsið og þau átt fin samskipti.

#### Bilfarmar af rusli

„Þau héldu svo partí kvöldið áður og skildu bókstaflega allt eftir. Húsið var auðvitað korter í ónýtt og ég hef hlegið að því að ég hélt að það þyrfti bara að mála og rífa smá. Sem betur fer átti ég mjög meðvirka vini sem vissu að ég væri að skilja og voru skilningsríkir. Eftir á sögðu þau mér að þau hefðu haldið að ég væri að missa það," segir hún og hlær.

Engin salernisaðstæða var í húsinu og segist Sandra ekki hafa tölu á því hversu margir bilfarmar af rusli hafi farið þaðan, garðurinn var allur í örækt og í honum var til að

mynda tjald með mygluðum fiski. „Fólk hafði áhyggjur af því að ég væri að flytja með börnin í þessar aðstæður og það vakti mikla athygli að ég sagðist ætla að flytja inn á sex vikum, en ég gerði það. Það lögðust allir á eitt, vinir og fjölskylda," segir Sandra.

„Ég náði að snúa eigninni algjörlega við og búa mér og stelpunum til ótrúlega gott og fallegt heimili. Og ofan á allt saman reyndist þetta fáránlega góð fjárfesting," segir Sandra, sem er nýflutt úr húsinu til að hefja sambúð með nýjum manni sínum, Kristjáni Ra Kristjánssyni, og búa þau í Þingholtunum.

„Við kynntumst í skvassi gegnum sameiginlegan vin í hittifyrri," segir Sandra aðspurð um upphaf sambandsins. „Hann var þá með annan fótinn í Svíþjóð og hafði verið síðustu fjórtán ár en er nú fluttur formlega heim.“

#### Stökk út í djúpu laugina

Sandra starfar enn fyrir barnaverndarnefnd og situr í kæruneftnd útlendingamála. „Ég ákvað svo að stökkva út í djúpu laugina," segir hún en Sandra gefur kost á sér í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga og skoðun á samfélaginu. Ég var kosningastjóri flokksins fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar og brenn fyrir því að bæta nærumhverfi okkar," segir Sandra sem segist hafa spurt sig: „Hvenær ætlar maður að hætta að vera virkur í athugasemddum og reyna að gera eitthvað?“

„Barnaverndarmálin eiga auðvitað sérstakan stað í mínu hjarta. Ég brenn fyrir því að öll börn fái sama jarðveg til að blómstra, sama við hvaða aðstæður þau búa. Ekki síst börn nýrra Íslendinga, við gleymum því oft að stór hluti þess að eiga jöfn tækifæri er að geta sótt sér þekkingu, en mörg þessara barna búa hjá foreldrum sem ekki tala íslensku. Það eru þessir krakkar sem við þurfum að grípa. Það er margt sem má bæta í skólakerfinu en við megum samt ekki bara kasta ábyrgðinni þangað. Við erum samfélag og þurfum að axla ábyrgð á að búa til það samfélag sem við viljum.“

#### Kaus Steingrím J. fyrst

Sandra segir Sjálfstæðisflokkinn ekki endilega alltaf hafa legið beinast við enda alin upp af Framsóknarfólki fyrir norðan.

„Ég held að ég hafi kosið Steingrím J. þegar ég kaus í fyrsta skipti. Ég var líka ung og ekki byrjuð að borga skatta að neinu ráði og fannst þessi jafnaðarhugsun falleg og ég held að það sé hollt að fara í gegnum það. Síðan fullorðnast maður og í lögfræðinni lærði ég hvernig kerfið okkar virkar, þá breytist svolítið hugsunarhátturinn.“

Ég hef alveg þurft að hafa fyrir lífinu, fyrir því að sækja mér menntun og að halda heimili ein með tvö börn. Ég er búin að leggja mikið á mig og finnst algjörlega absurd að ég eigi ekki að njóta ágóðans af því. En auðvitað búa ekkert allir andlega og líkamlega við þær aðstæður að geta gert það og við eigum að veita því fólki gott líf.

Ég er ekki hlynnt jöfnuði en ég er hlynnt jöfnum tækifærum," segir Sandra. „Lykillinn þarna eru börnin, að tryggja þeim jöfn tækifæri. Starf mitt í barnaverndarnefnd varð til þess að ég kaus Sjálfstæðisflokkinn í fyrsta sinn. Fólk finnst það oft áhugavert að ég hafi kosið hægri flokk vegna velferðarmála. Það er alltaf gefið að þau séu vinstri mál en það er alls ekki svo. Kerfið á að tryggja fólki jöfn tækifæri, þannig fáum við sem mest út úr einstaklingnum og hann fær tækifæri til að blómstra. Fólk finnst kannski kalt að segja það, en það er mikil fjárfesting í að gera þetta vel," segir hún að lokum. ■

ICELANDAIR



# Gefðu heiminn í fermingargjöf



[icelandair.is](http://icelandair.is)

Með gjafabréfi frá okkur er fermingarbarnið með heiminn í höndum sér.

Gjafabréfin gilda í 5 ár og hægt er að nota fleiri en eitt gjafabréf til að kaupa flugmiða. Þú ræður upphæðinni - fermingarbarnið ræður ferðinni.

# Trúðum um of á hinsegin paradísina



Björk  
Eiðsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

Þau Daníel Arnarsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir hafa saman stýrt Samtökunum '78 undanfarin þrjú ár og eru sammála um að við sem samfélag höfum sofnað á verðinum og þau óttast þróunina.

Þorbjörg sem hefur setið á formannsstöli undanfarin þrjú ár lætur arftaka sínum eftir stólinn í framhaldi ársþings Samtakanna á morgun en Daníel, framkvæmdastjóri félagsins undanfarin fimm ár, sýnir ekki á sér neitt fararsnið. Þörfin fyrir Samtökin hefur sannarlega ekki minnkað og hafa þau náð að auka þjónustuna mikið undanfarin ár. Þau segja mikilvægt að gera samtökin sem sjálfbærust í rekstri enda sýnir sorgleg þróun í öðrum ríkjum að betra er að treysta ekki um of á opinbera styrki.

„Við getum eiginlega orðað það þannig að ég sé orðin södd, búin að vera í þrjú ár og ná því fram sem ég vildi. Ég hef það á tilfinningunni að ef ég yrði lengur þá yrði ég leiðinleg,“ segir Þorbjörg spurð um hvers vegna hún lætur af formannsembætti.

Tveir einstaklingar keppa um formannssætið og segja þau það fremur óvenjulegt. „Vanalega hefur einhver verið plataður í að taka þetta að sér,“ segir hún og hlær.

„Ég er í fullu launuðu starfi og með þrjá starfsmenn á skrifstofunni auk þess að við erum með átján verktaka, ráðgjafa, fræðara, lögfræðinga og hjúkrunarfræðing,“ segir Daníel en starfsemi félagsins hefur breyst mikið og þjónustan aukist.

„Við höfum stækkað mjög mikið á undanförunum árum og það gerðist bara um leið og við fengum svigrúm til þess með auknu fjármagni. Fram að því voru sjálfbodaliðar að brenna út. Fullt af fólki sem hefur unnið árum saman fyrir Samtökin '78 kemur aldrei aftur, það er bara búið. En okkur hefur undanfarið tekist að kjarna starfseminna betur,“ segir Þorbjörg.

## Staðan getur breyst hratt

Daníel bendir á að þau hafi lagt áherslu á að gera starfseminna sem sjálfbærasta, ekki aðeins gera samninga við hið opinbera. „Við vitum ekkert hver tekur við hinu opinbera svo við þurfum líka að afla peninga sjálf. Nú fáum við um 13 milljónir á ári frá einstaklingum, Regnbogavinum. Þannig þyrftum við ekki að tapa grunnrekstri Samtakanna þó að við fengjum ekki þjónustusamninga.“

„Þó að við séum alls ekki á þeim stað í dag þá erum við að horfa á stöðuna til að mynda í Bretlandi þar sem stjórnvöld eru að snúa baki við stærstu félagasamtökum hinsegin fólks. Við þurfum að passa upp á þetta. Að við getum rekið okkur,“ segir Þorbjörg.

„Þó svo að við séum í dag í forréttindastöðu með alla stjórnmalaflokka nema einn með okkur í liði, og þessi eini sé ekki með nema tvo þingmenn, þá getur þetta breyst svo ótrúlega hratt í hina áttina. Við erum ekki að hugsa tvo mánuði fram í tímann heldur fimm til tíu ár. Við þurfum alltaf að vera tilbúin,“ segir Daníel.

## Grunnskólabörnum hótað

Þorbjörg segir þau meðvitund um afturför í baráttu hinsegin fólks víða um heim. „Við erum mjög meðvitund og sjáum líka merki um þessa þróun hér. Við sjáum hana til dæmis í aðstæðum grunnskólabarna sem mörg hver verða fyrir aðkasti vegna hinseginleika. Við heyrum mjög ljótar sögur úr skólunum og höfum þurft að koma þangað inn í hálfgerða rústabjörgun.“

Börn hafa sjálf leitað til Samtakanna þó að Daníel segi þau með-



Þó svo að við séum í dag í forréttindastöðu með alla stjórnmalaflokka nema einn með okkur í liði, og þessi eini sé ekki með nema tvo þingmenn, þá getur þetta breyst svo ótrúlega hratt í hina áttina.

Daníel

vitund um að það sé á gráu svæði. „Við fylgjum bara umboðsmanni barna sem segir að börn eigi líka rödd og rétt á þjónustu án milligöngu foreldra. Við vorum síðasta haust að fara í skóla eftir skóla þar sem var sjálfskaði, sjálfsvíg og morðhótanir barna á milli,“ segir hann og bætir við:

„Það er óþolandi algengt að börn sem hingað koma í ráðgjöf segi að þeim hafi verið hótað. Það er ógeðfellt.“

„Það er á Íslandi ákveðin værukærd gagnvart hinsegin réttindum og hún er stærsti óvinurinn. Það er algengt að fólk hugsi: Þessi unga kynslóð er bara með þetta,“ segir Þorbjörg sem segir mikinn mun á því hvernig tekið sé á slíkum málum á milli skóla.

„Yfirleitt komum við inn með fræðslu bæði fyrir starfsfólk og nemendur. Ein svona snerting hjálpar en það þarf mikið meira til. Það þarf að verða alvöru vitundarvakning hjá foreldrum og skólafólki. Svona menning leysist ekki upp eftir einn fyrirlestur frá Samtökunum '78. Sumir veigra sér við að ræða hinsegin málefni af ötta við að segja eitthvað vitlaust og ég skil það alveg enda geta unglingar verið ansi óvægnir. Það má samt ekki verða til þess að það sé ekki tekist á við þessa hluti.“

## Erum öll með fordóma

Daníel segist ekki hafa verið ráðinn í sína stöðu vegna sérfræðiþekkingar sinnar á hinsegin málefnum.

„Ég þyrfti að læra mikið þegar ég

Daníel og Þorbjörg segja ákveðna værukærd hafa verið gagnvart hinsegin réttindum hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

byrjaði, ég vissi nánast ekki hvað intersex var en ég lærði og var svo treyst til að vera í nefnd um intersex málefni árið 2020," segir Daníel og heldur áfram: „Maður getur nefnilega lært svo margt. Við verðum líka að vera auðmjúk gagnvart baráttunni og skilja að manneskja verður pirruð ef við erum hundraðasta manneskjan í dag sem notar til dæmis vitlaust fornafn. Við vitum ekki hvað fólk er að ganga í gegnum.“

„Fyrsta tilfinningin sem maður fær þegar maðni er bent á eigin fordóma er að læsast og þræta fyrir þá," segir Þorbjörg. „Auðvitað þurfum við að taka ábyrgð á því sem við segjum og gera okkar besta en það er gott að átta sig á því að maður getur verið mjög góð manneskja en jafnframt sagt eitthvað fordómafullt og særandi. Það sem svo gerist í framhaldi sker úr um það hvernig maðni er tekið. Ef maður fer ekki í vörn heldur hlustar og meðtekur og reynir að gera betur verða viðbrögð fólks betri og samfélagið betra.“

„Við erum öll með fordóma," segir Daníel. „Það er ekki þar með sagt að þeir séu í lagi. Við þurfum að vera auðmjúk, hlusta og læra.“

#### Fleygur rekinn í Samtökin

Þorbjörg segir að sem samtök séu þau alltaf í línudansi. „Við viljum fá fólk með okkur í lið án þess að svíkja hópana sem við erum að berjast fyrir. Svo við erum alltaf að feta einhvern milliveg.“

„Það er ekkert leyndarmál að árið 2016 er rekinn fleygur í þessi samtök," segir Daníel og á þar við umdeilda inngöngu BDSM-samtakanna. „Það reyndist virkilega erfitt fyrir Samtökin og marga einstaklinga innan þeirra," segir Daníel og aðspurður viðurkennir hann að mótsþyrnan hafi verið sterkari meðal eldri meðlima.

„Í kjölfarið var varla hægt að halda viðburði hérna né tjá sig opinberlega af ötta við að verið væri að sundra frekar en sameina," heldur hann áfram. Aðspurð segjast þau bæði þó á því að ákvörðunin hafi verið rétt.

„BDSM-félagið kemur með mikilvæga umræðu inn til okkar, varðandi til dæmis samþykki og þetta eru mjög vonduð félagsamtök. Ég held að það séu engin önnur hagsmunasamtök sem tala jafn mikið um hætturnar í kynlífi og mörk. Það eru bókstaflega slagorðin þeirra," segir Daníel og bendir á að þeir sem voru á móti inngöngunni hafi einnig verið að hugsa um hagsmuni Samtakanna.

„Það er líka sú kynslóð sem er búin að ganga í gegnum HIV og AIDS, fara í jarðarför eftir jarðarför til að kveðja vini. Þau voru rekin úr vinnu fyrir það hver þau eru og rekin út úr húsnæði, gátu hvergi leigt og flúðu jafnvel land. Þetta er fólk sem hefur upplifað svo svakalega og óskiljanlega fordóma á eigin skinni. Auðvitað situr þetta eftir og það er ekki hægt að aftengja það. Hinsegin fólk var lengi að ná baráttunni út úr svefnherberginu og þarna held ég að einhverjir hafi upplifað að verið væri að draga hana þangað inn aftur. Fólk óttaðist líka að Samtökin myndu tapa trúverðugleika sínum, sem gerðist sem betur fer ekki," segir Þorbjörg.

#### Samstaðan skiptir svo miklu

Daníel segir þá sem hafa yfirgefið Samtökin ekki alla komna til baka en virkt samtal sé í gangi og það skipti máli að endurheimta þá meðlimi sem fóru.

„Það er alltaf reynt að sundra mannréttindasamtökum því þannig er auðveldara að tækla þau. Við erum ekkert að hugsa mikið um það á Íslandi í dag en ef það tæki við fasistastjórn eins og í Póllandi, Ungverjalandi eða eitthvað í ártina að því sem er að gerast í Bretlandi, skiptir samstaðan svo miklu.

Það er ekki bara mikilvægt að þau komi til baka heldur að þau séu þátttakendur í baráttunni og þeirra rödd heyrst.“



Innganga BDSM-samtakanna í Samtökin '78 olli ákveðinni sundrun árið 2016.



**Svona menning leysist ekki upp eftir einn fyrirlestur frá Samtökunum '78.**

Þorbjörg

Þau segja mikilvægt að þessi hópur upplifi ekki að Samtökin séu á móti þeim. „Ég held að það hafi líka setið í þeim að unga kynslóðin virtist ekki skilja trámað sem þau höfðu gengið í gegnum. Það vantaði kannski aðeins upp á auðmýktina," segir Þorbjörg.

„Að yngra fólk hafi kallað einstakling sem var hrakinn úr landi „hvítan forréttindahomma“ er eðlilega særandi," segir Daníel. „Þetta varð mjög ljótt inni á spjallborðum og inni í lokuðum hópum. Og nánast stríðandi fylkingar. En það má ekki vera þannig. Á meðan við stríðum hér innanborðs, >>

# Sölusýning

Tilboðsbæklingurinn okkar er kominn út. Hann er fullur af gæðatækjum á sérstöku tilboðsverði sem gildir í mars.

Í tilefni þess bjóðum við **afslátt af öllum vörum í dag, laugardaginn 5. mars**, sem eru ekki nú þegar á tilboði.

Opið frá 11-16.

Afsláttarkóði í vefverslun: **mars**



Skoðaðu nýja tilboðsbæklinginn okkar á [sminor.is](http://sminor.is)!



100  
ÁRA 1920-2020

5  
ÁRA \* \* \* \* \*  
ÁBYRGÐ

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Athugið að þessi kjör gilda aðeins um heimilistækjahlutann í vefversluninni.



Þorbjörg og Daniel segja Samtökin hafa stækkað gífurlega á undanförunum árum til að mæta uppsafnaðri þörf. Sjálfbærni þeirra sé þó mikilvæg ef lítið er til þróunar í sumum Evrópulöndum.

» sitja fasistarnir og hlæja,“ segir hann ákveðinn.

Þorbjörg bætir við að þetta sé það fyrsta sem andstæðingar baráttunnar noti. „Þeir segja þá: Allt þetta eldra fólk er farið úr Samtökunum. Staðreyndin er sú að mörg eru komin aftur og það skiptir okkur líka máli að halda beinni línu til eldri kynslóðanna, við þurfum þeirra reynslu. Þegar einhverjir sem kölluðu sig hommabanasveitina hótuðu hommum í haust, sögðust ætla að drepa hommann í einstaklingnum með því að berja hann, þá leituðum við til Harðar Torfa,“ segir Þorbjörg og bætir við: „Ef einhver hefur reynslu af því að fá hótanir...“ og Daniel svarar: „Þá er það Hörður Torfason.“

#### Morðhótanir og sjálfsvíg barna

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)



**SÉRHÆFÐ  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA  
MEÐ ÁHERSLU Á 60+**



Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð  
Sími 783 8600 | [elin@buumvel.is](mailto:elin@buumvel.is) | [www.buumvel.is](http://www.buumvel.is)

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA  
STARFSKRAFTINN**

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**

Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)  
Arna Rut Kristinsdóttir, [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

# Þú finnur draumaeignina á Costa Blanca á Sumareignir.is

1.200 fasteignir til sölu á Costa Blanca og Tenerife



### Glæsilegar íbúðir

- ▶ Flottur sundlaugagarður
- ▶ Úti og innisundlaug
- ▶ Líkamsrækt.
- ▶ Húsgagnapakki fylgir.
- ▶ **Verð frá 29 milljónum.**



### Frábært verð

- ▶ 2ja og 3ja herbergja.
- ▶ Húsgögn, heimilistæki og fleira fylgir.
- ▶ **Verð frá 25 milljónum.**



### Rétt við golfvöll.

- ▶ Húsgagnapakki fylgir.
- ▶ **Verð frá 24.5 milljónum.**



### Yfir 500

**endursölufasteignir**



Raðhús, parhús og einbýli við strönd eða golfvelli.




Sigurður Oddur Sigurðsson | Löggiltur fasteignasali  
Ágústa Guðrún Ásbjörnsdóttir | Sölustjóri fasteigna á Spáni

**616 8880**



# PROBI® : FAMILY

eru bragðgóðar tuggutöflur fyrir  
alla fjölskylduna - frá 3 ára aldri.



## PROBI® : FAMILY inniheldur:

Sérvalda samsetningu af  
einkaleyfavörðum mjólkursýrugerlum  
sem hafa jákvæð áhrif á ónæmiskerfið  
auk fólásín, D- og B12- vítamín.

PROBI® vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og stórmörkuðum.

Heimili Guðnýjar M. Magnúsdóttur leirlistakonu og hönnuðar er bæði fallegt og listrænt. Guðný býr í Hlíðunum á þriðju hæð og útsýnið út um stofugluggann skartar sínu fegursta yfir taknrænar byggingar borgarinnar eins og Perluna og Hallgrímskirkju.

sjofn@frettabladid.is

Íbúð Guðnýjar er hlýleg og listræn, sem er nostalgia fyrir listamanninn að njóta. Íbúðin er ekki stór eða rúmír hundrað fermetrar en rýmið nýtist afar vel. Guðnýju er margt til lista lagt og ber heimili hennar þess vel merki. Handbragð hennar er víða og gaman að sjá hversu listræn hún er.

Heimilisstill Guðnýjar er módern funkis en hún leggur líka mikið upp úr því að hafa hlýlegt og notalegt í kringum sig. „Ég vil hafa húsgögn og hluti sem veita mér innblástur en ég elska fallega hluti, húsgögn, hönnun, listaverk og handverk. Íbúðin mín er ekki stór en vel skipulögð, björt og kósí, þar slær hjartað. Stofan, svalirnar mínar, eldhúsið og rúmgóða bjarta svefnherbergið mitt eru þau rými sem ég nýt best. Svalirnar verð ég þó að nefna sérstaklega en þær eru mér sérstaklega kærar því þar get ég setið og notið útsýnis yfir tebolla eða glasi af kældu hvítvíni með einhverju ljúffengu af grillinu. Þær öðluðust nýtt og betra líf eftir að þær voru yfirbyggðar, svalalokun sem gerir það að verkum að nota má þær allt árið, þær eru eins og viðbótarherbergi.“

Hvað er það sem þér finnst gera

# Listrænt heimili leirlistakonu



Guðný er með vinnustofu á Hafnarbraut í Kópavogi þar sem hún vinnur meðal annars í postulín og steinleir, skúlp-túra, skálar, bolla og fleira fyrir fagurkera og listunnendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Skúlp-túrinn á svalaveggnum er eftir Guðnýju og verkið heitir Skaflar.

legra efna þykir mér áhugaverðast svo sem tímurs, járn, leðurs, vefnaðar, glers og keramíks. Ég er ekki hrifin af plasti svona almennt eða gerviefnum.“

**Rosenthal-stell í uppáhaldi**  
*Þegar þú velur borðbúnað og aðra hluti sem prýða heimilið er eitt-hvað sem er í forgrunni?*

„Mér finnst sérlega gaman að setja saman handunna muni í postulíni og leir með fjöldaframleiddri hönnun, ég hef lengi átt fallegt alhvítt matar- og kaffistell frá Rosenthal sem ég nota mikið með mínum eigin handgerðu hlutum, til dæmis randaskálunum sem ég geri í mörgum stærðum og lögum auk margs konar diska. Þeir ganga vel saman með „sparistellinu“ jafnt sem á hversdagsborðinu.“

Aðspurð segir Guðný að hennar uppáhaldsmatarstell sé frá Rosenthal. „Frá því að ég fór að velja hönnun fyrir mér hef ég ávallt skostað vandaða hönnun og þegar ég gifti mig um miðjan áttunda áratuginn valdi ég hvítu línuna Suomi, hönnun Timo Sarpaneva frá Rosenthal.“

Guðný á marga hluti sem eiga sér sögu og þykir sérlega vænt um þá, bæði stærri og minni gripir eins og húsgögn, listaverk og listmuni. „Oft tengjast þeir þeim persónum, listamönnum eða hönnuðum sem gerðu þá, hvernig ég eignaðist þá og hvernig þeir síðan tengjast mér. Það sama á við um þau listaverk sem ég held upp á og eru á veggjunum hverju sinni. Ég skipti þeim annað slagid út og einnig finnst mér frískandi að endurraða í stofunni sérstaklega.“

**Verk eftir áhugaverða listamenn**  
*Átt þú þinn uppáhaldshönnuð eða listamann?*

„Þessir áður nefndu hönnuðir eru í sérstöku uppáhaldi, eða margir af norrænu hönnuðunum auk nokkurra af arkitektum Bauhaus-skólans. Ég á þó nokkra uppáhaldsmyndlistarmenn og má þar nefna Birgi Andrússon, Hörð Ágústsson, Þór Vigfússon, Rúnu og Gest sem voru mér eins og listrænar fósturforeldrar, Eddu Jónsdóttur, vinkonu mína og fleiri. Auk þess á ég verk eftir nokkra erlenda listamenn sem ég held sérstaklega mikið upp á.“


Listaverk og listmunir eru Guðnýju mikils virði og hafa verið það alla tíð. „Sem ung manneskja tók ég alltaf eftir því ef eitthvað fallegt verk var hjá fólki og vandist því líka á mínu æskuheimili að það skipti máli. Frá upphafi hef ég lagt upp úr því að eignast verk listamanna sem mér finnst áhugaverðir og ég mundi vilja hafa í kringum mig. Sannarlega eru þeir mörgum sinnum fleiri en ég hef nokkurn tíma haft tök á að eignast, en nýt þess þá að njóta þeirra á sófnum og sýningum. ■



Randaskálarnar gerir Guðný í mörgum stærðum auk margs konar diska.



Fallegir listmunir í glugganum hjá Guðnýju.



Borðstofuborðið er einnig finnst eftir Alvar Alto og við það er Guðný með ósamstæða stóla eftir Arne Jakobsen, Eames og tvo eldri leðurstóla. Þeir eru svartir og ganga vel við borðið.

## 20% afsláttur\* af Stjörnumedferðinni

Ávaxtasýrumedferð sem vinnur á andlitslínunum, slappri húð, litabreytingum, þurri líflausri húð og örum.



Einnig er hægt að bóka tíma í persónulega ráðgjöf. Hjartanlega velkomin.



\*gildir til 31. mars 2022



Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EDA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvetur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)

## Þjónusta

### Málarar

#### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. [www.regnboгалitir.is](http://www.regnboгалitir.is) malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná [www.k2.is](http://www.k2.is)

## +++ EDALVERK +++

- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögun

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á [verk@edalverk.is](mailto:verk@edalverk.is)



RÚNARMURARI EHF  
S 774 3800

HÚSAVIÐGERÐIR  
MÚRVIÐGERÐIR  
STEYPUVIÐGERÐIR  
ENDURHRAUNA  
TRÖPPUVIÐGERÐIR  
MÁLNINGARVINNA  
ÞAKMÁLUN  
FLÍSLAGNIR  
o.m.fl.

10 ára reynsla í utanhússviðhaldi  
Tilboð þér að kostnaðarlausu

<https://runarmurari.is/>  
[runarmurari@gmail.com](mailto:runarmurari@gmail.com)  
VSK 135377

## Skemmtanir

Bingóleiga  
[bingospil.is](http://bingospil.is)

### Rafvirkjun

Dyrasímakerfi 777 4944  
Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.  
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

GEFÐU  
VATN  
gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf  
kirkjunnar



Þú ert ráðin/n!  
Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

FAST  
Ráðningar



Gamli glugginn úr,  
nýi glugginn í  
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,  
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - [gluggagerdin@gluggagerdin.is](mailto:gluggagerdin@gluggagerdin.is)

## GRÝLUKERTI?

Rennuvír  
frá kr/m  
1.490

Er hættu á að vatn leki inn eða rennurnar brotni? Hitavír í rennur heldur vatnrásinni opinni og bærðir ísinn. Tilbúin kitt til líka.

Purrktæki  
frá kr  
45.990

## RAKIR GLUGGAR?

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA



# Íshúsið



# viftur.is

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Keypt  
& Selt

## Til sölu



Hlaupabretti TechnoGym Rice línar. Keppnisbretti. Ekta stöðvartæki og fyrir þá sem gera kröfur. Sýnir: Tíma, vegalengd, hraða, hallagráðu, hjartslátt og vinnu Cal. Hraði frá 0,4 - 25 Km. á klst. Halli fram um 5 % aftur 25%. Ónotað, niðursett verð: Kr. 300.000,- Nokkur bretti til, auk fleirri upphitunartækja. vifilberg@vifilberg.is GSM 8944818.

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is

Kassagítarar  
á tilboði

Gítarar og  
hljómborð  
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Mobility.is

Hjól og hjálpartæki, sala og leiga

## Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Heilsa

## Heilsuvörur



## Heimilið

## Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI  
+ SKIPTITASKA

Verð frá 109.900 kr. Barnið Okkar -  
Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313  
barnidokkar.is

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is



vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík  
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

job

Finnum draumastarfið saman




Erum við að leita að þér?

## Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



FYRIR

EFTIR

Bílsætaviðgerðir-, mótorkjóra og snjósléðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

## Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hs@bolstrun.is](http://www.hs@bolstrun.is)

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

[www.fjardarbolstrun.is](http://www.fjardarbolstrun.is)

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • [fjardarbolstrun@gmail.com](mailto:fjardarbolstrun@gmail.com)

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 tímbrí.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)



viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

# HRAUNGATA 15-17

GLÆSILEGAR NÝJAR ÍBÚÐIR  
Í URRÍÐAHOLTI Í GARÐABÆ




**heimili**  
fasteignasala  
á traustum grunni

## NÝTT Í SÖLU



**Opið hús í dag 5. mars klukkan 11:00 – 16:00  
og sunnudaginn 6. mars klukkan 12:00 – 15:00**

**Til að tryggja gott aðgengi allra að eignunum þurfa allir að skrá sig fyrirfram í opna húsið.**



Verð frá **51.5 - 86.9 millj.**

Afhending í lok júní 2022.

- Glæsilegar nýjar fjölskylduvænar íbúðir.
- Íbúðir afhentar fullbúnar án gólfefna.
- Stærðir frá 70 fm – 127 fm, 2ja til 4ra herbergja.
- Vandaðar innréttingar frá Axis.
- Stæði í bílageymslu með flestum íbúðum.
- Frístandandi sér loftræstikerfi sem eykur lífsgæði.
- Allar íbúðir með suðursvalir eða verönd.
- Glæsilegt útsýni að Urriðavatni.
- Frábær staðsetning við útivistarsvæði og úrval verslana.
- Traustur byggingaraðili, MótX ehf.

**BÓKIÐ YKKUR Í OPIÐ HÚS - SENDIÐ OKKUR PÓST.**



**Gunnlaugur A. Björnsson**  
Löggiltur fasteignasali | s. 617 5161  
gab@heimili.is



**Finnbogi Hilmarsson**  
Löggiltur fasteignasali | s. 895 1098  
finnbogi@heimili.is

Vinkonurnar Unnur Ösp Stefánsdóttir og Vigdís Hrefna Pálsdóttir leika vinkonur í verkinu Framúrskarandi vinkona sem verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu um helgina. Verkið sýnir sögulega atburði í gegnum vinskapi þessara kvenna en Unnur og Vigdís eiga líka sögulegar minningar saman.

Það eru til alveg fjarlægir myndir af okkur saman, bara tveimur, þó við höfum kynnst fyrir löngu – í Leiklistarskólunum,“ segir Unnur Ösp, „Ég set alltaf sömu myndina á Facebook þegar Vigga á afmæli – ég, Vigga og Bassi á Laugaveginum.“

Þetta verk heitir Framúrskarandi vinkona, eruð þið framúrskarandi vinkonur? Vigdís Hrefna er fljót að svara: „Nei! Djók. Ekki skrifa það!“

Unnur Ösp bætir við: „Jú, við erum það. Hvað er að vera framúrskarandi vinkona? Jú, það er að standa saman í gegnum súrt og sætt, og í langan tíma,“ – „og þroskast saman,“ segir Vigdís Hrefna. „Það er sko ekki sjálfgefið. Maður eignast vini í gegnum lífið og sumir fylgja manni, með öðrum þroskumst við í sundur, en við tvær höfum borið gæfu til að vera vinkonur í gegnum ýmislegt. Þegar við vorum saman í Leiklistarskólanum bjó ég rétt hjá skólanum, en Unnur skutlaði mér gjarnan heim í rauðri Hondu Civic. Og svo var hringt: Hva? Ertu ekki búin í skólanum?“ og ég svaraði: „Jú jú – ég er bara hérna fyrir utan!“ Og þá vorum við búnar að spjalla í marga klukkutíma.“

#### Saman við fall Tvíburaturnanna

Í verkinu eru sögulegir atburðir og tíðarandi speglad í gegnum vinskapi þeirra Lilu og Elenu. En voru Unnur og Vigdís saman á einhverjum stórum stundum í sögunni? „Já, reyndar! Við vorum saman þegar Tvíburaturnarnir féllu!“ segir Unnur Ösp. Þegar hér er komið sögu birtist Bassi, maður Vigdísar Hrefnu, með yngsta barn þeirra sem þarf að fá sér að súpa. „Þessi kemur nú alltaf hérna skælbrosandi á æfingar að fá sér sopa. Margar konur hefðu nú farið á hliðina að vera með brjóstabarn og að leika svona stórt hlutverk,“ segir Unnur Ösp.

#### Tabú móðurhlutverksins

Það er ljóðrænt að sitja í framsal Þjóðleikhússins að ræða móðurhlutverkið á meðan barnið fær sér brjóst.

„Mér finnst Elena Ferrante, höfundur verksins, takast á við móðurhlutverkið á áhugaverðan hátt. Hún er óhrædd við að fara inn á óþægilega staði þegar hún fjallar um það,“ segir Vigdís Hrefna: „Þessi komplexuðu sambönd við sína eigin móður, eða við börnin sín. Hún notar mikið dætur og mæðgnasambönd í öllum sínum verkum.“

„Þessi tabú móðurhlutverksins, sem fylgir ákveðin skömm, en við könnumst allar við,“ segir Unnur Ösp og heldur áfram: „Það er ótrúlega gaman að takast á við hlutverk frá barnsaldrí til fullorðinsára, þannig að áhorfendur eru með okkur í áföllum bernskuárum sem fylgja okkur inn í fullorðinsárin – ofbeldið hefur áhrif á það hvernig þessar vinkonur bregðast við eins og þær gera, þegar þær eru að halda öllum boltunum á lofti eins og við nútímakonur könnumst við.“

#### Afrómantiserar fátæktina

Vigdís Hrefna bætir við: „Og svo er svo magnað hvernig hún tengir þetta við samfélagið – hún afrómantiserar þetta fátæka samfélag eftirstrjúðsáranna á Suður-Ítalíu sem við höfum rómantískar hugmyndir um, sem við fáum líklega í gegnum kvikmyndasöguna. „Oh, það er svo gaman á Ítalíu og allir svo hressir, og þetta heita skap!“

Þetta er bara fátækt, ofbeldi,



Vigdís Hrefna og Unnur Ösp leika í fyrsta sinn saman en hafa verið vinkonur frá unglingsárum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ekki sjálfgefinn vinskapi



Margrét Erla Maack  
margret  
@frettabladid.is

kvenhatur, mannfyrirlitning og sjúkleg hómófóbía. Þegar ég las bækurnar í fyrsta skipti minnti þetta mig á Sjálfstætt fólk, þar sem Laxness tekur hina upphöfnu og rómantísku hugmynd um sveitalíf og göggi fátæktarinnar og afhelgar hana. Þetta gerir Ferrante líka. Fátækt er ekki eitthvað sem upphafur okkur. Það að vera í endalaus ströggli dregur fram breyskari og harðari hliðar á manneskjunnar og þessar konur þurfa að afneita tilfinningum sínum til að lifa af í þessu samfélagi.“

Nú er litli karlinn búinn að drekka nóg og feðgarnir kveðja okkur. „Það er mjög táknrænt um hvað við erum búnar að vinna lengi að þessu verki að Vigga er búin að eignast barn í millitíðinni – verða ólétt, ganga með, og nú er hann hérna að koma í leikhúsið að fá sér aðeins,“ segir Unnur.

#### Eins og hálfis árs æfingatímabil

Talandi um langan æfingatíma, ætli það sé ekki óraunverulegt að vera loksins að sýna þetta þrekvirki eftir allan þennan tíma?

„Jú, og við erum eiginlega ekki alveg öruggar fyrr en við stöndum á sviðinu og tjaldid fer fyrir, þá erum við búnar að frumsýna. Þetta



Unnur, Vigdís og Bassi á myndinni sem Unnur birtir árlega á Facebook.

MYND/ADSEND



Það að vera í endalaus ströggli dregur fram breyskari og harðari hliðar á manneskjunnar og þessar konur þurfa að afneita tilfinningum sínum til að lifa af í þessu samfélagi.



Vinkonur saman í útilegu.

MYND/ADSEND



Það er mjög táknrænt um hvað við erum búnar að vinna lengi að þessu verki að Vigga er búin að eignast barn í millitíðinni – verða ólétt, ganga með, og nú er hann hérna að koma í leikhúsið að fá sér aðeins.

Unnur

er búin að vera mesta áskorunin. Við erum búnar að byrja og hætta æfingum fjórum eða fimm sinnum yfir eins og hálfis árs tímabil, og það í þessum tilfinningalega boga sem við leikarar erum vanir að vinna með þegar við erum að undirbúa hlutverk. Það er alltaf verið að kasta okkur niður eftir fjallinu í miðri fjallgöngu og það hefur reynt alveg lúmskt á. Ég var bara áðan í græna herberginu að viðurkenna það fyrir mér að ég væri komin með fiðrildi í magann,“ segir Unnur Ösp og bætir við: „Að koma allri sögunni fyrir á einu kvöldi er krefjandi. Við erum búnar að vinna í leikgerðinni og smáatriðum í sögunni fram á síðustu mínútu. Innsæi leikarans virkar þannig að maður hefur oft sterkustu tilfinninguna fyrir því hvaða augnablik verða að vera inni í sögunni og maður berst fyrir því.“

„Já, í bókunum er mikið af núönsunum og þess vegna þurfum við að vanda okkur í leikritinu hvað við erum að sýna, hvert við beinum kastaranum í það og það skiptið,“ segir Vigdís Hrefna.

#### Hættulegir staðir í manneðlinu

„Mér finnst verkið ná vel því við leikarar gera svo vel, að ég held ekkert með annarri hvorri – ég sveiflast alveg á milli, þær eru svo breyskar báðar, þær eru svo rosalega sympatískar og líka ósympatískar.“

Unnur Ösp fer á flug. „Mjög! Það er svo skemmtilegt þegar maður fær að fara í þessa hættulegu staði í mannlegu eðli, ósympatísku, ljótu, jafnvel grótesku staði. Ferrante er alltaf að fjalla um þessa staði – og við sem konur ... að fá að fara foking þangað – það er svo gaman! Allar þessar flækjur í vináttunni líka, sem við þekkjum allar: Erfið, skrártin samkeppni milli kvenna í karlaheimi. Þó svo að við séum á öðrum stað en í Napólí fyrir sjötíu árum, þá er samt sú stemmning alltaf í okkur að einhverju leyti. Þó að við vonumst til að losna undan þessu hægt og rólega. Reykjavíkurdætur eru að syngja um þetta nákvæmlega núna í Júróvisjón: „Þeir vilja okkur einar, hræðast okkur í hóp, „They love us alone – but they hate us together.“ ■

**EMMA** Dúniakki  
Nú kr. 7.995.-  
~~Kr. 15.990.-~~



**ESJA** Dúniakka  
Nú kr. 10.995.-  
~~Kr. 21.990.-~~



**50%  
AFSLÁTTUR**

**KRÍA** Hybrid jakki  
Nú kr. 7.995.-  
~~Kr. 15.990.-~~



**HRAFN** Flíspeysa  
Nú kr. 6.293.-  
~~Kr. 8.990.-~~



**EMMA** Dúniakki  
Nú kr. 7.995.-  
~~Kr. 15.990.-~~



**30%  
AFSLÁTTUR**

**RAGNAR** Ecodown® úlpa  
Nú kr. 19.593.-  
~~Kr. 27.990.-~~



**LOGAN** Hettupeysa  
Nú kr. 4.995.-  
~~Kr. 6.990.-~~



**LEAH** Flíspeysa  
Nú kr. 7.693.-  
~~Kr. 10.990.-~~



**ALDA** Parkaúlpa  
Nú kr. 20.293.-  
~~Kr. 28.990.-~~



**EYJA** Softshell jakki  
Nú kr. 9.990.-  
~~Kr. 19.990.-~~



**OUTLET 30-50%  
AFSLÁTTUR**

LAUGAVEGUR 91 · FÁKAFEN 9 · VITINN AKUREYRI

**DANIEL** Softshell jakki  
Nú kr. 9.093.-  
~~Kr. 12.990.-~~



**50%  
AFSLÁTTUR**

**EGILL** Dúniúlpa  
Nú kr. 13.993.-  
~~Kr. 19.990.-~~



**ARNAR** Parkaúlpa  
Nú kr. 20.293.-  
~~Kr. 28.990.-~~



**RAGNA** Ecodown® úlpa  
Nú kr. 19.593.-  
~~Kr. 27.990.-~~



**ESJA** Dúniakki  
Nú kr. 9.995.-  
~~Kr. 19.990.-~~



**LEAH** Flíspeysa  
Nú kr. 7.693.-  
~~Kr. 10.990.-~~



**FOLDA** Parkaúlpa  
Nú kr. 18.995.-  
~~Kr. 37.990.-~~



**OUTLET**

**HARPA** Flíspeysa  
Nú kr. 6.293.-  
~~Kr. 8.990.-~~



**NÍNA** Softshell jakki  
Nú kr. 5.995.-  
~~Kr. 11.990.-~~



**DANIELLA** Softshell jakki  
Nú kr. 9.093.-  
~~Kr. 12.990.-~~



**30%  
AFSLÁTTUR**

# Matarástin tengdi fjölskyldurnar saman



Sjöfn  
Þórðardóttir  
sjofn  
@frettabladid.iss

Karen Elísabet Halldórsdóttir bæjarfulltrúi og formaður Lista- og menningarráðs Kópavogs kynntist nýrri matarmenningu eftir að ung írönsk hjón leigðu íbúðina á jarðhæðinni hjá henni. Karen segir að matarástríðan hafi tengt þau saman í orðsins fyllstu merkingu.

Aðspurð segir Karen að hún hafi fyrst hitt ungu hjónin, Mohammad Amiri og Parizad Sedigh, þegar hún auglýsti íbúð hjá sér til leigu. „Þau voru búin að vera hér á landi í innan við ár og voru að koma sér upp heimili. Ég gjörsamlega féll fyrir þeim, sjaldan hef ég séð aðra eins von og væntingar í andlitum fólks.“ Mohammad og Parizad komu hingað til lands sem flóttamenn árið 2019 og vissu þá ekkert um Ísland. Þau komu hingað til að hefja nýtt líf. Eftir að ungu hjónin fluttu inn á jarðhæðina hjá Karenu, fór lokkandi matarilmurinn að berast upp.

## Matarilmur barst upp

„Þau voru mikið heima við fyrst og fann ég á dásemdard matarilminum sem barst upp til mín að þarna voru miklir kokkar á ferð. Það klikkaði ekki að nánast fjórum sinnum í viku var bankað upp á hjá mér og dætrum mínum með bakka sem var ávallt fagurlega skreyttur með útskornu grænmeti og kræsingum og mér boðið að smakka. Ég átti síðan að segja frá upplifuninni.“ Karen segir þetta hafi gengið lengi vel og smám saman hafi matarboðin orðið fleiri. „Þau urðu einhvern veginn hluti af okkar fjölskyldu og við þeirra. Ég gat verið þeim innan handar að læra á íslenskt samfélag og kerfi. Núna hafa þau eignast barn sem er ömmustrákurinn minn.“

## Nauðbeygð til að flýja land

Að sögn Karenar voru Mohammad og Parizad nauðbeygð til að flýja Íran enda handtökuskipun komin á þau. Hann mótmælti stjórnarháttum írönsku klerkastjórnarinnar á netmiðli. Hún hafði áður verið tekin í yfirheyrslur hjá lögreglu því að hún vildi ræða réttindi kvenna í Íran. Þau fengu veður af því að lögreglan biði eftir þeim heima og átti að handtaka Mohammad. Því urðu þau að flýja samstundis og skilja allar veraldlegar eigur eftir sem og fjölskyldu, vini og hundana sína. „Þetta er harðduglegt og elskulegt fólk, sem fær aldrei að hitta íranska fjölskyldu sína aftur sökum pólitískra ofsókna þar í landi. Við höfum því reynt að koma í þeirra stað og þau hafa auðgað okkar líf ásamt því að auka víðsýni mína og allra sem kynnast þeim.“ Mohammad og Parizad biða nú afgreiðslu Alþingis á ríkisborgararétti sem þau þrá svo heitt.

Þau hafa heillað Karenu upp úr skónum með matarmenningu sinni og hefðum í kringum hana. Matarmenningin í Íran á rætur að rekja til Persa þó að þeir séu ekki meirihluti landsmanna. Mohammad og Parizad segja matarboðin iðulega löng og stórfjölskyldur komi gjarnan saman við eldamennsku og borðhald. Einnig er gert mikið úr eldamennskunni með ýmsum kryddum svo sem saffrani og eru aðalréttir iðulega úr hrísgrjónum, grænmeti, kjöti og hnetum. Einnig er ýmsum berjum og ávöxtum blandað saman við.

Íran er frægast fyrir kebab og eru mörg afbrigði, frá chelow til koobideh. Hér deila fjölskyldurnar með okkur uppskriftum af þremur frægum réttum frá Íran, Koobideh kebab, sem er eitt vinsælasta og ljúffengasta kebabíð í Íran, kjúklinga kebab nýtur líka mikilla vinsælda og Barberry pilaf kjúklingur sem eldaður er við ákveðin tilefni.



Karen Elísabet gjörsamlega féll fyrir írönsku hjónunum Mohammad Amiri og Parizad Sedigh, útgeislun þeirra, fallettri framkomu og þeirra töfrandi matargerð. Hún segir þau hafa auðgað líf sitt og allra sem þeim kynnast.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Mohammad og Parizad heilluðu Karen með matarmenningu sinni og hefðum í kringum hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Litskrúðugir réttir þar sem kryddið leikur stórt hlutverk hvað varðar bragð og áferð. Kebab réttirnir eru bornir fram á fagurlega skreyttum bakka með útskornu grænmeti, jógúrtsósu og grjónum.

## Koobideh kebab

500 g laukur  
500 g nautahakk  
500 g lambahakk  
4 tómatar  
1 tsk. saffran krydd  
Salt og pipar eftir smekk

Byrjið á því að saxa laukinn afar smátt, jafnvel í matvinnsluvél, skiljið laukvatn frá og takið til hliðar. Saxið hakkið enn smærri ef hægt er. Setjið kryddið út í kjötblönduna ásamt lauknum. Hnoðið allt saman, notið vatn svo kjötblandan festist ekki við hendurnar. Leggið yfir plastfilmu og geymið í ísskáp í tvær klukkustundir. Hnoðið aftur

og bætið laukvatninu við. Bleytið hendur með laukvatni og búið til lengjur á grillspjót, og hafið smá holóttar fyrir betri eldun. Grillið á kolagrilli, einnig tómatana. Berið kebabíð fram með flatbrauði og/ eða hrísgrjónum.

## Kjúklinga kebab

50 g smjör  
2 stórir laukar  
1 heill kjúklingur  
2 msk. hrein jógúrt  
4 msk. ólífuolía  
Salt og pipar eftir smekk  
Saffran eftir smekk, leyst upp í vatni



Þau hafa auðgað okkar líf ásamt því að auka víðsýni mína og allra sem kynnast þeim.

Skerið laukinn í smáa bita. Skerið kjúklinginn niður í bita á disk með lauknum. Bætið ólífuolíu, saffranblöndunni, salti og pipar saman og þekið kjúklinginn með blöndunni. Hyljið vel og setjið í kæli í fjórar klukkustundir. Þræðið kjúklingabitana á spjót og gætið að því að sömu kjötbitar svo sem bringa fari á sama spjót, gætið einnig að því að laukurinn sé ekki á kjúklingnum því hann brennur auðveldlega. Setjið laukinn á annað spjót. Grillið við jafnan hita á kolagrilli.

Á meðan er smjórið brætt með saffrani, þegar um tvær mínútur eru eftir af eldun skal smyrja kjúklinginn með þessari blöndu. Það kemur í veg fyrir að kjúklingurinn verði of þurr og gefur honum fallettan lit.

## Barberry pilaf kjúklingur

4 bollar hrísgrjón  
1 laukur  
2 hvítlaukslauf  
25 g smjör  
4 bitar af kjúklingi  
1 tsk. sítrónusafi  
Salt, pipar, tumeric, kanill og karrí eftir smekk  
2 tsk. tómatpaste  
Ein únsa sykurl  
Saffran krydd

Byrjið á að hita pönnu á lágum hita og bætið við ólífuolíu, bætið síðan við kjúklingabitunum. Hitid kjúklinginn við lágan hita á pönnu, hækkið svo hitann og setjið lok á. Hitid í fimm mínútur og athugið hvort kjúklingurinn sé fulleldaður, snúið við og lokið aftur í fimm mínútur. Saxið lauk og hvítlauk og steikið með kjúklingnum. Bætið síðan við öðrum hráefnum á pönnuna ásamt 2-3 glösom af vatni. Lokið og látið malla á lágum hita í um það bil 2 klukkustundir, bætið við olíu við eftir þörfum. Bætið við saffrani sem leyst hefur verið upp í vatni. ■



Ég gjörsamlega féll fyrir þeim, sjaldan hef ég séð aðra eins von og væntingar í andlitum fólks.



# ÚTKALL



HRINGBRAUT

## ÚTKALL

HEFST 8. MARS KL. 19.30

Í þáttunum fer höfundur yfir bækur sínar og fær til sín góða gesti sem hafa tengingu við eða upplifðu slysin sem um verður fjallað í hverjum þætti.



SJÓVÁ

## Merkisatburðir

- 1865** Kirkjan á Möðruvöllum í Hörgárdal brennur.
- 1912** Fiskverkakonur í Hafnarfirði fara í verkfall. Það er í annað sinn sem konur fara í verkfall á Íslandi.
- 1938** Fólk kemst af er bæjarhúsi í Húsavík í Norður-Múlasýslu fjúka niður í fjöru í aftakanorðanveðri.
- 1970** Ísland gerist aðili að Friverslunarsamtökum Evrópu, EFTA.
- 1970** Samningur um að dreifa ekki kjarnavopnum tekur gildi eftir að 56 lönd undirrita hann.
- 1993** Bylgjan og Stöð 2 safna um 55 milljónum króna í landsöfnun til styrktar krabbameinssjúkum börnum.



Hrefna segir félagið vanda vel til allrar sagnfræðilegrar og sögulegrar útgáfu.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYFÓR



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Valdimar Viðir Gunnarsson**

Hólabergi 84, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 1. mars.  
Útförin fer fram frá Seljakirkju  
þriðjudaginn 15. mars kl. 13.00.

**Dagrún Björnsdóttir**

**Erna Valdímarsdóttir** **Friðmar M. Friðmarsson**  
**Gunnar Freyr Valdímarsson**  
**Kristinn Bjarni Valdímarsson** **Sylvía Rut Jónasdóttir**  
**Bryndís Valdímarsdóttir** **Axel Axelsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

## Söguleg útgáfa í 120 ár

Á mánudaginn verða liðin 120 ár frá stofnun Sögufélags sem hefur aukið við útgáfu sína á undanförunum árum.

arnartomas@frettabladid.is

Sögufélag fagnar svokölluðu stórhundraðsafmæli sínu mánudaginn 7. mars þegar liðin verða 120 ár frá stofnun þess. Félagið var stofnað árið 1902 með það að markmiði að gefa út heimildir um sögu Íslands og að miðla sögunni til almennings og segir Hrefna Róbertsdóttir, núverandi forseti félagsins, það markmið hafa staðist þótt starf félagsins hafi þróast og breyst í gegnum árin.

„Við stefnum á að gefa út Sögu Sögufélags síðar á þessu ári þar sem farið verður yfir þessi 120 ár,“ segir Hrefna. „Faraldurinn dró aðeins úr áformuðum hátíðarhöldum þetta vorið en við verðum með kynningu á ýmsu tengt þeirri bók á afmælisdaginn mánudaginn 7. mars og munum halda upp á útgáfu bókarinnar í haust.“ Fjöl margar aðrar bækur munu einnig koma út á árinu.

Í dag eru meðlimir Sögufélags um 700 talsins og eru þar með áskrifendur að sagnfræðiritinu Sögu sem kemur út tvisvar á ári. Hrefna segir að á síðustu tíu



þótt við séum útgáfufélag þá höfum líka rekið öflugt félagsstarf sem styður umræðu um sögulegt efni og sá hluti félagsstarfsins er nú að vakna til lífsins á nýjan leik.

til fimmtán árum hafi aukinn kraftur færst í bókaútgáfu félagsins.

„Á tuttugustu öldinni var heimildautgáfan lengst af ráðandi samhliða tímaritinu og hefur félagið þar meðal annars átt í samstarfi við Alþingi og Þjóðskjalasafn Íslands,“ segir hún. „Í dag er bókaútgáfa félagsins orðin mun öflugri og dekkar ansi mörg svið þjóðfélagsins og við erum komin upp í ein

fimm til tíu rit árlega, bækur um efni frá öllum tímaskiðum, allt frá ferðalýsingum fyrri alda til hinsegin sögu – og allt þar á milli.“

Þá hefur félagið einnig tekið þátt í stórum viðburðum í sögu þjóðarinnar.

„Félagið gaf meðal annars út bókina Konur kjósa, sem var gefin út til að fagna kosningarétti kvenna,“ segir Hrefna. „Árið 1918 gaf félagið út veglegar bækur í kringum fullveldið. Við reynum að vanda vel til allrar sagnfræðilegrar og sögulegrar útgáfu.“

Fjölbreytta útgáfu Sögufélags segir Hrefna vera tilkomna meðal annars til að þjóna fjölbreyttum bakgrunni meðlima þess sem eiga þó allir sameiginlegt að hafa áhuga á sögu og samtið Íslands. „Þótt við séum útgáfufélag þá höfum líka rekið öflugt félagsstarf sem styður umræðu um sögulegt efni og sá hluti félagsstarfsins er nú að vakna til lífsins á nýjan leik.“

Fyrir tveimur árum setti félagið í loftið sögulegt hlaðvarp sem heitir Blanda og tekur á því nýjasta sem Sögufélagið hefur tekið sér fyrir hendur. „Þar er meðal annars farið yfir nýútfið efni og viðtöl tekin við höfundu og það verður einmitt nýr þáttur af hlaðvarpinu gefinn út á afmælisdaginn á mánudag.“ ■

*Mergætt, hlýja og virðing Við andlát ástvinar*

**Ísleifur Jónsson** **Steinunn Magnúsdóttir**  
Útfarastjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

**ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR**  
Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is  
Þjónusta allan sólarhringinn

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað

Jóhanna Eiríksdóttir Sverrir Einarsson Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*

**ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA**

*Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

**+**

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**Sigríður Kristín Karlsdóttir**  
Sírý  
frá Vestmannaeyjum,  
lést 1. mars á Hrafnistu Hafnarfirði.  
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 17. mars kl. 13.00.  
Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Ljósið.

**Magnús Björgvinsson**  
**Kristín Björgvinsdóttir**  
**Gísli Björgvinsson** **Nanna Hreinsdóttir**  
**Ásrún Björgvinsdóttir** **Karl Pálsson**  
öll ömmubörnin.

**+**

Elskulegur sonur okkar,  
bróðir og mágur,  
**Guðjón Fjeldsted Ólafsson**  
landfræðingur,  
er látinn.  
Útför fer fram í Kyrrþey.

**Ólafur Á. Steinþórsson** **Sigrún Simonardóttir**  
**Steinþór P. Ólafsson** **Elinborg Siggeirsdóttir**  
**Simon Ólafsson** **Anna J. Sigmundsdóttir**

**+**

Ástkær móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,  
**Kristín Kristjánsdóttir**  
Stína  
Seljavegi 21, Reykjavík,  
lést 26. febrúar á hjúkrunarheimilinu Eir.  
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju  
fimmtudaginn 10. mars kl. 11.

**Guðmundur Ingi Pétursson** **Þórhildur Jóhannsd. Sanko**  
**Lilja Pétursdóttir**  
**Margrét Pétursdóttir** **Óskar Hlíðar Jónsson**  
og ömmubörnin.

**+**

Elskuleg móðir okkar, amma,  
langamma og langlangamma,  
**Jensína Guðmundsdóttir**  
lést á hjúkrunarheimilinu Seltjörn,  
miðvikudaginn 2. mars.  
Útför fer fram miðvikudaginn 9. mars  
í Seltjarnarneskirkju kl. 14.00.  
Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á  
hjúkrunarheimilinu Seltjörn.  
Athöfninni verður einnig streymt.

**Drífa Hjartardóttir**  
**Ingbjörg Hjartardóttir** **Sigurður Ólafsson**  
**Anna Ásta Hjartardóttir**  
**Guðmundur Ingi Hjartarson**  
barnabörn, langömmubörn og langlangömmubörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



# NEYÐ Í ÚKRAÍNU

Á hverjum degi fjölgar foreldralausum börnum sem þurfa á aðstoð SOS Barnaþorpanna að halda. Þú getur hjálpað!

Með stöku framlagi á [www.sos.is](http://www.sos.is)

Með millifærslu á reikning 0133-26-004266. Kt. 500289-2529

Með því að hringja í 907 1002 (2.000 kr.)

SOS Barnaþorpin hafa verið til staðar fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn í Úkraínu frá árinu 2003. Við erum þar nú og verðum áfram.



SOS  
BARNAPORPIN



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**Aina Björk Dam**

Suðurgötu 117, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands  
á Akranesi fimmtudaginn 3. mars.  
Útför hennar fer fram í kyrrey  
að ósk hinnar látnu.

Rósa Benónýsdóttir

Þorgerður Benónýsdóttir

Helena Björg Benónýsdóttir

Guðbjörg Benónýsdóttir

og ömmubörn.

Guðni Hjartarson

Sigmundur Lýðsson

Einar Hafsteinnsson

Gunnar Sizemore

og ömmubörn.



Elskuleg móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**Ásthildur Sveinsdóttir**

þýðandi,

lést á líknardeild Landspítalans  
28. febrúar. Útför hennar fer fram frá  
Neskirkju fimmtudaginn 10. mars kl. 13.

Pétur Sævald Hilmarsson

Snorri Freyr Hilmarsson

Axel Viðar Hilmarsson

Ivar Sturla Sævarsson

og barnabörn.

Margrét K. Sverrisdóttir

Anna Söderström

Anastasia Podara

og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, mamma okkar,  
amma okkar og systir,

**Solveig Lilja Söbech**

**Óladóttir**

Árskógum 5, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum 27. febrúar.

Útförin fer fram í Langholtskirkju,

mánudaginn 7. mars klukkan 11.00.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki MND-deildar  
Droplaugarstaða fyrir mikla alúð og hlýtt viðmót.

Victor G. Cilia

Þorgrímur Óli Victorsson

Halla Þórey Victorsdóttir

Kjartan E. Victorsson Cilia

systur og barnabörn.

Daniel Björk



Okkar ástkæra

**Ingvaldur Illugadóttir**

frá Grishól Helgafellsveit,

lést á heimili sínu Fellsenda Búðardal,  
fimmtudaginn 10. febrúar sl.

Jarðarförin hefur farið fram.

Þökkum innilega starfsfólki Fellsenda  
fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Aðstandendur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Júlíana Aradóttir**

Lóa

frá Patreksfirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn  
1. mars. Útförin fer fram frá Áskirkju,  
miðvikudaginn 9. mars kl. 15.

Helgi Gíslason

Sæunn Gísladóttir

Þórunn Arnadóttir

Guðmundur Ásgeir Björnsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona, mamma,  
tengdamamma og amma,

**Lilja Hjelm**

lést í faðmi fjölskyldunnar á  
Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann  
27. febrúar. Útför hennar fer fram frá  
Selfoskirkju föstudaginn 11. mars kl. 14.

Jóhannes Óli Kjartansson

Bergþór Kristinn Jóhannesson

Jón Þröstur Jóhannesson

Sigurlaug Jóhannesdóttir

Anna Sigurlína Tómasdóttir

Daði Hrafn Sveinbjarnarson

barnabörn.

og barnabarnabörn.

## Uppfyllir fimmtán ára gamalt markmið með heiðurstónleikum fyrir Jón Nordal

tsh@frettabladid.is

Sönghópurinn Cantoque Ensemble flytur kórverk eins þekktasta tónskálds þjóðarinnar, Jóns Nordal, í Hallgrímskirkju á 96 ára afmæli skáldsins næsta sunnudag. Tónleikarnir eru hluti af dag-skrá Myrkra músíkdaga og stjórnandi þeirra er Steinar Logi Haraldsson, kórstjóri Hallgrímskirkju.

„Markmiðið var að hafa þessa tónleika á síðasta ári 6. mars 2021, þá einmitt varð Jón Nordal 95 ára en vegna Covid frestuðust þeir. Þannig að núna verða þeir 6. mars 2022 á afmældisdaginn hans Jóns sem verður þá 96 ára gamall,“ segir Steinar Logi.

Hann kveðst hafa verið aðdáandi Jóns Nordal síðan á menntaskólaárunum þegar hann ákvað að stofna kór.

„Ég er sem sagt búinn að vera aðdáandi síðan á unglingsárunum og þegar ég var sextán ára í MH og hafði aldrei stjórnað kór eða neitt þannig, þá fékk ég þá flugu í hausinn að ég ætlaði mér að stofna kór og fór í Tónverkamiðstöð og keypti tuttugu eintök af verkinu Aldasöngur eftir Jón Nordal,“ segir Steinar Logi.

Hann kveðst í kjölfarið hafa haft samband við Jón Nordal og fengið að hitta skáldið og ræða við það um lífið og listina. Segir hann Jón hafa tekið sér vel og verið hreint út sagt yndislegur.

„Mér finnst það svolítið fyndið ef maður lítur aftur, því ég náttúrliga stofnaði aldrei þennan kór og vissi ekk-



Steinar Logi Haraldsson, kórstjóri Hallgrímskirkju, hefur verið aðdáandi Jóns Nordal síðan á unglingsárum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA HELGADÓTTIR



Cantoque Ensemble er 8 radda sönghópur sem inniheldur marga af bestu söngvurum landsins.

MYND/SVAVAR BURGUNDY

ert um að stjórna kór en ég á enn þá þessi tuttugu eintök af Aldasöng sem er einmitt eitt af verkunum sem við erum að flytja á tónleikunum og við erum þá að syngja eftir þessum nótum sem ég keypti þegar ég var sextán ára.“

Að sögn Steinars er um að ræða heiðurstónleika sem veita eins konar yfirlit yfir kórverk Jóns Nordal en þar er um auðugan garð að gresja.

„Það eru náttúrliga svona perlor eins og Smávinir fagrir, sem allir þekkja, og síðan erum við með eitthvað af stóru trúarlegu verkunum hans eins og Lux

Mundi og síðan líka þessar veraldlegu kanónur eins og Vorkvæði um Ísland og Umhverfi. Þannig að við erum með svolítið góða og heildstæða mynd yfir hans afrakstur sem kórtónskáld.“

Spurður um hvort hann búist við því að Jón Nordal muni mæta á tónleikana í eigin persónu á 96 ára afmældisdaginn, segir Steinar:

„Ég er búinn að vera í sambandi við hann og hann ætlar að mæta ef heilsan leyfir, þannig að við vonum að hann komist, en ef ekki þá veit ég að hann verður með okkur í anda.“ ■



Besti maðurinn minn, pabbi okkar,  
tengdapabbi og afi,

**Jóhann Hannó Jóhannsson**

Snorrabraut 35a,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans

fimmtudaginn 24. febrúar.

Útförin hans fer fram í Digraneskirkju

mánudaginn 7. mars kl. 13.00.

Svanhildur Óskarsdóttir

Kristján Orri Elfa Rut

Jóhanna Davíð

Brynja Brynjar

Elvar Orri

Andreas



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Róbert Tómasson**

Austurvegi 5, Grindavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Viðihlið,

þriðjudaginn 1. mars.

Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju

miðvikudaginn 9. mars klukkan 13.

Linda Björk Guðjónsdóttir

Kristinn Már Bjarnason

Óskar Róbertsson

Hermann Rúnar Helgason

Guðrún Lára Róbertsdóttir

og barnabörn.

Aðalheiður Ólafsdóttir

Sigrún Áslaug Ásmundsdóttir

Beata Wawiernia

og barnabörn.



Elskulegur bróðir okkar og frændi,

**Júlíus Gígjar Halldórsson**

Akursbraut 9, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands

á Akranesi, sunnudaginn 27. febrúar.

Útför hans fer fram frá Akraneskirkju

föstudaginn 11. mars kl. 13.

Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju:

www.akraneskirkja.is.

Fyrir hönd aðstandenda,

Sigmundur Halldórsson

Helga Wilson

Elsa Halldórsdóttir

Kristín Steinunn Halldórsdóttir



Elsku faðir okkar,

tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur J. Sveinsson**

Kópavogstúni 4, Kópavogi,

áður til heimilis í Ólafsvík,

lést á Landspítalanum

mánudaginn 21. febrúar.

Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn

11. mars klukkan 13.00. Þökkum starfsfólki gjörgæslu-

deildar Landspítalans í Fossvogi innilega fyrir kærleiksrika

umönnun og stuðning.

Hlekk á streymi má nálgast á www.streyma.is.

Sigurður Sveinn Guðmundsson

Anna Margrét Guðmundsdóttir

Tómas Guðmundsson

Guðrún Jenný Sigurðard.

Unnar Freyr Bjarnason

Sonja Erna Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Jenný Sigurðard.

Unnar Freyr Bjarnason

Sonja Erna Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður og ömmu,

**Minni Kalsæg Gunnarsson**

Hjúkrunarheimilinu Eir,

áður Dvergabakka 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á deild 3-suður á Eir í Grafarvogi fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Kari Ólafsdóttir

Sara Hilmarisdóttir

Sebastian Olafsson

Alexander Torarinn Olafsson

Snorri Ólafsson

Jonatan Olafsson

Alexander Olafsson

Alexander Olafsson



Elsku mamma okkar, tengdamamma,  
amma og langamma,

**Ingibjörg Sólbjört**

Guðmundsdóttir

frá Litla-Kambi á Snaefellsnesi,

síðast til heimilis að Gullsmára 11,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Grund

þriðjudaginn 1. mars.

Svanborg Birna Guðjónsdóttir

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðjón Gunnarsson

Guðjón Gunnarsson

Guðjón Gunnarsson

SR30

STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
30 ÁRA



KRISTJANA STEFÁNS



JAMES OLSEN

GULLÖLD

SVEIFLUNNAR

Árvissir og sívinsælir sveiflutónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

Stjórnandi & kynni: Sigurður Flosason

- ▶ 1. APRÍL
- ▶ KL. 20.00
- ▶ ELDBORG

MIDASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS



Parket

**30%**  
afsláttur



Flísar

**30%**  
afsláttur



Hljóðeinangrandi plötur

**30%**  
afsláttur



LADY  
málning

**30%**  
afsláttur



GROHE

Eldhús og  
handlaugartæki

**25%**  
afsláttur



damixa™

Eldhús og  
handlaugartæki

**25%**  
afsláttur



Sturtugler

**25%**  
afsláttur



Berlinger Haus

Berlinger Haus  
Rose Gold línan

**25%**  
afsláttur



STANLEY

Loftpressur

**20%**  
afsláttur



AVASCO

Hillurekkar

**20%**  
afsláttur



PHILIPS

Ljós

**25%**  
afsláttur

Gildir ekki af Philips Hue



Stigar  
og tröppur

**20%**  
afsláttur



**25%**

HIKOKI

Borvél, 12V  
2 stk., 2.5Ah rafhlöður, hersla 38Nm,  
sn./mín., 0-350/1400, 10 mm patróna,  
2ja gíra, Led ljós, lengd 166 mm, þyngd  
1.1 kg, kemur í HSC tösku. 5247032

**25.870** kr  
~~34.495~~ kr



**30%**

NEO

Topplyklasett

1/2", toppar 10-32 mm.  
5052513

**10.995** kr  
~~15.725~~ kr



**32%**

NEO

Verkfærataška

84-102, 18".  
5024482

**2.695** kr  
~~3.965~~ kr



**20%**

AEG

Þvottavél

1600 sn., 8 kg,  
kolalaus mótör,  
vigtar sjálfkrafa  
þyngd þvottar,  
ellefu þvottakerfi, orkuflökkur C. 1860501

**99.990** kr  
~~124.990~~ kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval

Túlípana-  
tilboð

Nokkrir litir, 10 stk. í búnti

**40%**

Túlípanar  
10 stk. 10000088

**1.490** kr  
~~2.490~~ kr



Fræ  
í úrvali

Ræktum  
garðinn

Matjurtir  
Kryddjurtir  
Sumarblóm





HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG



Húsasmiðjudagar  
**STÆRRI**  
tilboð í mars



Skanna,  
borga, út

Húsasmiðjuappið



Skoðu  
tilboðin



# Upp með sokkana!

Árlega missum við 320 pabba, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum. Sýndu lit, þekktu einkennin og kaupu sokka til styrktar Krabbameinsfélaginu.



## Laugardagur

## Hringbraut

- 18.30 Visindin og við** er ný þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknastarf innan Háskóla Íslands.
- 19.00 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.30 Pressan** Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 20.00 Stjórnandinn með Jóni G.** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.
- 20.30 Visindin og við**
- 21.00 Undir yfirborðið**

## Sjónvarp Símans

- 12.15 Dr. Phil**
- 12.57 Speechless**
- 13.19 The Neighborhood**
- 13.39 Survivor**
- 14.30 Aston Villa - Southampton**
- 17.20 Tónlist**
- 17.45 The King of Queens**
- 18.05 Everybody Loves Raymond**
- 18.30 American Housewife**
- 18.50 mixed-ish**
- 19.15 Venjulegt fólk**
- 19.45 Everything, Everything** Rómantísk mynd frá 2017 um unglingsstúlu sem lifað hefur vernduðu lífi, af því að hún hefur ofnæmi fyrir öllu, verður ástfangin af strák sem flytur í næsta hús.
- 21.20 Það er komin Helgi**
- 22.10 Captain Fantastic**
- 00.10 Are You Here**
- 02.00 Snitch**

## Stöð 2

- 08.00 Laugardagssögur**
- 08.01 Sögur af svöngum björnum**
- 08.05 Örstutt ævintýri**
- 08.10 Greinda Brenda**
- 08.12 Ég er kynlegt kvikyndi**
- 08.14 Örstutt ævintýri**
- 08.17 Börn sem bjarga heiminum**
- 08.20 Brúðubillinn**
- 08.50 Vanda og geimveran**
- 09.00 Neinei**
- 09.05 Monsurnar**
- 09.20 Strumpanir**
- 09.30 Ella Bella Bingó**
- 09.35 Leikfélag Esóps**
- 09.45 Tappi mús**
- 09.55 Siggi**
- 10.05 Heiða**
- 10.25 Angelo ræður**
- 10.35 Mia og ég**
- 11.00 K3**
- 11.10 Denver, síðasta risaeðlan**
- 11.20 Angry Birds, Stella**
- 11.30 Hunter Street**
- 11.50 Impractical Jokers**
- 12.10 Bob's Burgers**
- 12.35 Bold and the Beautiful**
- 14.25 The Goldbergs**
- 14.50 Blindur bakstur**
- 15.35 Ultimate Veg Jamie**
- 16.25 First Dates Hotel**
- 17.10 Glaumbær**
- 17.40 Kviss**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 19.00 The Masked Singer**
- 20.05 2 Hearts**
- 21.45 Dreamland**
- 23.25 Braven**
- 00.55 Life Itself**
- 02.45 Hunter Street**
- 03.10 Impractical Jokers**
- 03.35 The Goldbergs**

## RÚV Sjónvarp

- 07.16 Sögur snjómannsins**
- 07.24 Litli Malabar**
- 07.28 Stuðboltarnir**
- 07.39 Sara og Önd**
- 07.46 Rán - Rún**
- 07.51 Kalli og Lóa**
- 08.03 Úmisúmi**
- 08.26 Eðlufrúttin**
- 08.37 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
- 08.48 Zorro**
- 09.10 Kata og Mummi**
- 09.21 Stundin okkar**
- 09.45 Húllumhæ**
- 10.00 Ævar visindamaður**
- 10.25 Hvað getum við gert?**
- 10.35 Gettu betur**
- 11.40 Vikan með Gísla Marteini**
- 12.30 Kastljós**
- 12.45 5 konur - 400 ár**
- 13.35 CalmusWaves**
- 14.20 Kiljan**
- 15.00 Á móti straumnum**
- 15.30 #12 stig - Úrslitalögin**
- 15.40 Grænkeramatur**
- 16.10 Í saumana á Shakespeare - Líku líkt - Romola Garai**
- 17.05 Nábyli við rándýr**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Allt um dýrin**
- 18.25 SOS**
- 18.37 Lúkas í mörgum myndum**
- 18.45 Reikistjörnurnar í hnotskurn**
- 18.52 Lottó**
- 19.00 Fréttir, íþróttir, veður**
- 19.45 Söngvakeppnin 2022**
- 21.20 Henry's Crime**
- 23.05 Síðasti móhikaninn**
- 00.55 Poirot**
- 01.55 ÓL 2022: Risasvíg**
- 06.20 Dagskrárlok**

## Sunnudagur

## Hringbraut

- 18.30 Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.00 Suðurnesja-magasin** Vikurfréttu Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 19.30 Útkall** er sjónvarpsút-gáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.30 Mannamál**
- 21.00 Suðurnesja-magasin** Vikurfréttu

## RÚV Sjónvarp

- 07.16 Tölukubbar**
- 07.21 Mói**
- 07.32 Elías**
- 07.43 Robbi og Skrímsli**
- 08.05 Rán og Sævar**
- 08.16 Kalli og Lóa**
- 08.29 Skotti og Fló**
- 08.36 Unnar og vinur**
- 08.59 Hvolpasveitin**
- 09.21 Ronja ræningjadóttir**
- 09.44 Grettir**
- 09.56 Eldhugar - Jesselyn Radack - lögfræðingur**
- 10.00 Reikningur**
- 10.15 Ferðastiklur**
- 11.00 Silfríð**
- 12.10 Söngvakeppnin 2022**
- 13.30 Loftslagsþversögnin**
- 13.40 Okkar á milli**
- 14.10 Matur með Kiru**
- 14.40 Leiðangur til nýrrar jarðar**
- 15.30 Landakort**
- 15.40 EM stofan**
- 15.50 Undankeppni EM kvenna í handbolta**
- 17.30 EM stofan**
- 17.50 Hundalíf**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Stundin okkar**
- 18.25 Menningarvikan**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.35 Veður**
- 19.45 Landinn**
- 20.15 Ég er einfaldur maður - ég heiti Gleb**
- 21.10 Konunglegt leyndarmál**
- 22.00 Gómorra**
- 23.00 Mæri**
- 00.45 Söngvakeppnin 2022**
- 02.05 Söngvakeppnin 2022**
- 03.25 ÓL 2022: Snjóþretti**

## Sjónvarp Símans

- 12.05 Dr. Phil**
- 12.50 Dr. Phil**
- 13.30 Top Chef**
- 14.15 The Bachelor**
- 15.40 Survivor**
- 16.25 Black-ish**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
- 18.25 Morð í norðri**
- 19.10 The Block**
- 20.30 Venjulegt fólk**
- 21.05 Law and Order: Special Victims Unit**
- 21.55 Billions**
- 22.55 Godfather of Harlem**
- 23.55 Dexter**
- 00.45 FBI: International**
- 01.35 Blue Bloods**
- 02.20 Mayans M.C.**
- 03.20 Tónlist**

## Stöð 2

- 08.00 Uppskriftir fyrir svanga birni**
- 08.02 Laugardagsklúbburinn**
- 08.05 Rita og krókóðill**
- 08.10 Ég er fiskur**
- 08.12 Örstutt ævintýri**
- 08.14 Regnbogasögur**
- 08.15 Veira, vertu blessuð**
- 08.17 Risastóra næpan**
- 08.20 Litli Malabar**
- 08.20 Skoppa og Skríttla**
- 08.40 Gus, the Itsy Bitsy Knight**
- 08.50 Monsurnar**
- 09.10 Mæja býfluga**
- 09.25 Tappi mús**
- 09.30 Adda klóka**
- 09.55 Latibær**
- 10.05 Angry Birds Toons**
- 10.05 Angelo ræður**
- 10.15 Denver, síðasta risaeðlan**
- 10.25 It's Pony**
- 10.50 K3**
- 11.00 Are You Afraid of the Dark?**
- 11.45 Simpson-fjölskyldan**
- 12.05 30 Rock**
- 12.25 Nágrannar**
- 14.20 Um land allt**
- 14.55 American Dad**
- 15.15 Mom**
- 15.35 The Masked Singer**
- 16.40 The Great British Bake Off**
- 17.40 60 Minutes**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Hvar er best að búa?**
- 20.00 Fires**
- 20.55 Hollington Drive**
- 21.40 Leonardo**
- 22.30 Dröm**
- 23.00 Heimilisofbeldi**
- 23.35 Euphoria**
- 00.35 Tell Me Your Secrets**

## Mánudagur

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.30 Stjórnandinn með Jóni G.** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
- 20.00 Visindin og við** er ný þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknastarf innan Háskóla Íslands.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Undir yfirborðið**



Gestgjafarnir þrír í Eurovision.

## Horfum bara á Júrúvísión

ser@frettabladid.is

Ef allir Íslendingar væru einn og sami maðurinn gæti hann engan veginn tekið afstöðu til þátttöku landsmanna í evrópsku söngvakeppninni. Hann myndi vera jafn mikið á móti henni og hann væri með henni, ellegar gott betur; hann hataði hana á munda heitt og hann elskaði hana.

Þess vegna eru landsmenn ýmist í því að úthúða íslensku lögunum sem keppa um lokalagið, eða þeir eru tilbúnir að tilbiðja það.

Þjóðin, ef hún er einn og sami maðurinn, forklúðrar sjálfri sér aldrei meira en einmitt framan við þetta saklausa sjónvarpssefni sem Júrúvísión er.

En er ekki bara best að horfa á Júrú, trekkja framsóknarmanninn upp í sjálfum sér, taka fram köldu kótleiturnar frá því kvöldinu áður og opna flösku af freyðandi Vallas? Það er nefnilega eitthvað ofboðslega átakanlega sætt við að sjá þessi lög - og heyra. ■

## Maður margra andlita

## ■ Við tækið

benediktboas@frettabladid.is

Sindri Sindrason hefur fyrir löngu sannað sig sem besti sjónvarpsmaður landsins. Hann er rosalegur. Heimsókn eru frábærir þættir þar sem Sindri kikir í ísskápinn hjá fagurkerum. Ég ætla ekki að ljúga. Það er stórkostlegt sjónvarp.

Það er fáránlega skemmtilegt að vakna klukkan átta og neita börnunum um barnaefni til að horfa á Heimsókn. Viðurkenni reyndar að stundum þarf maður að taka þáttinn í spjaldtölvunni.

Svo les hann fréttir eins og kóngur. Það er ekki öllum gefið að vera fréttapular. Það þarf að hafa trúverðuleika til þess. Sindri hefur þann trúverðuleika.

Ög á sunnudögum birtist hann svo sem grafalvarlegur maður með



Sindri Sindrason



Sem betur fer hefur Stöð 2 áttað sig á að gimsteinn stöðvarinnar þarf að skína.

dimma rödd og segir áskrifendum frá heimilisofbeldi. Sá þáttur er stórkostlegur. Oft er það þannig að þættir taka einhverjum stakka-skiptum þegar misvitir aðilar vilja krukka í honum. En þetta virðist vera þátturinn hans Sindra. Þannig er hann líka bestur. Ög sem betur fer hefur Stöð 2 áttað sig á að gimsteinn stöðvarinnar þarf að skína og njóta sín. ■

**Leyndarmál hvannarrótar**

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrolett eru tíð þvaglát að trufla þig?

**ICEHERBS** NATURAL SUPPLEMENTS

**100% náttúruleg hvannarrót**

60 HYLKI | FÆÐUBÓG | VEENI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.





# VÍSINDIN OG VIÐ

MÁNUDAGA KL. 20.00 OG AFTUR KL. 22.00

Ný og áhugaverð sjónvarpsþáttaröð um heillandi heima vísindastarfsins innan Háskóla Íslands þar sem próffessorar og fjöldi fræðimanna opna dyrnar upp á gátt og segja frá fjölpættum rannsóknum sínum.

Þóra Katrín Kristinsdóttir efnafræðingur og Sigmundur Ernir Rúnarsson sjónvarpsmaður eru umsjónarmenn þáttanna.

Í næsta þætti segir dr. Ármann Jakobsson frá rannsóknum sínum á því yfirnáttúrulega í íslenskum miðaldatexta.



HRINGBRAUT



## SALATTÍMI Í MARS

Fjórar tegundir af geggjuðu salati í hádeginu mánudaga–föstudaga

Kjúklingasalat  
Tígrískrækjusalat  
Confit kalkúnasalat  
Nautasteikarsalat

Hummusturn fylgir með!

> 1.900 kr.

EITT SALAT + HUMMUSTURN



FJALLKONAN FAGNAR ÞÉRI!

## MG Marvel R aðeins með afturdrif í afturábak

Íslenskir bíleigendur hafa löngum verið hrifnir af fjórhjóladrifsbílum og þá er ekki sama hvað keypt er.

njall@frettabladid.is

Sænska bílatímaritið Vi Bilagare hélt á dögunum árlegt vetrarpróf á rafbílum þar í landi. Meðal þeirra bíla sem þar voru prófaðir var nýr MG Marvel R sem er auglýstur þar í landi sem fjórhjóladrifsbíll (4WD). Komust blaðamenn Vi Bilagare hins vega að því í prófunum sínum að fjórhjóladrif er aðeins virkt þegar bíllinn fer áfram, en ekki þegar bíllinn er í bakkgrí. Einnig dettur fjórhjóladrif út þegar staða rafhlöðu er lág og eður bíllinn þá bara á afturdrifinu.

Í MG Marvel R er bíllinn búinn þremur rafmóturum, tveimur að aftan og einum að framan. Marvel R er með svokallaðri einstefnukúplingu, sem er mun léttari en tvístefnukúpling. Einstefnukúplingin tryggir að framdrif sé tengt þegar aukakrafts er þörf, en það þýðir að framdrif er stundum aftengt. Getur bíllinn því átt í vandræðum með að bakka upp brekku afturábak



Eins og sjá má á myndinni spólar bíllinn í afturábak upp litla brekku í snjó.

MYND/VI BILAGARE

í hálfu. MG í Svíþjóð hefur brugðist við þessari uppgötvun Vi Bilagare með því að setja upplýsingar á heimasíðu umboðsins um að fjórhjóladrif bílsins virki aðeins þegar ekið er áfram.

„Okkur var ekki kunnugt um nákvæmlega þessa virkni fjórhjóladrifins þegar ekið er afturábak fyrr en við sáum umfjöllun Bilagare“ sagði Hlynur Hjartarson, vöru-

merkjastjóri MG á Íslandi í samtali við Fréttablaðið. „Við höfum hafið vinnu við að koma víðeigandi upplýsingum um virknina á framfæri við neytendur í öllu kynningarefni okkar um bíllinn, bæði á heimasíðu og í verðlistum auk þess sem við munum uppfæra rafrænar eigenda-handbækur með víðeigandi upplýsingum um þetta atriði,“ sagði Hlynur ennfremur. ■

## Range Rover Sport fær rafútgáfu

njall@frettabladid.is

Það er stutt síðan fimmta kynslóð Range Rover kom á markað og í framhaldinu kemur Range Rover Sport í lok þessa árs í sýningarsali. Sá bíll mun koma á MLA undirvagninum, en hann býður upp á tvinnútfærslur, tengiltvinnútfærslur og hreina rafútfærslu.

Eins og sjá má af nýjósmyndum af bílnum eru útlitsbreytingar í mildari kantinum. Búast má við



Eins og sést vel er prófunarbíllinn án pústkerfis sem bendir til þess að hér sé hreinn rafbíll á ferðinni.

hönnun í stíl við stóra bróður, eins og innfelld hurðahandföng og nýja ljóshönnun sem teygir sig aftur á frambrettin. Skögun út fyrir hjól er minni en á fyrri kynslóð en spurningin er hvort hjólhafið sé það sama.

Rafútgáfa bílsins er þó ekki væntanleg fyrr en 2024 en búast má við að hún bæti við sölu bílsins, sem er einn sá vinsælasti hjá Land Rover, en það seljast tveir Range Rover Sport á móti einum Range Rover. ■

## Triumph frumsýnir rafmótorhjól

njall@frettabladid.is

Breski mótorhjólaframleiðandinn Triumph hefur frumsýnt fyrsta eintak rafdrifins mótorhjóls sem kallast TE-1. Hjólið er samstarfsverkefni Triumph, Williams Advanced Engineering (WAE), Integral Powertrains og háskólans í Warwick. Um tilbúið hjól er að ræða sem prófað verður á næstu mánuðum á brautum og á þjóðvegum. Hjólið er hannað í kringum rafhlöðuna, sem er eins neðarlega og fyrir miðju hjólsins eins og hægt er. Kemur rafhláðan og rafmótorinn frá WAE ásamt straumbreyti, kælikerfi og hleðslukerfi hjólsins. Að



Nýja Triumph rafhjólið verður nú prófað án hlifa en næsta útgáfa þess fær meiri hlifar.

sögn Triumph setur hjólið ný viðmið í afli, drægi og hleðslutíma rafdrifna mótorhjóla. Hámarksafli rafhlöðunnar er 228 hestöfl en jafnt átak hennar er 121 hestafli, en raf-

hláðan er 15 kWst. Hámarksafli hjólsins er því 174 hestöfl í götuna en jafnt átak 107 hestöfl. Rafkerfið er 360 volt og leyfir hleðslutíma í 80% á undir 20 mínútum. ■

## Kia EV6 bíll ársins í Evrópu 2022

njall@frettabladid.is

Tilkynnt var á mánudag hvaða bíll hlýti titilinn Bíll ársins í Evrópu þetta árið. Var það rafbíllinn Kia EV6 sem hlaut titilinn að þessu sinni en tilkynnt var um valið í Palexpo sýningahöllinni í Genf þar sem Bíla-sýningin í Genf fer venjulega fram, en henni var frestað þriðja árið í röð í ár.

EV6 er fyrsti bíll Kia til að hljóta þessi virtu verðlaun og þriðji rafbíllinn frá upphafi. Kia EV6 hlaut alls 279 stig en hann keppti við sex



EV6 er þriðji rafbíllinn til að hljóta þessi verðlaun en áður höfðu Nissan Leaf og Jagúar I-Pace hlotið titilinn.

MYND/BERNHARD KRISTINN

aðra bíla um titilinn í úrslitavalinu. Keppnin um þru efstu sætin var hörð en í öðru sæti varð hinn nýi Renault Megane E-Tech með 265 stig, en þriðji var systurbíll EV6, Hyundai Ioniq 5 með 261 stig. Hinir fjórir voru talsvert neðar í stigum en fjórði var Peugeot 308 með 191 stig, Skoda Enyaq með 185 stig, Ford Mustang Mach-E með 150 stig og loks Cupra Born með 144 stig. Alls taka 59 blaðamenn frá 22 löndum í Evrópu þátt í valinu. Venjulega hafa löndin verið 23 en Rússland var útlokað frá valinu að þessu sinni. ■

# COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



**EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX.  
KOMDU OG REYNSLUAKTU!**



JEEP COMPASS TRAILHAWK



GLÆSILEG INNRETTING



JEEP COMPASS S

**JEEP RAFKNÚNU JEPPARNIR HENTA ÍSLENSKUM AÐSTÆÐUM UM ALLT LAND**

**JEEP COMPASS LIMITED**  
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI  
**7.479.000 KR.**

- LÁGT DRIF
- 360° MYNDAVÉL
- RAFDRIFIN LEDURSÆTI
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR
- 10,1" SNERTISKJÁR MEÐ LEIÐSÖGUKERFI
- BLINDHORNS OG AKREINAVARI

**5** ÁRA ÁBYRGÐ

**8** 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHFLÖÐU

**PLUG-IN HYBRID**

# Bónus mælir með!


**398**

**kr./pk.**



Frosnar Roncadin ítalskar pizzur  
350 til 380 g

# BÓNUS



Verð gildir til og með 6. mars eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**398**

kr./kg



**Myllu samlokubrauð**  
770 g  
Verð áður 495 kr.



**59**  
kr./pk.

**Kók light dós**  
330 ml  
Stök dós



**298**

kr./pk.

**Merrild kaffi special**  
400 g

**859**

kr./kg



**Frosið lambasúpukjöt**



**2.798**

kr./kg



**Frosið lambaprime**



**279**

kr./pk.



**Prótein pönnukökur**  
45 g

**1.879**

kr./kg



**Ferskar kjúklingabringur**  
Verð áður 2.179 kr./kg

**598**

kr./kg



**Ferskir kjúklingaleggir**  
Verð áður 749 kr./kg

**1.498**

kr./pk.



**QNT whey prótein**  
500 g

**698**

kr./pk.



**Bónus einstaklingsréttir**  
450 g - fjórar tegundir

**698**

kr./pk.



**698**

kr./pk.



**998**

kr./pk.



**A** Aventura.is

## Costa Ballena

Fegursta strönd Spánar

1 eða 2 vikur

Frá 99.900 kr

Allt innifalið

Beint flug með Icelandair - 22.maí



Aventura kynnr beint flug til Jerez og dvöl á Costa Ballena á glæsilegu 4 stjörnu hóteli, Alegria Costa Ballena með frábærum aðbúnaði fyrir fjölskylduna.

**Hótelíð**

Frábær gististaður staðsettur rétt fyrir ofan ströndina, með glæsilegum aðbúnaði fyrir fjölskylduna. Hér finnur þú alla þá aðstöðu sem þú vilt í fríinu.



Glæsilegan garð með risastórum vatnsrennibrautagarði, líkamsrækt, heilsulind, barnaklúbb, skemmtidagskrá og frábæra veitingastaði.



- Líkamsrækt
- Spa
- Vatnsrennibrautagarður
- Veitingastaðir
- Skemmtidagskrá
- Barnaklúbbur
- Hjólaleiðir
- Glæsileg strönd

Verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn, flug, gisting og allt innifalið á hótelinu í 7 nætur. Sjá nánar á [www.aventura.is](http://www.aventura.is)



Bókaðu á **aventura.is** eða í síma 556 2000



Hrafnhildur Hagalín leitaði aftur á æskuslóðir á Spáni við ritun bókarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÞÓR ÁRNASON

## Maður er eiginlega margar persónur yfir ævina

Leikskáldið Hrafnhildur Hagalín skrifaði sína fyrstu ljóðabók á æskuslóðum rit höfundaférlis síns á Spáni. Hún segir ljóðið og leikritið að mörgu leyti skyld form.

tsh@frettabladid.is

Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók á dögunum, sem ber titilinn Skepna í eigin skinni. Hrafnhildur hefur starfað sem leikskáld, þýðandi og dramatúrg um árabíl og getið sér gott orð fyrir störf sín á þeim sviðum. Hrafnhildur segir ljóðin hafa kviknað þegar hún tók sér þriggja mánaða leyfi frá starfi sínu í Borgarleikhúsinu fyrir þremur árum hvar hún starfaði sem listrænn ráðunautur.

„Ég hafði aldrei gefið mér neinn tíma til þess að huga að skriftum á þessu tímabili þannig að ég var orðin svolítið langeyg eftir því og bað um leyfi og fór í þrjá mánuði til Frakklands og Spánar og var ekki með neitt sérstakt plan. Ég fór í borgina Alcoy þar sem ég í rauninni hóf minn rithöfundarferil. Var áður í gítarnámi þar og svissaði svo yfir og fór að skrifa mitt fyrsta leikrit. Ég er meistarinna. Ég var þarna í tvo, þrjú mánuði og fór að rifja upp alls konar sem hafði átt sér stað þar, þannig að ljóðin eiginlega bara komu til mín.“

Í bókinni er mikið um borgar- og landslagsmyndir en þú ert líka að fjalla um tilfinningar og minningar, mætti kannski segja að þetta væri einhvers konar kontrapunktur á milli hins innra og ytra landslags?

„Já, það má kannski segja það. Það var eiginlega dálítið merkilegt að koma þarna aftur af því að það er náttúrlega langur tími liðinn og það er nú eitt það skemmtilega við að eldast að maður sér alltaf hlutina í nýju og nýju ljósi og fattar að maður er eiginlega margar persónur yfir ævina. Að koma aftur á þennan stað og rifja alls konar upp og uppgötva það hvað minningin er hál og hvað líkaminn getur geymt mikið af alls konar tilfinningum og minningum sem maður kannski nær ekki alveg yfir vitsmunalega.“

Þannig að það var ekki mikil áreynsla að skrifa bókina?

„Nei, í rauninni ekki og ég fór að lesa mikið ljóð, ég hef nú alltaf lesið töluvert af ljóðum og haft gaman af því. Það hafa margir sagt að leikritin mín sum séu ljóðræn þannig að þetta er svo sem alveg í samhengi við það sem ég hef gert áður.“

Hrafnhildur segist sammála því að ljóð og leikrit séu skyld fyrirbæri að því leytnu til að formin séu bæði mjög knöpp.

„Ljóð eru kannski svona eins og litlar óperur í sjálfu sér, þau sam-

### Orfeus

Höfuð þitt hreks eftir botninum

hver steinn á veginum verður ríkari af mykt

meðan andlit þitt eyðist og hafið setur upp helgrímu

þína

ræma í rauninni allar listgreinarnar, þau eru með hrynjandi og þau eru myndlist og það er hægt að flytja þau eins og litla leikþætti. Hrynjandið í tungumálinu í ljóði er líka í takt við leikrit að því leytnu til að þau eru flutt og það er hlustað á þau, ljóðin náttúrlega hófu sinn feril þannig að þau voru mælt af munn fram,” segir hún.

Er einhvers meira að vænta frá þér í ljóðlistinni eða heldurðu að þú munir snúa þér aftur að leikritun?

„Já, það er aldrei að vita. Ég er með alls konar í bígerð og langar til þess að fara að gefa skriftum meiri tíma. Ég er náttúrlega búin að vera í leikhúsinu núna alveg í átta ár í fullu starfi og rúmlega það þannig að þetta kallar á orðið,” segir Hrafnhildur að lokum. ■

## Uppboð til styrktar Úkraínu

tsh@frettabladid.is

Á sunnudag verður haldið listaverkauppboð í Gallery Porti til styrktar Úkraínu. Fjöldmargir listamenn taka þátt í uppboðinu og mun allur ágóði renna til mannúðar- og baráttusamtaka í Úkraínu.

Skipuleggjendur eru úkraínski listamaðurinn Alexander Zaklynsky og sænski listamaðurinn Julia Mai Linnéa María, ásamt þeim Árna Må Erlingssyni og Skarphéðni Bergþórusyni hjá Gallery Porti.

Alexander segist hafa stökkið til þegar Julia kom með hugmyndina að uppboðinu en hann á mikið af vinum og vandamönnum í Úkraínu og vildi reyna að láta gott afsér leiða.

„Ég á fjölskyldu í Úkraínu og þau eru í miklum vandræðum í átökunum og ég varð að gera eitthvað.“

Að sögn Alexanders er auðvelt að líða eins og maður sé bjargarlaus vegna ástandsins og er uppboðið ein leið til að takast á við það.



Skipuleggjendur uppboðsins eru Alexander Zaklynsky, Julia Mai Linnéa María, Skarphéðni Bergþóruson og Árni Már Erlingsson. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fjöldmargir listamenn hafa gefið verk á uppboðið, þar á meðal ljósmyndarinn Óskar Hallgrímsson sem er búsettur í Kænugarði ásamt úkraínski eiginkonu sinni.

„Núna eru í kringum fimmtíu listamenn og það bætast fleiri við dag hvern. Næstu helgi verðum við í Bíó Paradís og helgina eftir það stefnum við á að sýna nokkrar



úkraínskar kvikmyndir þar,” segir Alexander.

Um svokallað hljóðlátt uppboð er að ræða og verður því ekkert hamarshögg. Jón Gnarr setur uppboðið en hann hefur sjálfur persónuleg tengsl við Úkraínu og forseta landsins Volodímír Zelenskij.

Nánari upplýsingar eru á Facebook og artists4ukraine.com. ■

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut

h







**BÓKA**  
MARKAÐURINN  
*Laugardalsvelli*

**OPIÐ  
KL. 10 – 21  
ÖLL KVÖLD**

24. FEBRÚAR - 13. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

DÚSUNDIR TITLA



## Lykilspurningin

Hvert ertu að fara í frí?

**Pórolfur auðmjúkur á leið í frí**



**Pórolfur Guðnason sóttvarnalæknir**

„Ég ætla nú ekkert að gefa neitt upp um það. Ég er bara að fara í frí,“ segir Pórolfur Guðnason sóttvarnalæknir,

jarðbundinn að vanda, en hann er loksins á leiðinni til útlanda í smá frí eftir tæp tvö ár af kófinu mikla.

Aðspurður hvort hann sé ekki feginn segir Pórolfur: „Jú jú, auðvitað er ég það. Ég hélt þetta væri ekkert fréttæmt, þótt einhver fari í frí. Mér finnst það ekkert merkilegra en að einhver annar fari bara í frí. En það er alltaf gaman að fara í frí, jú, jú allt í góðu.“ ■

## Á skjánum

### Freyja er í alsælu



**Freyja Steingrimsdóttir**

„Um þessar mundir er ég að horfa á Euphoria, seríu 2 með hinni mögnuðu Zendayu,“ segir Freyja Steingrimsdóttir,

aðstoðarkona Loga Einarssonar, formanns Samfylkingarinnar.

„Það er erfitt að lýsa þáttunum en þeir takast á við mjög þung viðfangsefni eins og klámvæðingu, kynvitund og eiturfjaneyslu innan um hefðbundnara unglíngadrama,“ segir Freyja. „Þetta eru ótrúlega flottir þættir á alla kanta.“ ■

# Klippir saman minningar um Fjölni

Ljósmyndarinn Gauri H var sextán ára þegar hann fékk sér fyrsta húðflúrið og kynntist þá Fjölni heitnum Tattoo. Hann segir hjarta sitt í molum eftir sviplegt fráfall húðflúrlistamannsins en er byrjaður að safna fyrir gerð heimildarmyndarinnar Better to be a Viking King um sinn fallna félaga.

toti@frettabladid.is

„Ég er búinn að þekkja Fjölni síðan ég var sextán ára en þá fékk ég fyrsta flúrið,“ segir ljósmyndarinn Guðjón Svanur Hermannsson, sem aldrei er kallaður annað en Gauri H,“ um húðflúrsgóðsögnina Fjölni Bragason sem lést langt fyrir aldur fram í desember.

Gauri segir þá félaga síðan þá hafa brallað ýmislegt saman og alltaf hafi myndavélin verið með í för og nú hefur hann ákveðið að láta hugmynd Fjölnis frá 2018 rætast.

„Hann stingur upp á því 2018 að við gerum heimildarmynd um ferðalag hans til Færeyja og þetta tattú festival sem hann startaði hérna fyrir tíu árum síðan. Og ég sagði bara strax: „Já, gerum þetta,“ segir Gauri um kveikjuna að heimildarmyndinni Better to be a Viking King, sem hann er byrjaður að safna fyrir á Karolínafund.com.

#### Mölbrotið hjarta

Óvænt fráfall Fjölnis í fyrra breytir þó óhjákvæmilega fókusinum aðeins frá upphaflegu hugmyndinni og Gauri segir að áherslan verði meiri á Fjölni sjálfan, frekar en FO Tatt Fest sem hann stóð fyrir í Færeyjum.

„Ég ætla meira bara að segja frá honum, lífi hans og hvernig karakter hann var. Ég ætla að vera með viðtöl við nokkra sem voru honum mjög nánir og fókusera þannig á hvernig maður Fjölnir var og hans ferðalag í gegnum tíðina,“ segir Gauri



Gauri H ætlar að vinna sér af einurð og festu í að klára heimildarmyndina um sinn fallna félaga, Fjölni Bragason, og frumsýna í Færeyjum í maí. MYND/GAURI H

sem er einnig kominn með myndefni frá öðru fólki sem hann ætlar að klippa saman við það efni sem hann á í förum sínum.

„Hann var með svo margar hugmyndir,“ segir Gauri sem ætlar að láta eina þeirra verða að veruleika og hlær þegar hann segist fullviss um að víða gangi fólk með drauma um að láta alls konar hugmyndir Fjölnis verða að veruleika.



Ég er alveg með mölbrotið hjarta eftir að hann yfirgaf okkur.

„Algjörlega. Það er sko alveg á hreinu. Hann var með svo margar hugmyndir og við vorum að fara að gera alls konar saman svo bara yfirgaf hann okkur, kallinn,“ segir Gauri og dregur hvergi úr því hversu þungur missirinn er. „Ég er alveg með mölbrotið hjarta eftir að hann yfirgaf okkur.“

#### Sterk vinabönd

Gauri segir þá félaga hafa hafist handa strax og Fjölnir víðaði hugmyndina fyrir fjórum árum. „Við byrjuðum strax þarna og ég fór með honum á flutningaskipinu Gullfossi hingað til Færeyja þar sem við byrjuðum að skjóta efni um hátíðina. Við fórum þrjár ferðir til Færeyja og vorum líka að þvælast á Íslandi þannig að pabbi hans blandaðist sem sagt í þetta líka,“ segir Gauri um það hvernig faðir Fjölnis, myndlistarmaðurinn Bragi Ásgeirsson, kemur við sögu. „Þannig að þetta er ansi mikið efni sem maður á frá þessum árum.“

Gauri segir klárt mál að í vinnslu sé heimildarmynd um magnaðan mann. „Allir sem þekktu Fjölni Tattoo vissu hvaða mann hann hafði að geyma. Hann var með stórt hjarta og hafði mikil áhrif á alla sem tengdust honum. Hann kynnti mig til dæmis fyrir unnustu minni og í dag eigum við son sem fæddist nokkrum dögum áður en Fjölnir lést. Hann fékk því miður aldrei að hitta hann.“

Gauri segir því ljóst að saga Fjölnis sé miklu stærri en svo að henni verði gerð tæmandi skil í myndinni en hann bindi vonir við að með góðum stuðningi geti hann reist sínum fallna félaga verðugan bautastein með því að gera líf hans og list góð skil.

Þegar þetta er skrifað eru 42 dagar eftir af söfnuninni á Karolínafund og 13% af 10.000 evra takmarkinu hafa safnast og Gauri er harðákveðinn í að ljúka verkinu í tæka tíð til þess að geta frumsýnt Better to be a Viking King í Færeyjum eftir tvo mánuði.

„Það er bara ekkert annað sem kemur til greina. Fyrsta festivalið eftir Covid er í Færeyjum núna í maí og ég vil frumsýna hana þá,“ segir hann og stefnir síðan á frumsýningu á Íslandi skömmu síðar.

„Maður liggur bara nokkrar vikur yfir þessu og klippir þetta saman og þess vegna startaði ég þessu Karolínafundi þannig að ég gæti bara einbeitt mér svölitið að því að vinna þessa mynd.“

Gauri vinnur mest við ljósmyndun og gerð tónlistarmyndbanda í Færeyjum auk þess sem hann er með aðra heimildarmynd í vinnslu þar. „Mig langar bara að taka smá breik frá því og einbeita mér bara að myndinni þannig að ég geti bara sest niður og gefið mér tíma í hana án þess að hafa áhyggjur af því að þurfa að fæða konu og börn.“ ■



Gauri H og Fjölnir heitinn brölluðu ýmislegt saman og festu flest uppátækin á filmu. MYNDIR/GAURI H



**NORMANN úlpa**  
Fæst líka í svörtu  
Stærðir 40-54  
Verð 39.980 kr

**FRANSDEN léttduálpa**  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 38-54  
Verð 23.980 kr

**ZHENZI Tael regnkápa**  
Fæst líka í bleiku og beige  
Stærðir 42-58  
Verð 14.990 kr

**VEST Allaiza softshell jakki**  
Fæst líka í brúnu  
Stærðir 40-48  
Verð 22.980 kr

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





# Gledilega páska

**Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!**

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega. Litlu páskakanínurnar eru líka komnar aftur og þær eru svo sætar að þær eru ætar! Páskaegginn eru af öllum stærðum og gerðum, svo að allir ættu að finna egg við sitt hæfi.



**Skóðu úrvalið, veldu og njóttu!**





# SUNDAY ROAST

FRÁ KL. 17 Á SUNNUÐÖGUM

ÞRÍJÁR TEGUNDIR AF TRYLLTUM SEDLUM

## NAUTA RUMP ROAST

NAUTARUMP, gulrætur, brokkólíní, smælki, Yorkshire pudding, pipar-rjómasósa, chimichurri

3.500 KR. á mann

## LAMBA ROAST

Fyrir tvo til að deila

Forréttur

BBQ BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR 8 stk.

Aðalréttur

LAMBAÖXL

Eftirréttur

SÚKKULAÐIKAKA NEMESIS fyrir tvo

7.900 KR. (3.950 kr. á mann)

## NAUTALUNDAR ROAST

Fyrir tvo til að deila

Forréttir

STÖKKT „BANG BANG“ BROKKÓLÍ

BBQ BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR 8 stk.

Aðalréttur

NAUTALUND

Eftirréttur

SÚKKULAÐIKAKA NEMESIS fyrir tvo

9.900 KR. (4.950 kr. á mann)



Boðapantanir og nánari upplýsingar á [saetasvinid.is](http://saetasvinid.is)

# Ótrúlega magnað en líka mjög óvægið ævintýri

## TÖLVULEIKIR

### Elden Ring

Útgefandi: Bandai Namco Entertainment

Framleiðandi: FromSoftware

Spilaður á: PlayStation 5. Einnig til fyrir Microsoft Windows, PlayStation 4, Xbox One og Xbox Series X/S.

Oddur Freyr Þorsteinsson

Tölvuleikurinn Elden Ring kom út 25. febrúar og er fyrsti leikurinn frá framleiðandanum FromSoftware sem er gefinn út fyrir nýja kynslóð leikjatólva.

Fyrirtækið hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem einn áhrifamesti og frumlegasti leikjaframleiðandi heims, en leikir þess hafa sinn eigin stíl þegar kemur að bardagakerfum og alls kyns innri kerfum sem hafa bæði veitt nýrri gerð tölvuleikja innblástur og haft mikil áhrif á marga vinsæla leiki.

Leikurinn snýst um að sigrast á mjög öflugum hálfguðum og sameina brotin úr Elden-hringnum, en heimurinn steypist í glötun þegar hann var brotinn. Sagan er dularfull og óskýr og yfirleitt ekki aðalmálið í FromSoftware-leikjum, en hún er sögð í litlum þörtum og skýrist hægt.

### Elden Ring er erfiður

Allir sem vita eitthvað um FromSoftware-leikina vita að þeir eru óaðgengilegir, erfiðir og að leikmenn deya mikið. Elden Ring krefst þolinmæði, einbeitingar og þrautseigju, en það sem gerir hann og aðra FromSoftware-leiki svo heillandi er að þeir eru aldrei ósanngjarnir og af hverjum einasta dauðdaga má draga lærdóm. Þetta er alltaf bara spurning um að kynnast hættunum og finna leiðir fram hjá þeim, sem gerir það svo gefandi að komast áfram.

En margir komast ekkert áfram í þessum leikjum til að byrja með, þannig að ég myndi ekki mæla með því að kaupa Elden Ring nema fólk viti hvað það er að fara út í. Það gæti borgað sig að prófa Demon's Souls eða Dark Souls fyrst eða að minnsta kosti læra af YouTube.

### Ótrúlega ávanabindandi


Ef fólk er tilbúið í áskorunina býður Elden Ring upp á einstaka, heillandi og afskaplega ávanabindandi upplifun. Leikurinn er líka aðgengilegri en margir aðrir FromSoftware-leikir að því leyti að hann gerist að miklu leyti í stórum opnum heimi þar sem leikmenn hafa frelsi til fara bara eitthvað annað ef þeir lenda í erfiðleikum.



Í dýflissum Elden Ring mæta leikmenn erfiðustu óvininum.

Elden Ring gefur leikmönnum ný tól til að sigrast á óvinum sínum, eins og anda sem berjast með þeim.

MYNDIR/PLAYSTATION.COM



Elden Ring kom út fyrir PlayStation, PC og Xbox.

MYND/PLAYSTATIONSTORE



Ef fólk er tilbúið í áskorunina býður Elden Ring upp á einstaka, heillandi og afskaplega ávanabindandi upplifun.

Síðan er hægt að koma aftur þegar maður hefur styrkt sig með því að sigrast á einhverju auðveldara. Leikmenn fá líka nóg af tækifærum til að vista árangur sinn, svo það fer minni tími í að komast aftur á sama stað ef maður deyr. Elden Ring gefur manni líka ný tól til að sigrast á hættunum, eins og hest og anda sem þú getur fengið til að berjast fyrir þig, sem munar mikið um.

Það er alltaf gaman og þess virði að kanna heiminn og svo er hægt að fara í svokallaðar dýflissur, bæði litlar og stórar, þar sem maður mætir erfiðustu óvinum leiksins og fær bestu verðlaunin. Sumar dýflissur eru nauðsynlegar til að klára leikinn en flestar eru minni og auðveldari.

Ef ég ætti að nefna galla mætti kannski benda á að það mætti vera meira um tól til að auðvelda manni lífið. Eins og til dæmis skrá yfir verkefni sem maður hefur tekið að sér til þess að auðvelda yfirsýnina. Svo á kortið það til að vera villandi.

### Eins og risastór Dark Souls-leikur

Grafíkin í Elden Ring er flott, sérstaklega lýsingin, en hún er ekki eitthvað sem stendur upp úr. Margir hafa líka kvartað yfir tæknilegum vandamálum eins og hökti, sérstaklega á PC, en ný uppfærsla á að hafa lagað það.

Tónlistin í Elden Ring er meira áberandi en áður og mjög vel til þess fallin að leyfa leikmönnum að finna fyrir hættunum sem leynast alls staðar. Talsetningin er skemmtilega furðuleg en yfirleitt góð og hljóðsetningin á heiminum og óvininum er glæsileg. ■

**NIDURSTAÐA:** Í mjög stuttu máli er Elden Ring eins og risastór Dark Souls-leikur. Aðdáendur FromSoftware-leikjanna geta búist við flottari, stærri og skemmtilegri upplifun en nokkru sinni fyrr. En þeir sem hafa ekki smekk fyrir þessum leikjum ættu að hafa í huga að þrátt fyrir allt umtalið er þetta erfiður og óaðgengilegur leikur þar sem þú þarft að hafa fyrir því að komast áfram. En hvert einasta skref er innilega þess virði.



Leikmenn þurfa að treysta á hjálþ frá dularfullum verum í Elden Ring.

**KFC**

# HALTU PARTÍ MEÐ KFC

BITAR, LEGGIR, LUNDIR,  
HOT WINGS, BBQ HOT WINGS,  
BUFFALO HOT WINGS & ALLT HITT



HRINGDU OG PANTAÐU PARTÍMATINN Á KFC  
**570 6700**

# Klakabunkar og kjarnorkustyrjöld

## Frétt vikunnar

Sunna Karen Sigurþórsdóttir

odduraevar@frettabladid.is

Fyrir rúmri viku var ég klár á því að klakabunkinn sem rakst í sífellu undir bilinn minn væri mitt helsta áhyggjuefni í lífinu svona úr því Covid-faraldur virtist vera að kveðja. En klakabunkinn og undirvagninn á bílnum virka svona frekar

smávægilegt vandamál í ljósi þess að líkur á kjarnorkustyrjöld hafa vaxið umtalsvert frá því undirvagninn fékk fyrst að kenna á því.

Allt í veröldinni er afstætt og fátt er afstæðara en hversdagsleikinn. Hver veit nema aftur verði farið að kenna viðbrögð við kjarnorkuógninni í skólum. Svona eins og fólk af minni kynslóð hefur gjarnan haft í flimtingum og gert hálfgerð grín að.

Ekki hjálpar til að opna fréttar og samfélagsmiðla. Þannig komst ég að

því að fyrstu myndir af átökunum í Úkraínu birtust beint af kúnni á Tik Tok. Fólk í skelfilegum aðstæðum að sýna sprengingar, vosbúð og umkomulausa hermenn á aldur við litla frænda minn, sem helst veltir því fyrir sér hvaða tattu hann á að fá sér næst.

Þrátt fyrir þessar skelfingar í veröldinni langar mig að spyrja borgina að einu. Er eitthvað hægt að taka á klakabunkunum sem skemma bíla í götunni minni? ■



Allt í veröldinni er afstætt og fátt er afstæðara en hversdagsleikinn.



Sunna Karen Sigurþórsdóttir fréttakona.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Miss Universe snýst nú um annað og meira en útlitið

Manuela Ósk Harðardóttir hefur stýrt Miss Universe Iceland um langt árabil og er byrjuð að leita að keppendum þessa árs og tekur sérstaklega fram að ekki séu gerðar sérstakar útlitskröfur.

odduraevar@frettabladid.is

„Við erum að hefja ferlið aftur núna og það er opið fyrir umsóknir út marsmánuð,“ segir Manuela Ósk, athafnakona og framkvæmdastjóri Miss Universe Iceland, og bætir við að hún geti ekki mælt nógu mikið með þátttöku í keppninni.

„Ég hvet allar sem eru forvitnar og hafa þælt í þessu að prófa,“ segir Manuela, en keppendur þurfa að vera á aldursbilinu átján til 28 ára. Þá þurfa stúlkurnar að vera barnlausar og ógiftar fyrir keppnina, sem fer fram seint í sumar.

„Ég persónulega vona að sú regla detti á endanum út líka,“ segir Manuela um skilyrðin en tekur fram að fyrir þeim sé raunveruleg ástæða. „Maður skilur þetta að vissu leyti því það er gríðarlegt álag á þeirri sem sigrar keppnina. Hún fær ekki að fara heim eftir keppni heldur fer beint til New York að vinna fyrir Miss Universe Organization og þau vilja meina að ef þú ert með litil börn eða fjölskyldu þá sé það bara erfitt.“

## Áhersla á valdeflingu

Í fyrri vakti það mikla athygli þegar keppendur í Miss Universe Iceland ræddu hugðarefni sín, allt frá heimsfaraldrinum til hernaðarbróts og viðbragða stjórnvalda við fátækt í heiminum.

„Mér finnst gríðarlega jákvætt að fólk hafi tekið eftir þessu því áherslurnar eru einmitt á þetta, að hafa skoðanir, láta raunverulega gott af sér leiða og gefa þessum stelpum stökkpall og rödd til þess að hafa áhrif,“ segir Manuela.

Hún segist vel skilja umræðuna um gildi feðurarsamkeppna í dag en segir hana að vissu leyti byggða á misskilningi og gömlum hugmyndum. „Það er svolitil fráfræði ef fólk heldur að við séum enn á sama stað. Sem betur fer erum við að gera allt aðra hluti með Miss Universe Iceland í dag og það eru engar útlitstengdar kröfur fyrir þátttöku,“ segir Manuela.

„Við leggjum áherslu á valdeflingu og ég vil meina að það sýni sig rosalega vel í því að á hverju einasta ári skrá stelpur, sem hafa keppt áður, sig aftur í keppnina. Þær koma aftur því upplifunin var góð og þær telja sig hafa fengið svo mikið út úr því að keppa.“

## Sjálfsöruggar og ánægðar

Manuela segir keppendur mæta til



Manuela Ósk Harðardóttir skipuleggur keppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ég hvet allar sem eru forvitnar og hafa þælt í þessu að prófa.



Elisa Gróa Steinþórsdóttir bar sigur úr bytum í fyrri.

leiks á mismundandi forsendum. „En þær brenna allar fyrir einhverju og við leggjum mikla áherslu á samskipti, þar sem síðari hlutinn snýst bara um að þær þurfa að svara spurningum og tala um málefni sem skipta þær máli,“ segir Manuela.

„Þannig að þótt keppnin sé uppbyggð eins og feðurarsamkeppnir í gamla daga þá er það ótrúlega valdeflandi í dag að vera kona sem líður það vel í eigin skinni og er það sjálfsörugg að hún geti komið fram,“ segir Manuela. „Jafnvel á sundfötum sem hefur mikið verið gagnrýnt. En það er valdeflandi og ótrúlega jákvætt að vera ung kona í dag og vera það sjálfsörugg að þú getir komið fram og verið ánægð með þig.“ ■

**DORMA**  
**FERMING**

**20% AFSLÁTTUR**

Sealy **PORTLAND** heilsurúm með classic botni

**Gæði á góðu verði.**  
Portland dýnan frá Sealy er vönduð og góð heilsudýna. Millistíf dýna með svæðaskiptum pokagormum sem gefa fullkominn stuðning út frá þyngd líkamans. Dýnan er byggð upp af náttúrulegu Talalay latex í bland mismunandi tegundir af svampi og trefjum. Talalay latex gefur dýnunni meira loftflæði og heldur þannig hitastigi hennar alltaf réttu. Áklæðið utan um dýnuna andar einstaklega vel og gefur henni auka mýkt og þægindi.

Tilboð á: 120/140 x 200 cm.

Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum  
Fullt verð: 160.900 kr. **Tilboð: 128.720 kr.**

**20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM RÚMFÖTUM**

**20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SÆNGUM OG KODDUM**

www.DORMA.is  
Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn ræstast

ALLT AÐ  
70%  
AFSLÁTTUR

# LAGERSALA

3. - 6. MARS



-43%

**KLAKI** ~~29.990 KR~~  
KRAKKA ÚLPA 16.990 KR



-60%

**BUNGA** ~~19.990 KR~~  
KRAKKA PEYSA 7.990 KR



-40%

**ÍSA** ~~19.990 KR~~  
KRAKKA BUXUR 11.990 KR



-50%

**DRANGI** ~~89.990 KR~~  
DÚNÚLPA UNISEX 44.990 KR



-51%

**BAULA** ~~34.990 KR~~  
DÖMU JAKKI 16.990 KR



-67%

**BUNGA** ~~29.990 KR~~  
UNISEX JAKKI 9.990 KR



-43%

**FÖNN** ~~34.990 KR~~  
BUXUR 19.990 KR



-53%

**GRUND** ~~74.990 KR~~  
UNISEX ÚLPA 34.990 KR

#### OPNUNARTÍMAR

VIRKIR DAGAR  
12:00 - 18:00

LAUGARDAGUR  
12:00 - 17:00

SUNNUDAGUR  
13:00 - 17:00

**ZO·ON**  
ICELAND

STAÐSETNING  
URÐARHVARF 4  
203 KÓPAVOGUR  
www.zo-on.is

SÍMI  
412 5865

**25%**  
afsláttur  
af öllum  
flísum

# Flísadagur

3. - 16. mars 2022



**Terrazzo** - gólf- og veggflísar 30x60cm, gráar, ljósar eða dökkgráar  
5.394 kr./m<sup>2</sup> | Almenn verð: 7.194 kr./m<sup>2</sup> vnr. 17907000/5/10



**Gólf- og veggflísar** 30x60cm, sægrænar með málmáferð  
6.217 kr./m<sup>2</sup> - 8.289 kr./m<sup>2</sup> vnr. 18076012



**Veggflísar** 7,5x30cm, sægrænar  
6.489 kr./m<sup>2</sup> - 8.667 kr./m<sup>2</sup> - vnr. 18076014

## Hvernig vel ég lit og stærð á flísum?

### Lífgaðu upp á rýmið með flísum.

Þegar kemur að flísum bjóðum við upp á úrval gólf- og veggflísa í mörgum mismunandi litum, auk þess getum við sérpantað allt það sem þig lystir - möguleikarnir eru endalausir!

Flísar á eldhúsveggi setja skemmtilegan stíl á eldhúsið og einnig verja þær veggi fyrir raka og öðru sem gæti slest á þá við eldamenskuna.


**Hvaða stærð skal velja** fer eftir smekk hvers og eins en minni flísar hafa alltaf verið vinsælar á eldhúsveggi. Sexhyrndar flísar gefa rýminu skemmtilegan karakter og gera mikið fyrir látlaus eldhús. Subway flísar hafa verið mjög vinsælar undanfarin ár og hægt er að leika sér með uppröðun þeirra að vild. Fáðu mismunandi prufur af flísum með þér heim – það er alltaf best að skoða þær í rýminu sem þú vilt flísaleggja.





**NÝTT**

**Mosaik**  
fiskbeina 27,7x28,3 cm, hvít  
**4.478** kr./m<sup>2</sup>  
Almennt verð: ~~5.970~~ kr./m<sup>2</sup>  
vnr. 18089553



**NÝTT**

**Mosaik**  
Piano veggflísar 29,6x29,9 cm,  
**4.526** kr./m<sup>2</sup>  
Almennt verð: ~~6.034~~ kr./m<sup>2</sup>  
vnr. 18089551



**Gólf- og veggflísar** 30x60cm, gráar með háglans  
**4.717** kr./m<sup>2</sup> | 6.289 kr./m<sup>2</sup> - vnr. 18076008



**Terrazzo - gólf- og veggflísar** 60x60cm, gráar, ljósar eða dökkgráar  
**5.617** kr./m<sup>2</sup> | Almennt verð: 7.489 kr./m<sup>2</sup> | vnr. 17907001-3

Hvað þarf ég til að flísaleggja?




**Fugubretti**  
Rubi Fugubretti Medium  
**4.295**  
18600107

**Plastkrossar**

notaðir á milli flísa út til endanna svo að jafnt bil verði á milli. 200 stk. ýmsar þykkt.

Verð frá:

**995**  
18600040



**SCHOMBURG**

**Schomburg Soloflex lím**

Vatnsþétt og frostþolið flísalím í háum gæðaflokki. Bindur strax vel og notað bæði til flísalagna á vegg og gólf úti sem inni. 25 kg.

**5.095**

18572054



**Schomburg flisafuga**

Sérlega vel fallin til fúgunar á viðkvæmum náttúrusteinum sem hættir til að draga í sig lit fúgunarefnisins, t.d. Kalkstein, ýmsar gerðir marmara, granít og þess háttar. Hröð kristöllum með vatni kemur í veg fyrir litamun við flísafrúnir. 5kg, grá

**2.995**

18600040



**Gólf- og veggflísar** 30x60cm, gráar með stáláferð  
**6.217** kr./m<sup>2</sup> | Almennt verð: 8.289 kr./m<sup>2</sup> - vnr. 18076011

**BYKO**  
LEIGA



**Kaupa eða leigja?**

Flísaög lítil Nákvæm, hreinleg og meðfærileg. Hentar mjög vel í smærri verk sem taka fljótt af.

4klst. **2.720** kr. | 24klst. **3.400** kr.



**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Verlaðu á netinu [byko.is](http://byko.is)





## Bakþankar



Arnars Tómasar  
Valgeirssonar

## Snúðar

Sem fyrrverandi barn og nemandi í þar til gerðum barnaskóla heimsótti ég æskuslóðirnar fyrir nokkrum árum. Það var átakanlegt að heimsækja gömlu heimastofuna, sem var í minningunni jafn íburðarmikil og rómverska öldungaráðið, en minnti nú frekar á meðalstóra kompu. Ég átti bágð með að skilja hvernig hún hafði rúmað þrjátíu börn með tilheyrandi kassatöskur.

Það er tilgangslaust að efast um stærðfræðina að baki því hvað hlutirnir minnka eftir því sem maður stækkar, en það getur samt verið erfitt að horfast í augu við hvað hlutirnir verða tilkomulitlir. Foreldrar, kennarar og annað fullorðið fólk sem tróndi yfir manni er allt í einu komið í augnhæð. Stór tún verða að litlum grasbölum. Stiginn upp rennibrautina í Laugardalslauginni, þessi Babelsturn sem bauð himninum sjálfum birginn, er auðklifinn. Heimurinn minnkar og undrun manns með.

Einn hlutur úr æskunni heldur þó enn velli og virkar enn þá jafntröllvaxinn og áður – íslenski snúðurinn. Ég skil engan veginn hvernig ég gat sem grunnskólabarn torgað þessu ferliki og samt átt pláss fyrir fisk í raspi klukkutíma síðar. Þessi glassúrkrýndi konungur bakkelsisins stangast á við frumspekileg hugtök eins og rúm og tíma.

Ég hef borðað minna af íslenska snúðnum með tilkomu spjátrungsbakaríanna sem hafa sprottið upp út um allt. Ég er greinilega of finn fyrir að hella bráðinni sykurleðju yfir gerhnullung og vil frekar vera svaka heimsborgari og borða fínt kruðirí. Ég vona samt að íslenski snúðurinn sé ekki á neinni útleið, því þegar hann verður bakaður í síðasta skipti mun heimurinn minnka enn frekar. ■

# Lokahelgin! VETRARFJÖR

Við stefnum að Íslandsmeti í lengsta málverkinu í listasmiðjunni frá 12-16 um helgina.

Íspinnar í boði á veitingastaðnum fyrir alla krakka!

Pönnukökuvagn á veitingastaðnum frá 12-16 í dag og á morgun. Dýrapönnukökur eftir pöntun á aðeins 245,-

Leikur! Nokkur dýr hafa villst úr barnadeildinni og fela sig á efri hæð verslunarinnar.



**10kr.**  
**AFSLATTUR**  
 MED ORKULYKLI

Ver slun opin 11-20 alla daga - IKEA.is

